



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Stjórn málafræðideild

MA-ritgerð í kynjafræði

**Vaðmál og netsokkar**  
*Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi*

Guðný Gústafsdóttir

Júní 2009

Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir

Nemandi: Guðný Gústafsdóttir

Kennitala: 140562-4409

## Ágrip

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum. Samfélagslegar breytingar og aukin þátttaka í hnattvæðingunni setur svip sinn á samfélagið. Hnattvæðingin felur í sér gagnkvæm áhrif mismunandi hagkerfa og menningarheima og sveigjanlegri landamæri. Í samfélagslegu umróti verður hagræn og menningarleg merking fljótandi en í uppstokkuninni á sér jafnframt stað endurnýjun á gildum og viðmiðum hvernar menningar. Ímynd og kyngervi kvenna er miðlæg í sköpun þjóða. Samkvæmt Joan Wallace Scott er „kyngervi“ (*e. gender*) birtingamynd samfélagslegrar túlkunar á kyni og einnig sú grundvallarbreyta sem tákngerir kynjuð valdatengsl. Kyngervið mótar sjálfsmynd okkar sem aftur hefur áhrif á samfélagið sem við búum í. Greiningartækið kyngervi er miðlægt í þessari ritgerð en einnig verður nýjasta greiningartæki femínískra kenninga, samtvinnun, beitt í verkefninu. Í samtvinnun er gengið út frá þeirri grundvallarforsendu að manneskjan sé mótuð af mismunandi breytum sem aftur ákvarða stöðu hennar í samfélaginu. Ritgerðin er jafnframt byggð á eigindlegri rannsókn og heimildum. Í henni verða þrjú mismunandi kyngervi kvenna á Íslandi greind: kyngervi íslenskra kvenna, kyngervi múslimakvenna og kyngervi kvenna frá fyrrum sósíalísku löndum Austur-Evrópu. Saga og þróun kyngervanna verður rakin til menningarbundins uppruna þeirra til Íslands í dag og þannig verður varpað ljósi á kynjaðar víddir hnattvæðingarinnar. Sýnt verður fram á að þó að kyngervin sem fjallað er um virðist ólík eiga kyngervin sjálf og þættir sem skapa þau sér hliðstæðu í íslenskri menningu. Kyngervin sem eru til umræðu í ritgerðinni eru gjarnan réttlæt með tilvísun í val kvennanna sem þau bera. Í verkefninu er gengið út frá því að fólk og samfélög séu félagsleg sköpun. Val kvenna í sköpun eigin kyngervis verður skoðað í þessu ljósi og leitt að því líkum að valfrelsi kvenna grundvallist á öðrum félagslegum þáttum sem hafa áhrif á mótun kyngervis þeirra og samfélagslega stöðu. Þannig sé kyngervi kvenna byggt á þeim kynjuðu valdatengslum sem liggja til grundvallar í hverju samfélagi.

## **Abstract**

Iceland stands at the crossroad of change and globalization. Globalization entails jointer of economic systems, merger of cultures and broadening of borders. Within the process of radical social change and political turbulence, the intertwined field of economic and cultural meaning is flux. At the very heart of every culture lies the shaping of women's images and gender identities which further determine their status within society.

According to Joan Wallace Scott „gender“ is a constitutive element of social relationship based on the biological difference between the sexes and „gender“ is the primary symbol of power relation. Gender shapes our subjective and objective identity that again shapes and reflects our society. The primary analytical tool of this thesis is gender. Furthermore the theory of intersectionality will be applied for more detailed definitions of aspects that both construct gender and affect women's position in the society. The thesis is built on qualitative research and historical data. It explores three different images of Iceland's women: historical image of Icelandic women, Muslim women and women from the former socialist countries. It traces the development of women's positions from several origins in historical context to the present and unveils cross-cultural similarities between the gendered identities analyzed. It reveals how global history is enacted on the field of gender. Arguing that each culture and the people belonging to it are the product of social construction it explores if and how aspects of gender are determined by choice. The gender identities examined in the thesis appear unlike. Each identity is frequently rationalized with free choice of the woman involved. The thesis argues that the common claim for freedom of choice depends on the denial of other elements of weight in the shaping of gender and thus social emplacement of women. This thesis argues that women's choice in the shaping of their own gender identity relies on the gendered power relation of each cultural framework.

*Vaðmál og netsokkar: Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi*

### **Formáli**

Verkefnið er 60 eininga meistararitgerð í kynjafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var dr. Þorgerður Einarsdóttir dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Efnisyfirlit

Ágrip .....	1
Abstract .....	2
Formáli .....	3
I. Inngangur .....	5
II. Aðferð, þekkingarfræði og bakgrunnur rannsókna .....	9
Aðferðafræði .....	9
Aðferð .....	9
Þekkingarfræði .....	11
Bakgrunnur rannsóknarinnar .....	13
III. Fræðileg sjónarhorn .....	14
III.1. Jafnrétti og mannréttindi frá femínísku sjónarhorni .....	14
III.2. Samtvinnun mismunarbreyta .....	20
Innra svið: Af mótun manneskju .....	20
Ytra svið: Félagslegir valdaásar .....	22
Samtvinnun sem greiningartæki .....	24
Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda .....	27
III.3. Hnattvæðing kyngervis .....	30
Kyngervi .....	30
Frá nýlendustefnu til iðnvæðingar: Fóstrur og frillur .....	34
Nýkapítalisminn: Markaðssetning kvenleikans .....	37
Kyngervi, vald og þekking .....	39
IV. Kyngervi kvenna á Íslandi .....	41
IV. 1. Af stakkaskiptum íslenskra kyngerva .....	43
Kvenlegur hreinleiki íslenskrar þjóðar .....	43
„Ástandið“: Íslenskar konur og útlenskir karlar .....	47
Úr vaðmáli í netsokka .....	49
IV.2. Berskjöldun .....	53
Konur ríkissósíalísmans .....	53
Vendingin .....	58
Val nútímakonunnar .....	60
Í frjálsu flæði frá austri til vesturs .....	61
„Ég er ekki tík. Ég er gæði“ .....	63
IV.3. Blæjan .....	72
Konur Íslam .....	72
Af menningu múslima .....	74
Vestræn viðhorf til Íslam .....	78
Af femínískri gagnrýni um málefni múslimakvenna .....	80
„Að bera blæju er leið til að elska guð“ .....	82
IV. 4. Samantekt .....	92
V. Niðurstöður og umræða .....	97
VI. Heimildaskrá .....	101

## **I. Inngangur**

Staða Íslands í alþjóðasamfélaginu hefur á undanförunum áratugum tekið stakkaskiptum. Þó Ísland hafi fram til þessa ekki verið ósnortið af hnattvæðingunni eru þær miklu breytingar sem mótað hafa hagkerfi landsins og um leið íbúa þess ótvíræð vísbending um aukna þátttöku í hnattvæðingunni. Hnattvæðingin felur í sér aðlögun mismunandi hagkerfa og menningarheima. Hún felur í sér útvíkkun landamæra og aukna hreyfingu á fólki. Fjölmenningsarsamfélögin einkennast af sambúð fólks af ólíkum uppruna, frá mismunandi þjóðum. Viðteknar hugmyndir um Íslendinga sem „þjóð“ hefur verið spyrnt tungumálinu, menningararfleifð og einsleitni þjóðernisuppruna. Umfjöllunin um íslensku þjóðina hefur löngum borið merki um karllæga slagsíðu og konur hafa verið jaðarsettar (Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Íris Ellenberger, 2007). Konur og ímyndir kvenna gegna þó mikilvægu hlutverki fyrir hverja þjóð (Yuval-Davis, 1997/2007). Í þessari ritgerð verður leitast við að varpa nýju ljósi á íslensku þjóðina með því að fjalla um ímyndir og hlutverk kvenna af ólíkum uppruna á Íslandi í dag og hvað það þýðir að vera kona í íslensku fjölmenningsarsamfélagi. Dregin verður upp mynd af nokkrum kyngervum kvenna á Íslandi í dag: kyngervi íslenskra kvenna, kyngervi múslimakvenna og kyngervi kvenna frá fyrrum sósíalísku ríkjum Austur Evrópu.

Fjölmenningsarsamfélög bæði vestanhafs og austan hafa lengi verið rannsökuð. Rannsóknir á málefnum innflytjenda eru margþættar og snerta öll svið mannlegs samfélags. Samfélög múslima á Vesturlöndum og staða kvenna innan þeirra eru meðal þeirra mála sem mikið hefur verið deilt um. Umræðan hefur tekið á sig margar myndir og niðurstöðurnar stundum verið mótsagnakenndar. Þannig hafa sömu samfélög lagt bann við blæjunotkun á opinberum vettvangi (Okin, 1999; Bowen, 2007; Scott, 2007) og á sama tíma litið fram hjá fjölkvæni og umskurði á börnum svo eitthvað sé nefnt (Okin, 1999; Ali, 2007/2008). Á svipaðan hátt hafa málefni ólíks samfélagshóps, kvenna í vændistengdum störfum, hlotið misvísandi niðurstöður í umræðunni. Þó kaup og sala á konum sé fordæmd í alþjóðasamfélaginu (Mannréttindaskrifstofa Íslands, á.á.)<sup>1</sup> nýtur vændi og önnur vændistengd starfsemi verndar í nafni einstaklingsfrelsis (Doezema,

---

<sup>1</sup> Í Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1979 (tók gildi 18. júlí 1985 á Íslandi) I. hluta 6. grein segir: „Aðildaríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ.á.m. með lagasetningu, til að hamlar gegn hvers konar verslun með konur og gróðrastarfsemi tengdri vændi kvenna“

2005). Með öðrum orðum: Í mörgum vestrænum fjölmenningsarsamfélögum hafa konur frelsi til að selja líkama sinn en er bannað að bera blæjur.

Rannsóknir og fræðileg skrif um innflytjendur á Íslandi hafa verið í vexti á undanförunum árum. Bókin „Fjölmennning á Íslandi“ sem kom út árið 2007 gerir ágæta grein fyrir stöðu rannsókna á þessu sviði með fjölmörgum greinum og kafla sem fjallar sérstaklega um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið. Í kaflanum kemur fram að staða kvenna af erlendum uppruna hefur verið skoðuð sérstaklega í nokkrum verkefnum svo sem staða kvenna af asískum og spænskum uppruna. Í bókinni er jafnframt kafli eftir Tönju Tzoneva og Rannveigu Traustadóttur sem rannsökuðu samskipti og samstarf kvenna af ólíkum uppruna á fjölmenningslegum vinnustað (Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007). Að auki hefur Unnur Dís Skaptadóttir prófessor í mannfræði skrifað fjölda rita um málefni innflytjanda á Íslandi. Hólfríður Anna Baldursdóttir skrifaði meistararitgerð sína um nektardansmeyjar á Íslandi „Nektardans: Konurnar á bak við nektardansinn“ sem kom út árið 2004 en þær konur sem hér starfa sem nektardansmeyjar eru að stórum hluta af erlendum uppruna. Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skrifaði lokaritgerð sína í uppeldis- og menntunarfræði um asískar konur á Íslandi árið 2000, Heiður Hrund Jónsdóttir skrifaði um viðhorf innflytjenda á Austurlandi og Vestfjörðum árið 2004 og lokaverkefni Sóleyjar Grétu Sveinsdóttur sem kom út árið 2006 fjallaði um asískar konur á Íslandi. Að lokum má nefna óútgefna doktorsritgerð Önnu Wojtynska um pólska innflytjendur.

Með þessu verkefni er ætlunin að bæta við rannsóknir á fjölpjódasamfélagi samtímans og auka umræðuna um ólík „kyngervi“ og samfélagsleg hlutverk kvenna á Íslandi. Hugtakið og greiningartækið „kyngervi“ (*e. gender*) verður miðlægt í greiningunni. Kyngervi er birtingamynd menningarbundinnar túlkunar á kyni og liggur til grundvallar í sköpun þjóða. Kyngervið segir jafnframt til um stöðu kvenna í samfélaginu og endurspeglar þannig þau kynjuðu valdatengsl sem samfélagið byggir á (Scott, 1996; Yuval-Davis, 1997/2007; Yuval-Davis & Werbner, 1999; New, 2004; Smith, 2005). Til frekari skilgreininga verður nýjasta greiningartæki kynjafræðinnar beitt sem jafnframt er ítarleg útfærsla á mótunarhyggjunni; „samtvinnun“ (*e. intersectionality*). Í samtvinnun er gengið út frá því að hver manneskja sé mismunandi staðsett á hinum samfélagslegu valdaásam sem skilyrði félagslegan gerendamátt hennar. Kenningar samtvinnunar greina



hvernig kyngervi og staða manneskju mótast af samtvinnun mismunarbreyta sem hafa áhrif á möguleika hennar á félagslegri þátttöku og valdi (Hill-Collins, 1990/2000; Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006). Í verkefninu er gengið út frá þeirri grundvallarhugsun mótunarhyggjunnar að menningin og manneskjan séu félagslegar afurðir.<sup>2</sup> Í rannsókninni var femínískri nálgun eigindlegra rannsóknaraðferða beitt sem talin var henta viðfangsefninu best. Eigindlegar rannsóknaraðferðir og mótunarhyggjan mynda samstæða heild og veita auk þess fræðilegt svigrúm til sköpunar.

Skoðað verður hvernig kyngervi kvenna verður til í menningarlegri mótun og að hve miklu leyti konur, sem hluti af menningunni, taka þátt í mótuninni. Áhrif efnahagslegra, trúarlegra og pólitískra þátta í sköpun kyngerva verða greind og dregið verður fram á hvaða máta kyngervið endurspeglar samfélagslega stöðu kvenna. Pólitísk og trúarleg hugtök líkt og „Íslam“, „kapítalismi“, og „sósíalismi“ verða ekki skýrð í stjórnálfræðilegum, hagfræðilegum eða trúarbragðafræðilegum skilningi. Hugtökin verða notuð í almennum skilningi með það að meginmarkmiði að greina þau kynjuðu valdatengsl og það ferli sem liggur til grundvallar hugtökunum og kyngervi mótast í. Ferli mótunar kyngervis og félagslegrar stöðu manneskju er flókið og margþætt samspil mismunandi þátta. Í því skyni að skýra ferlið verður gripið niður í tímabil sögulegra sviptinga. Þannig verður kyngervi íslenskra kvenna greint með hliðsjón af tímabilum samfélagslegs umróts á Íslandi á tímum sjálfstæðisbaráttu, „ástands-“ og eftirstríðsárnum. Kyngervi kvenna frá fyrrum sósíalísku ríkjunum verður tengt pólitískum og efnahagslegum umbyltingum; frá ríki til markaðar og loks verður kyngervi múslimakvenna skoðað í sögulegu samhengi nýlendutímans og dagsins í dag.

Þátttökuathuganir voru gerðar í tengslum við greiningu kyngerva múslimakvenna og kvenna frá fyrrum sósíalísku ríkjunum. Auk tiltekinna greiningartækja sem lögð eru til grundvallar verkefninu var stuðst við valdar heimildir. Frumheimildir voru notaðar eftir því sem kostur gafst en annars voru annars stigs heimildir notaðar. Við greiningu kyngerva íslenskra kvenna var valið að nota eingöngu heimildir þar sem sá þáttur tekur á sögulegri þróun og forsendum fyrir nútíma birtingamynd kyngervis kvenna á Íslandi. Kyngervin sem hér verða greind voru valin með hliðsjón af þeim tilvísunum sem þau

---

<sup>2</sup> Í verkefninu verður orðið „manneskja“ notað umfram orðið „einstaklingur“, þar sem orðið „einstaklingur“ hefur verið hlaðið karllægum gildum í menningunni.

bera í sér sem eru trúarlegir, pólitískir og efnahagslegir þættir samfélagsins. Litið verður til þeirrar boðunar sem hugtökin fela í sér og samfélagslegra mismunarbreyta sem skipta sköpum í mótun kyngervis og endurspegla um leið þau kynjuðu valdatengsl sem liggja til grundvallar hverri þjóð. Þegar kynjuð valdatengsl eru greind er nauðsynlegt líta til beggja kynja. Félagsleg staða hins íslenska karls er sú kjörstaða sem miðað er við. Þess vegna verður einnig gerð lauslega grein fyrir kyngervi íslenskra karla sem í samfélaginu er sú viðmiðunarstærð sem gengið er út frá í skilgreiningu á félagslegri stöðu.

Þegar ferli kyngervamótunar er greint með þessum hætt koma í ljós margir fletir. Hér verður leitast við að skýra nokkra þeirra en þar sem um viðamikið efni er að ræða verða valdir helstu þættir í samræmi við þær áherslur sem ég legg og rökstyð með greiningartækjum kynjafræðinnar. Sýnt verður fram á að mótun kyngerva er félagsleg, líkt og allir þættir mannlegra samfélaga. Sveigjanleiki í mótuninni sjálfri líkt og val er því háð öðrum félagsþáttum sem skapa ferlið. Samþykkt kyngervis fer fram í félagslegu umhverfi og þannig eru sambærileg kyngervi ýmist viðurkennd eða fordæmd eftir sögulegum og menningarlegum aðstæðum. Sýnt verður fram á að val kvenna við mótun á eigin kyngervi takmarkast af því félagslega samhengi sem þær lifa í. Í verkefninu verður leitast við að skýra ferlið sem liggur að baki mótunar kyngerva. Kyngervi endurspegla félagslega stöðu manneskju og jafnframt það (ó)jafnrétti sem hún býr við. Ekki er til nein ein einföld lausn sem getur af sér jafnrétti. Til þess að hægt sé að leggja drög að breytingum í átt að jafnrétti er ítarleg greining á félagslegum forsendum nauðsynleg. Markmið mitt með greiningu á kyngervi kvenna á Íslandi í dag er að varpa ljósi á mismunandi kvenleg kyngervi sem eru hluti samfélagsins en á sama tíma jaðarsett. Aukin þekking á því samfélagi sem við búum í felur í sér tækifæri til þess að vinna gegn fordómum og mismunun. Fræðsla um það fjölmeningarsamfélag sem Ísland er orðið leiðir til mótunar á betra samfélagi. Til grundvallar þessu verkefni liggur femínísk skilgreining á jafnrétti sem byggist á virðingu fyrir mannréttindum og jöfnum tækifærum allra í samfélaginu. En fyrst verður vikið að aðferð og þekkingarfræðilegum bakgrunni þessarar rannsóknar.

## **II. Aðferð, þekkingarfræði og bakgrunnur rannsókna**

### *Aðferðafræði*

Ritgerð þessi byggðist annars vegar á heimildum og hins vegar á eigindlegri rannsókn. Í rannsókn minni studdist ég við femíníska nálgun eigindlegra rannsóknaraðferða (*e. Qualitative research methods*). Samkvæmt Taylor og Bogdan (1997/1998) byggja eigindlegar rannsóknaraðferðir á svokallaðri fyrirbærafræði (*e. phenomenology*). Samkvæmt henni er hinn félagslegi veruleiki menningarlega mótaður og háður tíma og samhengi. Upplifun manneskju er bundin félagslegu umhverfi og skilgreiningum. Sú merking sem fólk setur í upplifanir sínar er hluti af félagslegu ferli og túlkun. Hinn félagslegi veruleiki er þannig menningarleg afurð sem verður til í samskiptum fólks. Þessi hugmyndafræði byggir á þeirri grundvallarafstöðu að ekki sé hægt að alhæfa um heildina, hvorki út frá rannsakanda né viðmælendum rannsókna. Þá er gengið út frá því að með eigindlegum rannsóknaraðferðum sé kleift að öðlast dýpri skilning á lífi og aðstæðum þeirra einstaklinga sem rannsóknin nær til. Byggt er á þeirri forsendu að í raun sé ekki til neinn einn „stóri sannleikur“ sem hægt er að heimfæra uppá alla, líkt og pósitívisminn gekk út frá, heldur sé hver manneskja, aðstæður hennar, viðhorf og gildi einstök og jöfn. Í eigindlegum rannsóknum er leitast er við að skilja og túlka félagsleg ferli út frá þeirri merkingu sem þátttakendur leggja í þau og út frá athugunum rannsakanda. Rannsakandi er hluti rannsókna og gerir hann grein fyrir sér og gildismati sínu sem slíkur. Persónuleg skilgreining rannsakanda á sjálfum sér, hlutverki sínu og nálgun, er órjúfanlegur þáttur rannsókna (Taylor & Bogdan, 1997/1998).

### *Aðferð*

Rannsóknin sem liggur til grundvallar þessu verkefni hófst haustið 2007 og lauk ári síðar eða í lok árs 2008. Eftir að hafa tilkynnt verkefnið til persónunefndar hóf ég rannsóknina. Ætlunin var frá upphafi að greina kyngervi þriggja hópa kvenna á Íslandi en ekki kryfja menningu þeirra eða stöðu til hlítar. Kyngervi þeirra kvenna sem voru skoðuð voru valin eftir uppruna og menningu þeirra kvenna sem talað var við og út frá mismunandi samfélagslegum þáttum sem móta kyngervin. Greind voru kyngervi múslimakvenna,

kvenna frá Austur-Evrópu og kyngervi íslenskra kvenna. Kyngervi múslimakvenna vísar í trú múslima sem sameinar fólk þvert á landamæri og er táknrænt fyrir stöðu múslimakvenna. Þeir samfélagslegu þættir sem haft hafa hvað mest áhrif á kyngervi kvenna frá fyrrum sósíalísku ríkjum Austur-Evrópu einkennast af samfélagslegum umbreytingum frá ríki til markaðar. Eftir hrun sósíalismsans tók markaðsvæðingin völdin og stýrði innri og ytri formgerð samfélaganna. Kyngervi nektardansmeyja frá Austur-Evrópu var því valið sem táknræn tilvísun í markaðssetningu á konum. Íslenskar konur eru hluti fjölpjódasamfélagsins á Íslandi. Saga og þróun á kyngervi íslenskra kvenna var greind út frá ólíkum tímabilum sögunar og byggist á heimildum. Kyngervi þeirra kvenna af erlendum uppruna sem eru ný í íslensku menningarsamhengi voru rannsökuð bæði með aðstoð heimilda og þátttökuathugana sem taldar voru þjóna verkefninu best.

Þátttökuathuganir felast í því að skoða það sem verið er að rannsaka í sínu eðlilega umhverfi. Rannsakandi leitast við að falla sem best inn í umhverfið og hafa sem minnst áhrif á aðstæður og eðlilega atburðarrás. Í rannsókninni voru gerðar ellefu þátttökuathuganir. Sex þátttökuathuganir voru gerðar á nektardansstöðum og fimm á fundum múslimakvenna. Þá voru fjögur opin viðtöl tekin Viðtölin fóru fram í eðlilegu umhverfi viðmælenda minna. Tvö voru tekin á nektardansstað við konur af erlendum uppruna á milli tvítugs og þrítugs og tvö á heimili viðmælenda, við konur af erlendum uppruna á milli tvítugs og fertugs. Báðir hóparnir eru umdeildir og teljast því til viðkvæmra hópa samfélagsins. Til þess að tryggja öryggi allra viðmælenda minna sem best og gæta jafnræðis meðal þeirra, verður ekki greint frá nöfnum þeirra og persónuleg sérkenni ekki tengd við manneskjurnar sjálfar.

Eitt helsta einkenni opinna viðtala er sveigjanleiki þeirra og möguleiki á breytingum í samræmi við þróun rannsóknarinnar á rannsóknarferlinu. Lauslega mótaður viðtalsrammi var lagður til grundvallar en hann breyttist á rannsóknartímanum í samræmi við þær áherslur sem þátttakendur í rannsókninni lögðu. Spurningaramminn sem hafður var að leiðarsljósi í byrjun var einfaldur:

1. Hvaðan kemur þú?
2. Af hverju stundar þú nektardans / notar þú blæju?
3. Hvernig hefur starf þitt / blæjan áhrif á líf þitt?

4. Hvernig eru samskipti þín við fólk?
5. Verður þú vör við fordóma í þinn garð?
6. Hvernig líður þér á Íslandi sem nektardansmey / múslimakona með blæju?

Þátttökuathuganir og viðtöl voru skráð strax að þeim loknum þar sem viðmælendur mínir óskuðu eftir óformlegum viðtölum án hljóðritunar. Þar sem viðtölin voru ekki hljóðrituð er ekki alltaf um orðréttar tilvitnanir að ræða heldur studdist ég í skráningum við minni mitt og gerði innihaldi viðtalanna skil eftir bestu getu. Eftir að öflun gagna og skráningu var lokið hófst úrvinnsla og greining. Gögnin voru lesin yfir nokkrum sinnum og nokkur meginþemu dregin fram, flokkuð og greind (Taylor & Bogdan, 1997/1998) í samræmi við þau kynjafræðilegu greiningartæki sem lögð voru til grundvallar og gerð verður grein fyrir í köflum III.2 og III.3 Í beinum tilvitnunum vitna ég beint í skráð gögn, læt gögnin „tala“ með það að markmiði að lágmarka mína persónulegu túlkun.

Mín persónulega reynsla, skoðanir og túlkun er þó óhjákvæmilega hluti verkefnisins. Einn kafli ritgerðarinnar, sem fjallar um íslenskar konur, er ekki byggður á þátttökuathugunum eins og áður kom fram heldur lagði ég fræðilegar heimildir til grundvallar þeim hluta greiningarinnar. Heimildirnar eru valdar og túlkaðar af mér og greiningin í heild sinni jafnframt sett í valið samhengi. Sjónarmið mitt sem femínisti er sá grunnur sem ég byggi ritgerðina á. Í femínískri þekkingarfræði er gengið út frá því sem gefnu að rannsakandi og rannsókn hans eða hennar myndi einingu.

### *Þekkingarfræði*

Eingindlegar rannsóknaraðferðir og femínísk þekkingarfræði flétta saman ákveðna heild. Hefðbundnar rannsóknir ganga út frá fræðilegu ferli sem felur í sér þá skoðun að þekking sé utanaðkomandi, standi fyrir ofan fólk og hægt sé að rannsaka fólk sem viðföng. Í túlkun rannsóknar hverfur rannsakandinn, verður ósýnilegur og handan þess raunveruleika sem hann nær samt að fanga, túlka og koma fræðilega til skila. Fjarvera rannsakanda endurspeglast í textanum og skilar sér í fræðilegri veruleikafirringu þar sem afráðið hlutleysi verður að ákveðinni aðferðafræði (Smith, 2005). Í femínískum skrifum og rannsóknum er lögð áhersla á að höfundur og rannsakandi gerir grein fyrir sjálfum sér

enda viðurkennt að þekking og miðlun hennar geti aldrei verið hlutlaus heldur endurspegli alltaf sjónarmið þess sem miðlar henni. Þekking er ekki óstaðbundin og óháð heldur félagslega staðsett. Hún er félagslega formuð (*e. organized*), ber í sér og miðlar félagslegum valdatengslum (Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 1997/2007; Smith, 2005).

Áherslan á lærða vísindalega þekkingu veikir önnur form þekkingar. Femínistar hafa frá upphafi véfengt hefðbundnar skilgreiningar fræðanna og lagt áherslu á þá þekkingu sem verður til í reynslu manneskju (Hill-Collins, 1990/2000; Smith, 2005). Femínísk fræði eiga rætur í kvennabaráttunni þar sem sameiginleg reynsla kvenna var sett í orð sem síðan urðu að þeim hugtökum sem mótuðu baráttumál kvenna og femínísk fræði (Þorgerður Einarsdóttir, 2004; Smith, 2005). Femínísk fræði og barátta hafa þannig frá upphafi kallast á með það að markmiði að greina og gagnrýna samfélagslegt óréttlæti (Hill-Collins, 1990/2000; Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Í kenningum sínum hefur félagsfræðingurinn Dorothy Smith (2005) lagt áherslu á að rannsóknir byggist á gagnvirku og dýnamísku ferli. Í ferlinu mætast reynsla, upplifanir og umhverfi rannsakanda og þeirra sem taka þátt í rannsókninni. Rannsóknir byrja oft á að kanna persónulega reynslu manneskju eða hóps en miðast að því að skoða manneskjuna í félagslegu samhengi og greina þau valdatengsl sem liggja til grundvallar félagslegum athöfnum. Markmiðið er að kanna hvernig athafnir fólks í daglegu lífi eru hluti af stærra tengslamengi, sem ekki er sýnilegt, og hvernig fólk tekur þátt í að viðhalda og endurskapa þessi félagstengsl. Smith leggur áherslu á notkun kenninga og hugtaka en ítrekar mikilvægi þess að tengja hugtakaveruleikann hinum félagslega veruleika. Með því að gefa rannsókninni svigrúm til sveigjanleika getur rannsakandi og þátttakendur tekið þátt í mótun hennar og jafnframt nýtt sér það rými sem myndast til breytinga, bæði í og eftir rannsókn, í anda mótunarhyggju (Smith, 2005).

Simone de Beauvoir (1949) lagði grunn að femínískri mótunarhyggju með bókinni „Hitt Kynið“ (*fr. Le deuxième sexe; e. The Second Sex*) sem kom út árið 1949. Útgangspunktur bókarinnar var spurningin „hvað er kona?“ Niðurstaðan varð sú að konan sé menningarleg sköpun eða að „maður fæðist ekki kona heldur verður kona“. Með bókinni hafnaði Beauvoir ríkjandi hugmyndum um náttúrulegt eðli kynjanna og markaði nýtt upphaf femínískra fræða. Allar götur síðan hefur spurningin

um það hvað það þýðir að vera kona, í víðasta skilningi, legið til grundvallar femínískum rannsóknum.

*Bakgrunnur rannsóknarinnar*

Áhugann á þessari rannsókn má rekja til námsára minna í Vestur-Berlín á níunda áratugnum. Í náminu las ég austur-þýskar kvennabókmenntir vegna mikils áhuga á femínisma og stöðu kvenna í sósíalísku ríkjunum. Auk þess hafði ég áhuga á stöðu kveninnflytjenda, enda sjálf aðflutt kona í Vestur-Þýskalandi. Haustið 1988 gerði ég eigindlega rannsókn í samvinnu við annan nemanda í félagsfræði við FU háskólann í Berlín. Rannsókninni var ætlað að varpa ljósi á stöðu tyrkneskra kvenna sem unnu við þrif í háskólanum. Verkefnið kölluðum við „Þriðji heimur háskólans“.<sup>3</sup> Við gerð rannsóknarinnar var tengslamyndun við konurnar erfiðasti hjallinn. Konurnar voru flestar eldri en ég og samstarfskona mín, báru blæjur og töluðu litla þýsku og ensku. Þegar ég náði að gera þeim grein fyrir sjálfri mér sem innflytjanda og áhugamanneskju um sameiginlega stöðu okkar allra samþykktu þær samvinnu og tóku þátt í verkefninu. Þannig varð ég sjálf sem rannsakandi einnig þátttakandi í rannsókninni. Konurnar höfðu allar komið til Berlínar í leit að tækifærum fyrir börnin sín og sig, eins og ég.

Á námsárum mínum í Vestur-Berlín eyddi ég töluverðum tíma í austurhluta borgarinnar. Í þeim ferðum kynntist ég meðal annars ungum konum sem voru í vandi. Vandíð var þeirra leið til að komast yfir erlendan gjaldeyri og vestrænar vörur. Allar áttu þá ósk heitasta að komast vestur í vöruúrvalið enda neysluvara af skornum skammti í ríkissósíalísku löndunum. Þetta var undir lok níunda áratugarins og útbreiðsla eyðni var í hámmæli. Á sama tíma var orðið á götunni í Austur-Berlín: „AIDS er betra en ekkert úr vestrinu“.<sup>4</sup>

Þegar ég hóf undirbúning við rannsóknina í tengslum við meistaraaritgerð mína við Háskóla Íslands, tuttugu árum síðar, rifjaðist þessi reynsla upp fyrir mér. Þá var ég í námi og stóð utan við þau menningarsamfélög sem ég skoðaði en sem útlendingur naut ég vissrar sérstöðu. Ég var utan við „kerfið“ líkt og konurnar sem ég talaði við. Í dag er ég að hluta í sömu stöðu og þá; ég er rannsakandi og í námi. Sem íslensk kona á Íslandi er ég jafnframt hluti af ráðandi menningu en samtímis jaðarsett af kerfinu.

<sup>3</sup> „Die dritte Welt der Freien Universität“

<sup>4</sup> „AIDS ist besser als nichts aus dem Westen“

Með því að greina kyngervi kvenna á Íslandi í dag tek ég upp þráðinn og tvinna hann námi mínu í fyrrum Vestur-Berlín. Ég tel aukna þekkingu og fræðslu á fjölmenningsamfélagi nútímans veigamikinn þátt í að skapa grundvöll til breytinga til jafnréttis í framtíðinni. Það er von mín að í framtíðinni komi allir þegnar samfélagsins til með að búa við jöfn tækifæri til samfélagslegrar þátttöku og að þannig verði allir partur af kerfinu og enginn standi utan þess. Forsenda þess að allir geti tekið þátt í sköpun réttláts samfélags er jafnrétti. Í framhaldi af þessari umræðu verður í næsta kafla fjallað um femínískar kenningar um jafnrétti og þróun jafnréttishugtaksins.

### **III. Fræðileg sjónarhorn**

#### III.1. Jafnrétti og mannréttindi frá femínísku sjónarhorni

Í þessum kafla verður fjallað um þær femínísku skilgreiningar á jafnrétti sem mynda undirstöður þessa verkefnis. Hugmyndin um réttlæti og jöfnun til leiðréttingar á óréttlæti eiga rætur í kenningum Aristótelesar (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001). Jafnréttishugtak kvannahreyfingarinnar byggir á þessari hugmyndafræði; að leiðrétta beri það samfélagslega óréttlæti sem felst í mismunun kynjanna (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Jafnréttishugtakið felur því óhjákvæmilega í sér samanburð á samfélagslegu hlutskipti kynjanna sem einkennist af yfirráðum karla og undirskipun kvenna.

Á Vesturlöndum hefur jafnréttishugtakið löngum verið tengt við fyrri bylgju femínisma sem á rætur í frjálslyndisstefnunni frá aldamótum 19. og 20. aldar (Andersen, 2006). Samkvæmt hugmyndafræði frjálslynda femínismans liggur hið lýðræðislega þjóðskipulag til grundvallar og umbætur til jöfnunar eru mögulegar innan ríkjandi kerfis (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Áherslan var á formlegt jafnrétti, bann við mismunun (*e. equal treatment*) og lagalega skilgreind jöfn tækifæri kynjanna til samfélagslegrar þátttöku. Hugmyndafræði Upplýsingarinnar, sem fjallaði um mátt skynseminnar og röklega möguleika til mannúðlegra breytinga, hafði áhrif á mótun frjálslynds femínisma. Óréttlæti sem afleiðingu rökleysu og fáfræði bar samkvæmt hugmyndafræðinni að uppræta með rökum og fræðslu. Ný og upplýst félagsmótun lá til grundvallar frjálslynds femínisma sem og einfaldar lagabreytingar og samfélagslegar umbætur. Skipulag kvenréttindahópa endurspegladi hefðbundnar pólitískar leiðir, voru formfastar og byggðu



gjarnan á lóðréttu valdaskipulagi. Frjálslyndi femínisminn var kröftugt vopn á tímum þar sem konum var meinuð samfélagsleg þátttaka en hefur verið gagnrýndur fyrir ónæmi á valdakerfið sjálft. Frjálslyndishugsjónin, sem að nokkru hefur snúist upp í andhverfu sína í dag, leggur enn áherslu á valfrelsi einstaklingsins en lítur framhjá karllægum hindrunum kerfisins (Andersen, 2006).

Miðlun reynslu í frásögum kvenna hefur verið styrkur og sameiningarmáttur kvannahreyfingarinnar frá upphafi. Í miðluninni urðu til hugtök sem gáfu reynslu kvenna og menningu pólitískt vægi (Þorgerður Einarsdóttir, 2004; Smith, 2005). Í sköpun nýrrar þekkingar myndaðist rými í ríkjandi, karllægu „orðaforræði“ og þar með svigrúm til breytinga og jöfnunar á hlutskipti kynjanna í samfélaginu. Sjálfsskilgreining kvenna felur þannig fyrst og fremst í sér aðgreiningu frá karllægu normi en þar sem hlutskipti beggja kynja og samband þeirra er breytilegt og háð ytri aðstæðum er jafnréttishugtakið í stöðugri þróun (Scott, 1988/1999).

Kvannahreyfingin hefur frá byrjun verið gagnrýnd fyrir karllæga kerfisblindu, lit- og stéttaónæmi. Fræg er ræða norður-amerísku blökkukonunnar Sojourner Truth á kvennaráðstefnunni í Akron Ohio árið 1851. Truth, sem fæddist sem þræll en hlaut frelsi árið 1817, kundi hvorki að lesa né skrifa og var ræðan rituð af öðrum aðila nokkuð eftir ráðstefnuna. Þess vegna er ekki vitað nákvæmlega hver orð Truth voru. Innihald ræðunnar er hinsvegar skýrt og hverfðist um skilgreiningu Truth á hugtakinu „kona“ frá sjónarhorni hennar sjálfar. Í sjálfsskilgreiningunni og –staðsetningunni greinir hún sig á sama tíma frá körlum og hvítum konum efri stétta samfélagsins; en sem „kona“ staðsetur hún sig innan kvannahreyfingarinnar. Í hverju orði véfengir hún hin samfélagslegu viðmið:

Maðurinn þarna segir að það þurfi að hjálpa konum uppí vagna og yfir skurða og að konur þurfi að fá bestu sætin allsstaðar. Það hefur enginn hjálpað mér uppí vagna eða yfir polla og ég hef hvergi fengið besta sætið! Og er ég ekki kona? Horfið á mig! Sjáið handleggi mína! Ég hef plægt, plantað og heyjað í hlöður og engin karl var mér fremri! Og er ég ekki kona? [...] Ég fæddi þrettán börn og sá á eftir flestum þeirra seldum í þrældóm og þegar ég grét af angist móðursorgar heyrði enginn í mér nema Jesú. Og er ég ekki kona? (Hill-Collins, 1990/2000).<sup>5</sup>

---

<sup>5</sup> That man over there says that women need to be helped into carriages, and lifted over ditches, and to have the best place everywhere. Nobody ever helps me into carriages, or over mud-puddles, or gives me any best place! And ain't I a woman? Look at me! Look at my arm! I have ploughed and planted, and gathered into

Í ræðu sinni setur Truth orðið kona fram sem pólitískt sameiningartákn.

Í annarri bylgju kvannahreyfingarinnar var orðið kona það sameiningarhugtak sem átti að skapa grundvöll til þátttöku á opinbera sviðinu á forsendum kvenna (Smith, 2005). Konur sameinuðust með öðrum orðum á grundvelli kyns síns, þvert á aðrar samfélagslegar mismunarbreytur. Á 7. og 8. áratugnum höfðu femínistar gert sér grein fyrir að ekki var nóg að ryðja formlegum hindrunum úr vegi heldur þyrfti að umbreyta kerfinu til að uppræta þá menningarlegu mismunun sem var samofin samfélagslegri formgerð (Þorgerður Einarsdóttir, 2002; Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007). Femínískir stjórn málafræðingar 20. aldarinnar lögðu áherslu á að þátttaka kvenna í stjórn málum, til jafns við karla, sé grundvöllur réttláts lýðræðis en bentu jafnframt á tregðu innan kerfisins. (Philips, 1991; Young, 2000/2002). Til þess að auðvelda pólitíska þátttöku og leiðréttta ójöfn kynjahlutföll í stjórn málum var litið til sértækra aðgerða (*e. affirmative action*). Með sértækum aðgerðum átti að auka hlut kvenna í opinberum stöðum í samfélaginu. Aukinn sýnileiki var talinn nauðsynlegur fyrir nýjar fyrirmyndir í breytingarferlinu. Með sýnileikann að vopni áttu konur sjálfar að skapa sér pólitíska fyrirmynd og þar með möguleika á breyttri sjálfsmynd og auknum völdum (Philips, 1991). Jafnréttishugtakið hafði ekki verið sett fram sem endanleg kenning sem ber í sér algilt og tæmandi svar við mismunun, heldur frekar sem jarðvegur fyrir dýnamískar hugmyndir og lausnir (Smith, 2005). Femínískar kenningar síðari tíma byggja á hugmyndum mótunarhyggju sem felur í sér möguleika á breytingum. Hugmyndafræðin er því í stöðugri þróun.

Að baki hverju skrefi í átt til kynjajafnréttis liggur vinna kvannahópa. Femínískar fræðikonur hafa mótað hugmyndafræðina í takt við samfélagslegar áherslur og grasrótin, femínískar hreyfingar, kvannahreyfingar og önnur frjáls félagasamtök kvenna, eru það afl sem skapað hefur grundvöll fyrir aðgerðir og pólitískan þrýsting í þágu jafnréttis, jafnt innan einstakra ríkja og utan (Þorgerður Einarsdóttir, 2002). Ýmis alþjóðleg regnhlífarsamtök hafa verið stofnuð bæði um sérstök og almenn málefni. Kvannahópar

---

barns, and no man could head me! And ain't I a woman? I have borne thirteen children, and seen most all sold off to slavery, and when I cried out with my mother's grief, none but Jesus heard me! And ain't I a woman? (Hill-Collins, 1990/2000, 14).

innan Sameinuðu þjóðanna hafa verið starfræktir frá stofnun samtakanna (Kristín Ástgeirsdóttir, 2006). Stefna Sameinuðu þjóðanna hefur verið leiðandi í jafnréttismálum líkt og öðrum mannréttindamálum.

Meginmarkmið Sameinuðu þjóðanna er að stuðla að friði og koma á virkri vernd mannréttinda og Mannréttindayfirlýsingin var samin í þeim tilgangi.

Mannréttindayfirlýsingin er ekki bindandi þjóðréttarsamningur heldur yfirlýsing um sameiginleg markmið sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skuldbinda sig til að stefna að. Með yfirlýsingunni urðu ákveðin tímamót. Ekki var lengur litið á mannréttindi sem innanríkismál hvers ríkis heldur urðu þau að opinberum málaflokki alþjóðasamfélagsins. Yfirlýsingin staðfesti samstöðu og samvinnu milli ríkja og auk þess er hún fyrirmynd stjórnarskráa í fjölmörgum ríkjum (Björg Thorarensen og Pétur Leifsson, 2004). Þó yfirlýsingin reifi ákvæði um almenn málefni er hún karlmiðuð og orðafarið karllægt. Þannig má nefna að gr. 23.3 og 25.1 ganga út frá skilgreiningu á körlum sem fyrirvinnum fjölskyldna. Yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna einkennast jafnframt af áherslu á fordæmingu á óréttlæti en ekki aðgerðamiðuðum úrlausnum með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Af þessum sökum hafa Sameinuðu þjóðirnar verið gagnrýndar fyrir staðnaða, karllæga formgerð líkt og aðrar samfélagsstofnanir (Tickner, 2001).

Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur þó tekist að vera öflugur brautryðjandi í málefnum kvenna um heim allan. Fjöldi samþykka og samninga hafa verið gerðir á vegum Sameinuðu þjóðanna til að undirbyggja kynjajafnrétti, svo sem Kvennasamningur Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1979 sem tók gildi á Íslandi árið 1985. Með starfi sínu í þágu kynjajafnréttis hafa kvennahópar Sameinuðu þjóðanna lagt drög að grundvallar hugarfarsbreytingu sem þörf er á og lýsir sér m.a. í ákvæði í yfirlýsingu um afnám ofbeldis gagnvart konum á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna frá 1993 sem: „viðurkennir að ofbeldi gagnvart konum er staðfesting á aldagömlu valdamisvægi kynjanna er leiddi til drottunar karlmanna og mismununar gagnvart konum“ (Mannréttindaskrifstofa Íslands á.á.a).<sup>6</sup>

Kvennahópar Sameinuðu þjóðanna hafa einnig beitt sér fyrir því að stuðst verði við femíníska hugmyndafræði og aðgerðatak til að uppræta mismunun kynjanna (Kristín Ástgeirsdóttir, 2006). Hugmyndin um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða (e.

---

<sup>6</sup> Mannréttindaskrifstofa Íslands: Yfirlýsing SP um afnám ofbeldis gagnvart konum

*gender mainstreaming*) á rætur að rekja til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Naírobí 1985 sem var tekin til frekari útfærslu á ráðstefnunni í Beijing árið 1995 (Booth & Bennet, 2002; Kristín Ástgeirsdóttir, 2006). Með samþættingunni er stefnt að því að leiðrétta kerfið og aðlaga það að samfélagslegum kröfum og þörfum beggja kynja, karla og kvenna. Ekki er lengur horft til kvenna sem afmarkaðrar orsakabreytu heldur á heildarmengið; innbyggða kynjamismunun samfélagslegra stofnana, og skoðað hvernig stofnanir móta og endurmóta í sífellu kerfislægt kynjamisrétti. Byggja á kynja- og jafnréttissjónarmið inn í öll stig stefnu- og uppbyggingarmótunar stofnana af öllum aðilum. (Þorgerður Einarisdóttir, 2002). Hugmyndafræði samþættingar hefur verið tekin upp af fjölmörgum stofnunum vestrænna samfélaga og liggur þannig til grundvallar jafnréttislögunum (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000) og framkvæmdaráætlunar ríkisstjórnar Íslands í jafnréttismálum (Félags-og tryggingamálaráðuneytið, á.á.).

Þó samþættingarsjónarmiðið sé kærkomið tæki til breytinga og taki á kynjamismunun á nýjan hátt hefur það ekki verið þróað nema fyrir hluta samfélagsins. Stefnumótunin hefur takmarkast við valdar femínískar kenningar sem beinast einkum að leiðréttingu innan formlegra skipulagsheilda samfélagsins (*e. organizational culture*). Þannig hefur aðferðafræðin verið mátuð við fyrirtæki og stofnanir en ekki notuð til greininga úrræða innan persónulegra sviða kynjakerfisins sjálfs. Auk þess eru gefnar ytri forsendur fyrir möguleika samþættingar reistar á frjálsslyndu þjóðskipulagi (Boot & Bennett, 2002). Þær áætlanir og framkvæmdir sem gerðar hafa verið í nafni samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða hafa auk þess verið mjög breytilegar eftir þjóðum og árangur umdeilanlegur (Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007).

Í fjölþjóðasamfélagi Evrópu hefur áherslan undanfarin ár færst frá kynjajafnrétti yfir á „jafnrétti margbreytileikans“. Til grundvallar stefnumótunar í jafnréttismálum fjölbreytileikans liggur Amsterdamsáttmálinn frá 1999. Í 13. grein sáttmálans er gerð grein fyrir sex megin breytum sem eru taldar til helstu atriða sem leiða til misréttis; kyni, kynþætti eða þjóðernisuppruna, trúarbrögðum eða trú, fötlun, aldri og kynhneigð (The Treaty of Amsterdam, 1999). Úrlausnir hafa verið útfærðar í ýmsum tilskipunum og reglugerðum aðildarlanda Evrópusambandsins (Verloo, 2006). Sem leið til lausna hefur einna helst verið nefnt að yfirfæra samþættingarhugtakið yfir á margbreytileikann eða

með öðrum orðum að „útvíkka“ jafnréttishugtakið frá kynjasambættingu til sambættingar margbreytileikans (*e. diversity mainstreaming*). Í hugmyndafræðilegu og hagnýtu aðgerðaferli takast á mismunandi sjónarmið. Kynjajafnrétti og mannréttindum hefur verið stillt upp sem andstæðum pólum; tveimur óskyldum efnisflokkum sem eigi ekki málefnalega samleið. Femínísk gagnrýni einkennist þó helst á því að benda á pólitíska togstreitu mismunarbreytanna sem hafi óumflýjanlega í för með sér (fjárhagslega) samkeppni og að hugmyndafræði sambættingar feli hvorki í sér heildarsýn né nægilega skilgreind markmið. Einnig er talið hæpið að eitt og sama verkfærið gagnist öllum og nái að rötum misréttis einstaklinga líkt og áður var bent á (Hill-Collins, 1990/2000; Verloo, 2006; Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007).

Á Vesturlöndum hefur barátta skilgreindra minnihlutahópa um pólitíska athygli verið lituð af tilhneigingu til að líta fram hjá kynjabreytunni (Verloo, 2006). Þetta á bæði við milli og innan minnihlutahópa (Okin, 1999). Einn umræddra minnihlutahópa vestrænna samfélaga er innflytjendur, en mannréttinda- og jafnréttisumræða undanfarinna ára hefur í auknum mæli snúist um þennan hóp (Yuval-Davis, 1997/2007). Bent hefur verið á að innflytjendur sæti jaðarsetningu í samfélögum og að staða kvenna meðal innflytjenda samræmist ekki settum lögum og markmiðum jafnréttisstefnu vestrænna lýðræðisríkja. Stefnumótun með kynjasjónamið að leiðarljósi sé ábótavant í málefnum innflytjenda (Okin, 1999; Þorgerður Einarsdóttir & Guðný Gústafsdóttir, 2008).

Sojourner Truth, sem vitnað var í hér að framan, var afkomandi þræla eða „nauðugra innflytjenda“ í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Eftir fengið frelsi sætti hún áfram undirokun vegna kyns, þjóðernisuppruna og stéttar; þriggja þeirra mismunarbreyta sem í dag heyja baráttu um pólitíska athygli. Mikill meirihluti flótta- og farandverkafólks flyst tilneytt búferlum vegna erfiðleika heima fyrir, svo sem slæms efnahagsástands og stríða (Lynggard, 2002; Martin 2004). Fólk sem flýr bággt efnahagsástand hins „hnattræna Suðurs“ sætir áfram jaðarsetningu sem innflytjendur „hnattræna Norðursins“. Þrátt fyrir yfirlýst lýðræði og formlegt jafnrétti kynjanna á Vesturlöndum hafa konur í hópi innflytjenda takmarkaða möguleika á samfélagslegri þátttöku og ákvörðunum um sitt eigið hlutskipti (Parreñas, 2005).

Stjórn málafræðingurinn Marion Young (2000/2002) benti á að til þess að jafnrétti og lýðræði nái til allra (*e. inclusive democracy*) þurfi allir samfélagsþegnar að hafa

möguleika á að hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Enginn einn eða fámennur hópur ætti að geta tekið ákvarðanir fólks nema að fólkið sem ákvarðanirnar varða hafi tækifæri til að taka þátt í myndun þeirra. Til þess að allir geti tekið virkan þátt þurfa allar manneskjur innan félagshópa að hafa aðgang að lýðræðislegu valdi. Til að stuðla að réttlæti og bæta lýðræðið er nauðsynlegt að viðurkenna og virkja félaglegan margbreytileika. Aðeins þannig kemst grunnhugmynd lýðræðis, sem endurspeglar vilja allra, til skila í framkvæmd (Young, 2000/2002). Nýjasta verkfærið á sviði jafnréttismála á lýðræðisgrundvelli eru aðferðir „samtvinnunar“ (*e. intersectionality*) sem greint verður frá í næsta kafla.

### III.2. Samtvinnun mismunarbreyta

#### *Innra svið: Af mótun manneskju*

Í köflunum hér á eftir verður hugtakið samtvinnun skoðað. Áhrifaþáttum hugtaksins verður til glöggvunar gróflega skipt í tvö svið; innra og ytra svið samtvinnunar. Hafa ber í huga að sviðin byggjast hvort á öðru og hafa áhrif hvort á annað. Skiptingin er því fremur táknræn en tæmandi. Hugtakið samtvinnun var sett fram af Kimberlé Crenshaw árið 1989 sem viðbrögð eða viðbót við hefðbundna sjálfsmýndarpólítík 20. aldar (Crenshaw, 1994). Sjálfsmýndarpólítíkin skilgreindi hverja samfélagslegu mismunarbreytu sem sjálfstæða og einstaka. Hver breyta var aðgreinandi en hafði jafnframt víxlverkandi áhrif á aðrar breytur í mótun einstaklinga og hópa. Byggt var á hugmyndum um mótun út frá samfélagslegri staðsetningu manneskju en staðsetningin var háð stigveldaskipuðum valdatengslum. Fastmótað stigveldi og aðgreinandi eiginleikar breytanna takmörkuðu möguleika á breytingum á stöðu kvenna.

Samtvinnunin gerir aftur ráð fyrir innri og ytri dýnamík hvernar breytu (Yuval-Davis, 2006; Þorgerður Einarsdóttir & Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007). Hver manneskja er einstök, mótuð af ólíkum mismunarbreytum svo sem kyni, stétt og þjóðernisuppruna, sem hafa áhrif á aðstæður hennar og möguleika (Hill-Collins, 1990/2000). Gengið er út frá þeirri grundvallarforsendu að hver manneskja sé staðsett á nokkrum ásum félagslegrar stöðu og samspil mismunarbreytanna er skoðað út frá því. Þar sem áhrifabreytur í lífi hvernar manneskju eru margþættar og búa yfir dýnamík, er samtvinnun þeirra og þar með

félagsleg staða manneskjunnar breytanleg. Félagsleg staða manneskju er því ekki njörvuð af samfélagslegri stigveldaskipan (Yuval-Davis, 2006). Sem dæmi má nefna Sojourner Truth sem minnst var á hér að framan. Truth var kona af afrískum uppruna og fyrrverandi þræll. Hún var auk þess ómenntuð. Félagsleg staða hennar var því vissulega háð takmörkunum. Meðvituð um eigin takmarkanir og möguleika tók hún sér vald sjálfskilgreiningar í eigin hendur og endurmótaði ekki einungis sína stöðu heldur hafði afgerandi áhrif á stöðu kvenna almennt (Hill-Collins, 1990/2000).

Mismunarbreyturnar „kynþáttur/þjóðernisuppruni“, „stétt“ og „kyn/kyngervi“ (*e. race, class, gender*) hafa í femínískum greiningum myndað þríeyki (Knapp, 2005; Yuval-Davis, 2006). Líkt og almenn upplifun og samfélagssýn forgangsraðar félagsbreytum eftir vægi endurspeglar femínísk greining samfélagslega og pólitíska (af)stöðu. Þannig skrifuðu Crenshaw og Hill-Collins, sem báðar eru af afrískum uppruna, um stöðu svartra (lágstéttar)kvenna á meðan hvítar konur hafa tilhneigingu til annarrar forgangsröðunar í greiningu sem endurspeglar þeirra upplifun á samfélagslegri stigveldaskipan og forgangsröðun breyta eftir forræði (Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006). Bent hefur verið á að þrátt fyrir mismunandi forgangsröðun er breytan kyn miðlæg þar sem allar manneskjur eru annaðhvort karlar eða konur óháð kynhneigð, þjóðernisuppruna, aldri, trú eða öðru (Scott, 1988/1999; Verloo, 2006). Hér verður hugtakið kyn notað jöfnum höndum með kyngervi enda kyngervi hin félagslega túlkun á kyni líkt og áður kom fram en nánar verður vikið að því í kafla III.3.

Kyn/kyngervi og aðrar mismunarbreytur samtíðinnar eru bundnar innbyrðis böndum og túlkaðar í félagslegu samhengi. Engin þessara breyta gildir þó sjálfkrafa sem vísbending um félagslega undirskipun manneskju (Yuval-Davis, 2006). Þó konur sem hópur hafi sætt félagslegri undirskipun í gegnum söguna (Scott, 1988/1999; Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis og Werbner, 1999; Einhorn, 2006) þá sæta ekki allar konur samfélagslegri undirskipun (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Breyturnar forma og hafa áhrif á hvor aðra en þar sem þær búa jafnframt yfir óháðu hreyfiafli hafa mengi þeirra ekki samlagningaráhrif. Þvert á móti var samtíðinnun þróuð sem mótsvar við einfaldri samlagningu mismunarbreyta (Yuval-Davis, 2006). Þannig sætir „svört“ „kona“ ekki sjálfkrafa undirskipun ef aðrar breytur sem móta hana, líkt og stétt, eru samfélagslega valdeflandi (sbr. Condoleza Rice) og „hvítur“ „karl“ nýtur ekki óhefts aðgengis að

samfélagslegu valdi ef aðrar breytur sæta undirskipun, líkt og þjóðerni (sbr. pólskur karl-innflytjandi á Íslandi samtímans).

Greiningartæki samtvinnunar hefur verið gagnrýnt fyrir að vera of margþætt, opið og þar með stefnulaust (Butler, 1990/2007). Á sama tíma hefur verið bent á að styrkleiki greiningartækisins felist einmitt í því að sameina félagslegan margbreytileika og einfalda flokkun samfélagshópa út frá breytunum. Einstaklingnum er þar með gefið rými en hópurinn felur í sér sameiningarmátt. Enginn einstaklingur, hópur eða þjóð getur þrífist og þróast í einangrun hver frá öðrum. Lykilatriðið er að einstaklingar og hópar deili reynslu og vinni saman. Hagsmunir allra minnihlutahópa eiga undir högg að sækja gagnvart valdahópnum. Undirokun minnihlutahópa er ekki bara huglægt fyrirbrigði heldur einnig áþreifanlegt. Félagslegt óréttlæti getur birst í líkamlegri valdbeitingu en einnig félagslegri jaðarsetningu. Eins og önnur félagsleg fyrirbrigði er undirokun háð stöðugum breytingum og þarfnast því sífelfdrar endurskilgreiningar (Hill-Collins, 1990/2000). Aðgengi einstaklinga að samfélagsvaldi er mismunandi eftir samsetningu mismunarbreytna og staðsetningu á hinum félagslegu ásum. Þó manneskjinni sé gefinn viss gerendamáttur ræðst hann af stærra samhengi: Dýnamískri virkni hópsins.

#### *Ytra svið: Félagslegir valdaásar*

Stórsamfélagið skiptist í smærri svið, félagslega valdaása svo sem stofnanir, fyrirtæki, fjölskyldur og hópa. Valdaásarnir hafa mismikið vægi í samfélaginu og byggjast á valdatengslum sem er framfylgt á vettvangi hins opinbera. Leikreglum valdaásanna er komið á framfæri með margvíslegum hætti t.a.m. með lögum og reglum. Þannig byggist grunnhugmynd íslenska lýðræðisins á því að Alþingi fari með umboð valds umfram einstaka samfélagshópa. Alþingi setur lög og reglur sem hópum ber að fara eftir. Valdaásar samfélagsins fjalla óhjákvæmilega um og hafa áhrif á fólk; mótun, upplifun og reynslu manneskju sem aftur hefur áhrif á sköpun valdaásanna (Yuval-Davis, 2006).

Reynsla fólks og upplifun er eitt svið hins félagslega veruleika. Hin félagslega mótaða manneskja hefur áhrif á samfélagið. Upplifun manneskju og túlkun á félagslegum þáttum svo sem það að tilheyra eða vera útilokuð frá tilteknum hópi er hluti af reynslu viðkomandi. Reynsla felur ekki eingöngu í sér upplifanir fólks á sjálfu sér heldur mótast einnig framkomu og viðhorf gagnvart öðrum. Reynsla og skoðanir fólks um sig og aðra í



mannlegu samfélagi þróast yfir í hugmyndafræði, t.d. pólitískar skoðanir, og birtist á ýmsan hátt, t.d. í táknum. Hver manneskja hefur því ýmist undirbyggjandi eða afbyggjandi áhrif á það samfélag sem hún lifir í og tekur þátt í sköpun og viðhaldi þess. Hinir félagslegu valdaásar hafa því ekki eingöngu áhrif á félagslega sjálfsmynd heldur einnig pólitísk úrslitaáhrif (Yuval-Davis, 2006).

Félagsleg mótun manneskju byggir á samtvinnun mismunarbreyta og markar jafnframt staðsetningu viðkomandi á hinum félagslegu valdaásam. Kynið kona hefur í gegnum söguna verið staðsett á þeim valdaásam sem lúta að einkasviði samfélagsins. Hlutverk og ímynd kvenna hefur tengst kynlífi og barneignum en í mótuninni hafa þessir þættir ekki endilega verið tvinnaðir sömu kvenímynd heldur fleiri ólíkum gerðum kvenna. Hlutverk kvenna hefur verið réttlæt með tilvísun í „eðli“ sem styrkja menningarbundnar ímyndir og sjálfsmynd kvenna. Staðsetningin hefur áhrif á daglega reynslu og þá vitund sem skapast í staðsetningunni eða hinum félagslega mótaða veruleika kvenna. Ímyndir og réttindi kvenna haldast í hendur og skapa aftur ímynd þess samfélags sem í hlut á. Á þennan hátt hafa mismunarbreyturnar jafnt sem innri og ytri formgerðir hvers samfélags eflandi eða letjandi áhrif hver á aðra í samfélagslegri mótun (Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 2006 ; Smith, 2005).

Hin mismunandi félagslegu svið eiga vissar kennistærðir sameiginlegar sem fólk notar til hópamyndunar, sameiningar en einnig sundrunar. Kennistærðirnar eiga rætur í þeim mismunarbreytum sem hér eru notaðar til greiningar. Auk áður nefndra breyta, kyn, stétt og kynþáttur eða þjóðernisuppruni, eiga kennistærðirnar rætur í öðrum breytum svo sem „kynhneigð“, „trú“, „stétt“, „fötlun“ og „þjóð“. Kennistærðirnar eru notaðar til að normalisera lagskiptingu félagslegs veruleika, þar á meðal til að réttlæta félagslegt misrétti. Normaliseringin virkar alhæfandi og afmáir þannig mörk og sérkenni einstaklinga og hópa. Á sama tíma útilokar hún aðrar breytur og þar með aðra einstaklinga og hópa. Í gegnum söguna hafa sumar breytur öðlast félagslegt forræði umfram aðrar og þar með forgang að samfélagslegum auðlindum. Sem tæki til að löggilda forræði í sköpun á félagslegri stöðu og til að réttlæta mismunun gegna tilvísanir í eðli og náttúru mikilvægu hlutverki (Yuval-Davis, 2006). Dæmi um kennistærðir sem notaðar eru í þeim tilgangi að réttlæta mismunun má nefna: „múslimar“ sem á rætur í trú,

„útlendingar“ með rætur í þjóðernisuppruna og „mellur“ sem vísar í kyn eða nánar tiltekið ákveðið kyngervi kvenna.

Þegar gagnrýnni greiningu er beitt sem miðar að því að leiðrétta félagslega mismunun er því nauðsynlegt að forðast staðalímyndir. Um leið er of mikil sundurgreining og áhersla á sérstöðu hvers og eins varasöm og grefur undan pólitískri samstöðu og möguleika á samfélagslegum breytingum (Hill-Collins, 1990/2000; Knapp, 2005; Yuval-Davis, 2006; Verloo, 2006). Póstmóðernisminn lagði áherslu á sérstöðu hvers og eins. Þó konur tilheyrðu sama kyni sem almennt sætti undirskipun sé hver kona einstök og því ekki hægt að alhæfa um kyn (Bordo, 1990). Þessi kenning rímaði vel við pólitíska stefnu nýfrjálshyggjunnar sem varð til á svipuðum tíma sem með sömu áherslum gerði samfélagslega möguleika manneskju að persónulegri ábyrgð hvernar og einnar og útfærði þannig nokkurskonar pólitískan Darwinisma. Félagsleg afkoma einstaklingsins byggðist á persónulegri hæfni hans (Andersen, 2006).<sup>7</sup> Á þennan hátt réttlætti ríkjandi valdasvið samfélagslega mismunun. Vald er einnig félagslegt fyrirbrigði en ekki föst stærð. Nauðsynlegt er að greina hvernig vald er skipulagt, hvernig það virkar og hvaða þættir (endur)móta vald í hinu félagslega ferli. Sem félagsleg formgerð lýtur vald sömu lögmálum um breytingar og allar aðrar félagslegar stærðir (Hill-Collins, 1990/2000).

#### *Samtvinnun sem greiningartæki*

Hugmynda- og aðferðafræði samtvinnunar er í samfelldri þróun og nýtur vaxandi útbreiðslu meðal fræðimanna. Samtvinnun er fyrsta greiningartækið sem nær inn á öll svið mannlegra samfélaga og býður því upp á margþætta möguleika. Hingað til hefur samtvinnun þó lítið sem ekki verið beitt í pólitískri stefnumótun (Knapp, 2005; Verloo, 2006). Í mótun á greiningartækinu er fjöldi breyta ekki ákveðinn heldur breytilegur eftir því samfélagi sem við á. Í bók sinni *Black Feminist Thought* (1990/2000) lagði Patricia Hill-Collins mismunarbreyturnar kyn, kynþátt eða þjóðernisuppruna, stétt, trú, kynhneigð, aldur og þjóð til grundvallar í greiningu á félagslegu óréttlæti í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Sú breytuflokkun er að mestu í samhljómi við áherslur Amsterdamsáttmálans sem áður var greint frá fyrir utan breytuna fötlun (The Treaty of

---

<sup>7</sup> Í umræðu um hugtakið „nýfrjálshyggja“ verður gengið út frá þessum almenna skilningi orðsins.

Amsterdam, 1999). Þróun samvinnunar er í stöðugri mótun og má ætla að í framtíðinni komi áherslur alþjóðasamfélagsins til með að endurspeglast í aðferðafræði samvinnunar.

Samvinnunarlíkön stjórnmálafræðingsins Mieke Verloo (2006) eru tilraun til að smíða greiningartæki sem bæði gefur dýnamískri virkni svigrúm og gróf-flokkar breytur í þágu pólitískrar samstöðu. Auk ofangreinds þríeykis: kyns, kynþáttar eða þjóðernisuppruna og stéttar, er breytan kynhneigð tilgreind í líkani Verloo en kynhneigð er tiltölulega ný breyta í evrópsku samhengi. Verloo setti fram tvö samvinnunarlíkön sem nú verður lauslega gert grein fyrir.

Í báðum líkönum eru mismunarbreyturnar fjórar: kyn, kynþáttur eða þjóðernisuppruni, kynhneigð og stétt og báðum líkönum eru gefnar mismunandi áhrifavíddir. Fyrri líkanið sýnir kerfislæga nálgun eða kerfislæg tengsl mismunarbreytanna í samspili við þá félagslegu áhrifaþætti sem breytur eru skilgreindar og staðsettar útfrá. Í stuttu máli má meðal annars lesa eftirfarandi úr kerfislæga líkani Verloo: Kyn er sú breyta sem sætir mestum takmörkunum af þeim breytum sem Verloo tiltekur. Almennt séð er kyn skilgreint sem föst stærð. Mismunun á grundvelli kyns er bæði á einka- og opinbera sviði samfélagsins. Skilgreining kynþáttar eða þjóðernisuppruna er háð samhengi. Breyturnar og skilgreining þeirra skarast þó. Mismunun tengd kynþætti eða þjóðernisuppruna er félagsleg; á opinbera sviði samfélagsins. Kynhneigð sætir mismunun á einka- og opinbera sviðinu. Loks er stétt almennt viðurkennd sem afleiðing sögulegrar þróunar; stétt er fljótandi og breytanleg stærð og mismununin er á hinu opinbera sviði. Allar félagslegu breytur fjórar standa andspænis sama viðmiðinu: Hvítum karli af millistétt (Verloo, 2006).

Seinna líkanið gengur út frá sömu mismunarbreytum; kyni, kynþætti eða þjóðernisuppruna, kynhneigð og stétt. Áhrifaþættirnir sem teknir eru til samanburðar sýna pólitíska og stefnumarkandi mismunun sem breytur sæta. Sem dæmi um atriði sem koma í ljós við greiningu líkansins má nefna: Sögulega er stétt sú mismunarbreyta sem hefur stjórnmálaflokka sem bakland og baráttuleið. Afnám stéttaskiptingar hefur verið virt pólitískt markmið. Mismunarbreytan kyn er sjaldnar sameiningarbreyta stjórnmálaflokka. Mjög fáir stjórnmálaflokkar eru byggðir í kringum kynþátt eða þjóðernisuppruna og þeir flokkar og hreyfingar sem stofnað hefur verið til í kringum kyn og kynþátt eða þjóðernisuppruna hafa mikið til barist fyrir félagslegri viðurkenningu og

jöfnum rétti og tækifærum. Stjórnmalaflokkar samkynhneigðra fyrirfinnast ekki, en hreyfingar þessa hóps hafa krafist viðurkenningar og lagt áherslu á réttinn til að vera „öðruvísi“. Stofnanavæðing mismunarbreytanna ræðst af pólitískum afskiptum og áhuga. Þannig nýtur stétt augljóss umboðs stofnanavaldsins og skýrt er kveðið á um kyn í jafnréttisbaráttunni á meðan kynþáttur eða þjóðernisuppruni og kynhneigð eru ekki jafn viðurkenndar breytur. Með öðrum orðum sæta flokkar breytanna mismunun út frá mismunandi sjónarhornum og hagsmunum sem aftur endurspeglast í pólitískri stefnumótun (Verloo, 2006).

Mismunarbreytur beggja sviða eiga það sameiginlegt að vera skilgreindar sem frávik frá hinu félagslega viðmiði sem er hvítur, gagnkynhneigður karl af millistétt (Verloo, 2006) en hann hefur verið handhafi hins pólitíska, efnahagslega, félagslega og menningarlega valds (Scott, 1988/1999, 1996; Enloe, 1989/2000; Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 1997/2007; Smith, 2005). Með öðrum orðum: Hinum félagslegum valdaásum og leikreglum þeirra er stýrt af hvítum gagnkynhneigðum körlum af millistétt sem, eðli málsins samkvæmt, ákvarða pólitískt vægi hinnar mismunandi breyta.

Vægi breytanna ræðst auk pólitískrar ákvörðunartöku af menningarlegu samhengi þeirra. Þegar samtvinnun er beitt sem greiningartæki er mikilvægt að huga að yfirfærslu og aðlögun hugtaka eftir menningarlegum veruleika. Hagnýting verkfæranna í pólitískum tilgangi þarfnast sveigjanleika í samræmi við kringumstæður. Þýska fræðikonan Gudrun-Axeli Knapp (2005) fjallar í grein sinni „*Race, Class, Gender-Reclaiming Baggage in Fast Travelling Theories*“ um yfirfærslu og aðlögun hugtakanna og mismunarbreytanna að þýskum veruleika. Hugtakið kynþáttur (*p. Rasse*) hefur beina sögulega og huglæga skírskotun til Þriðja ríkisins og hugtakið stétt (*p. Klasse*) endurspeglar í þýskri vitund söguleg tengsl við marxisma. Bein yfirfærsla hugtakanna er því erfið og hugmyndafræðileg og menningarleg aðlögun nauðsyn. Þannig eru mismunarbreytur aldrei einangraðar og óháðar tíma og rúmi heldur alltaf sögulega, menningarlega og pólitískt staðsettar og samtvinnaðar (Verloo, 2006; Þorgerður Einarsdóttir & Þorgerður Þorvaldsdóttir, 2007).

*Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*

Skýrslan „Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda“ er dæmi um leikreglur valdaása sem komið var á framfæri í íslensku samfélagi. Skýrslan var gefin út af Félagsmálaráðuneytinu í janúar árið 2007. Stefnan er kynnt sem viðbragð við örri aukningu innflytjenda og er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Með útgáfu áætlunar í málefnum innflytjenda uppfyllir ríkisstjórnin kröfu sáttmála Evrópuráðsins um að tryggja jafnt og réttlátt aðgengi allra á sem flestum sviðum samfélagsins (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Yfirlýst markmið stefnunnar er í samræmi við það meginverkefni Evrópuráðsins að standa vörð um lýðræði, samábyrgð og mannréttindi (Mannréttindaskrifstofa Íslands (á.á.c). Krafan um mannréttindi er ítrekuð með tilvísun í 65. gr. Stjórnarskrárinnar sem segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna“ (Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland nr.33/1944). Frelsi einstaklingins er jafnframt tilgreint með fyrirvara að þær settu leikreglur réttarríkisins sem tilgreindar eru í stjórnarskránni gildi ávallt sem viðmið. Þá er íslenskt lýðræði tilgreint sem undirstaða samfélagsins. Helstu áherslur lýðræðis séu að hagsmunir og sjónarmið allra hópa þjóðfélagsins verði komið á framfæri og þau virt. Síðast en ekki síst er mikilvægi málverndunar tíundað, enda ríki um það „...þjóðarsátt – að standa dyggilega vörð um íslenska tungu.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, 6).

Titill stefnunnar felur í sér pólitíska afstöðu og stefnuyfirlýsingu um „samlögun“ (*e. assimilation*) þ.e.a.s. einhliða „aðlögun“ útlendinga að íslensku samfélagi umfram t.d. „sambættingu“ (*e. integration*) sem felur í sér virka menningarlega þátttöku innflytjenda (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2007). Stefnunni er skipt niður í sjö kafla eftir málaflökum: 1. Íslenskunám fyrir fullorðna, 2. Miðlun og öflun upplýsinga, 3. Atvinnumál og –þátttaka, 4. Menntamál, 5. Kafla um heilbrigðisþjónustu, 6. Hlutverk sveitarfélaga og 7. Málefni fatlaðra (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Hugmyndafræðileg afstaða stefnunnar hverfist annarsvegar um þjóðernislega menningarstefnu og hinsvegar beina nytjastefnu. Þannig segir með beinum orðum í kaflanum „Atvinnumál og atvinnuþátttaka“: „Skortur á starfsfólki á evrópskum vinnumarkaði er [...] eitt meginskilyrði þess að erlendum

ríkisborgurum verði veittar heimildir til að dvelja hér og starfa“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, 12). Mikilvægi íslenskukunnáttu er endurtekið þrástef. Íslenskukennsla og -nám er ítrekað í flestöllum köflum stefnunnar. Íslenskunni er lýst sem höfuðeinkenni sjálfsmyndar þjóðarinnar svo að minnir á þjóðernis- og málhreinsunarstefnu fyrri tíma (Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Íris Ellenberger, 2007).

Þegar stefna ríkisstjórnarinnar er skoðuð með femínískar kenningar um samtvinnun í huga má að auki greina eftirfarandi: Til grundvallar stefnunni liggja tvær meginbreytur eða kennistærðir; „Íslendingar“ og „útlendingar“ sem í alhæfandi og einhliða umfjöllun skipta samfélaginu í tvo hópa. Öðrum hópnum (Íslendingum) er skipað félagslegt og menningarlegt forræði og forgangsréttur að samfélagslegum auðlindum. Hinn hópurinn (útlendingar) sætir jaðarsetningu og aðlögunarkröfu í þágu opinberra hagsmuna og um leið er það stigveldi sem byggir á yfirráðum Íslendinga og undirskipun útlendinga réttlætt og normaliserað í mótuninni sjálfri líkt og Scott benti á (Scott, 1988/1999).

Stefnan endurspeglar sjálfsmyndarpólitík (*e. identity politics*) 20. aldar. Sjálfsmyndarmótun felst, líkt og fram kom hér að framan, í mótun manneskju (hóps) með sífelldum samanburði við aðra manneskju (hóp) sem er frábrugðin manni sjálfum. Í mótuninni verða til viðmið og hlutverk sem ýmist styrkja eða draga úr sjálfsvitund fólks (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2002). Þannig er samfélagi því sem stefnan fjallar um stillt upp í tvo einfaldaða hagsmunahópa; „okkur“ og „hina“, Íslendinga og útlendinga eða nánar tiltekið: íslenska karla og útlenska karla. Samfélagsleg staða, áhrif, þarfir og hagsmunir sem greina má út frá öðrum mismunarbreytum en þeim sem ótvírætt tilheyra skilgreindum hóp innflytjenda, útlenskra karla, eru ekki til athugunar. Þannig er mismunarbreytan þjóðernisuppruni, sem hópurinn útlendingar á bæði sameiginlega sem stærð til aðgreiningar frá hinum hópnum (Íslendingum) og einnig liggur til grundvallar aðgreiningar innan hópsins, ekki útfærð. Breytan kynhneigð sem ætla má að sé breytileg innan hópsins er ekki yrt og þar með útilokuð. Þó stór hluti útlendinga komi til landsins vegna vinnu við stóriðju- og byggingafrankvæmdir (Hagstofa Íslands, 2007) og tilheyri því sjálfkrafa sögulega viðurkenndri stétt verkafólks er hópurinn ekki skilgreindur sem slíkur og því staðsettur handan aðildar að pólitískri stéttabaráttu. Loks er tæplega helmingur hópsins útilokaður frá skilgreiningu og viðmiðun stefnunnar á grundvelli

breytunnar kyns en konur eru tæplega helmingur innflytjenda á Íslandi (Hagstofa Íslands, á.á.a). Skýrslan endurspeglar því í heild sinni samtvinnunarlíkön Verloo (2006) sem byggja á hvíta karlinum sem viðmiði og konum sem frávik. Ákvæði og yfirlýstur ásetningur stefnunnar um að tryggja mannréttindi er ekki tekinn til nánari athugunar eða útfærslu. Með því er litið framhjá fjölbreytileika samfélagsins sem tiltekinn er í tilvitnun í 65. gr. stjórnarskrárinnar og mismunarbreytur eins og kyn og þjóðerni er ekki til umfjöllunar.

Hinn íslenski kynþáttur er sögulega einsleitur og rómaður fyrir „hreinleika“ (Íris Ellenberger, 2007). Í stefnunni endurspeglast þessi sömu sjónarmið með beinum og óbeinum hætti. Þannig eru innflytjendur skilgreindir sem mögulegir smitberar áður óþekktra sjúkdóma sem þarfnist sértækra aðgerða. Viðmiðið er hinn hreini, heilbrigði karlkyns Íslendingur (Félagsmálaráðuneytið, 2007, 19). Mismunarbreytan kyn er sú breyta sem sætir hvað víðtækustum takmörkunum á Íslandi eins og annarsstaðar og kom fram í samtvinnunarlíkönun Verloo (Verloo, 2006). Í stefnunni eru ekki einungis konur af erlendum uppruna útilokaðar heldur *allar* konur; líka íslenskar. Íslenski karlinn er viðmiðið en hvergi í skýrslunni er vikið að íslenskum konum. Í hverjum kafla fyrir sig þar sem fjallað er um hin mismunandi samfélagssvið, menntunarkerfið, heilbrigðisþjónustuna o.fl. er talað um sviðið og stjórnendur sviðsins sem í miklum meirihluta eru karlar. Stjórnendur atvinnulífsins á Íslandi eru karlar og síðast en ekki síst er meirihluti ríkisstjórnar Íslands karlar (Hagstofa Íslands, á.á.b). Almenn afstaða og viðhorf skýrslunnar byggir því á undirskipun breytunnar kyns (Yuval-Davis, 2006).

Hinn íslenski karl er viðmið stefnunnar. Réttindi hans og kröfur liggja til grundvallar en útlenskum körlum er stillt upp sem andstæða eða þeim sem er ætlað að uppfylla efnahagslegar kröfur íslenskra karla. Stefnumótun skýrslunnar um málefni innflytjenda á Íslandi litast á þennan hátt af pólitísku áhugaleysi gagnvart öðrum en þeim sem standa að og hagnast á arðbærri framleiðslu samfélagsins. Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda frá árinu 2007 endurspeglar jafnframt stofnanabundið orðræðuforræði sem miðlar samþykktri vitneskju og þaggar um leið útbreiðslu annarrar þekkingar (Scott, 1996). Sem leikregla valdaása í íslensku samfélagi miðar stefnan þannig að því að viðhalda og styrkja það kapítalíska hagkerfi sem hún er sprottin úr. Pólitísk þekkingarsköpun og boðun af þessu tagi markast af þeirri grundvallarákvörðun,

að líta á karllægt viðmið nýkapítalísks nútímasamfélags sem algilt form án valkosta (Knapp, 2005). Í stuttu máli staðfestir skýrslan sjónarmið femínískra fræðikvenna um að kynjakerfi hvers samfélags byggist á yfirráðum karla og undirskipun kvenna. Kynjakerfið er hér (endur)mótað í skýrslunni og gildir sem viðmið í fjölmeningarsamfélagi Íslands sem nú er í mótun. Á þennan hátt er kynjuðum valdatengslum og útilokun kvenna frá samfélagsvöldum komið áfram á milli kynslóða og tímabila í mannkynssögunni (Scott, 1988/1999, 1996; Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 1997/2007, 2006).

Útilokun er ein tegund undirokunar og mótar menninguna sem við lifum í (Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 2006). Í skýrslu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda er leikreglum valdaása íslensks samfélags komið á framfæri (Yuval-Davis, 2006) og gamalt stigveldi sem byggist á undirskipun kvenna og yfirráðum karla endurmótað, staðfest og styrkt (Scott, 1988/1999). Skýrslunni er ætlað að vera stefnumótandi í uppbyggingu réttláts, íslensks fjölmeningarsamfélags. Í einhæfri umfjöllun hverfist stefnan þó að mestu um skyldur aðfluttra karla, varðveislu íslenskrar tungu og hagsmuni íslenskra karla. Í köflunum hér á eftir verður fjallað um þann hóp fólks sem í stefnunni sætir útilokun á grundvelli kyns: íslenskar og erlendar konur. Tekin verður til skoðunar saga og birtingamynd þriggja kyngerva kvenna sem móta menningu fjölmeningarsamfélags Íslands í dag.

### **III.3. Hnattvæðing kyngervis**

#### *Kyngervi*

Menning er dýnamískt, óstaðbundið ferli. Í ferlinu verða til gildi sem stundum eru mótsagnakennd, hafa mismunandi vægi og er misjafnlega beitt af þeim sem skapa menninguna. Ytri formgerð samfélaga, þjóðskipulagið, gegnir ákveðnu menningarbundnu mikilvægi. Miðlægar stærðir í hverju skipulagi eru hlutverk kynjanna. Í miðlun og mótun gegna táknrænar menningarvörður veigamiklu hlutverki fyrir viðhald menningar og samheldni menningarhópa. Táknin endurspeglast meðal annars í „kyngervi“ (*e. gender*) fólks og samfélagslegum hlutverkum þeirra sem aftur (endur)móta menninguna. Hver menning felur í sér ákveðna lífssýn og tilgang, bæði innan hvers menningarhóps og í samfélagi við aðra. Þó *allar* konur sæti ekki undirskipun er ljóst að það samfélagskerfi



sem við búum í byggir á almennri félagslegri undirskipun kvenna sem er túlkuð með kyngervi (Yuval-Davis, 1997/2007).

Í fyrsta hluta þessa kafla verður að mestu leyti fjallað um einfalda birtingamynd kyngerva og þau kynjuðu valdatengsl sem liggja til grundvallar kyngervum og samfélaginu öllu. Síðan verður gerð grein fyrir því hvernig kyngervi kvenna mótast í takt við efnahagslegar og pólitískar forsendur samfélaga. Gripið verður niður í tímabil sögulegs umróts, frá tímum nýlendustefnunnar til nýkapítalismans og þannig sýnt fram á hvernig efnahagslegar og pólitískar sviptingar móta kyngervi kvenna. En fyrst að skilgreiningu á hugtakinu kyngervi.

Hugtakið kyngervi hefur verið miðlægt í femínískum kenningum síðastliðin 20 ár. Kyngervi er í grunninn skilgreint sem hinn félagslega mótaði munur á konum og körlum (Smith, 2005). Á íslensku er hugtakið gegnsætt og ber í sér tilvísun í gagnvirk áhrif „kyns“ og „gervis“; samspil hins samfélagslega gervis og þess kyns sem það ber. Jafnframt er hugtakið kyngervi skylt orðinu „atgervi“ sem stendur fyrir mikla andlega og líkamlega hæfileika (Árni Böðvarsson, 1985). Þó hugtakið kyngervi sé gegnsætt felur merking þess í sér flókna og oft ósýnilega víxlverkun huglægra og efnislegra þátta. Konum og körlum eru eignaðir mismunandi eiginleikar sem endurspeglast í kyngervi viðkomandi sem aftur hefur áhrif á sjálfsmynd manneskjunnar, samfélagslegt hlutverk hennar og öfugt. Kyngervi er miðlæg stærð á öllum sviðum hins félagslega. Kyngervi manneskju mótar sjálfsmynd hennar og skynjun og hefur áhrif á samskipti fólks og sköpun samfélagslegra stofnana (Smith, 2005).

Kyngervi er ekki föst stærð heldur (endur)mótast stöðugt í flókinni samtönnun menningarlegra þátta. Þannig er kyngervi meðal annars samsett úr þeim breytum sem fjallað var um í kaflanum um samtönnun líkt og uppruna, þjóð og stétt. Kyngervi manneskju er bæði mótanlegt og breytanlegt eftir því hvar manneskjan er stödd í tíma og rúmi. Á þennan hátt hefur kyngervi manneskju mismunandi merkingu eftir því hvar hún er staðsett í heiminum og á hvaða tímabili ævi sinnar viðkomandi er. Svört múslimakona hefur ekki sömu samfélagslegu stöðu í Afríku og á Íslandi og barnlausar konur hafa aðra stöðu í samfélögum en konur sem eiga börn svo eitthvað sé nefnt. Kyngervið er með öðrum orðum dýnamískt og felur því einnig í sér viss tækifæri; möguleika á breyttum formerkjum, breytingu á samfélagslegu hlutverki og uppstökkun félagslegra gilda

(Yuval-Davis, 2006). Kyngervi kvenna hefur þó haldist bundið ákveðnum hlutverkum í gegnum söguna og breytingarnar verið tengdar yfirborðinu eða ásýndinni. Rætur hefðbundinna kynhlutverka kvenna liggja djúpt í menningunni.

Vestrænar hugmyndir um kynin og samfélagslegt hlutverk þeirra byggjast á kenningu gríska heimspekingsins Platons um andstæðupar tvíhyggjunnar; hið karllæga og hið kvenlæga. Samkvæmt tvíhyggjunni var hlutverk konunnar bundið við móðurhlutverkið og einkasviðið. Konan var talin stjórnast af tilfinningum og vera nær náttúrunni en karlinn. Platon gekk jafnvel svo langt að vara við konum sem uppsprettu lasta samfélaginu. Konum hefur þannig lengi verið skipt í tvo hópa sem hverfast annars vegar um móðurhlutverkið og hins vegar um ódygð. Karlar voru skilgreindir sem andstæða kvenna. Þeir voru taldir holdgervingar skynsemi og vísdoms, létu stjórnast af rökum og voru þess vegna álitnir réttmætir handhafar valdsins í samfélaginu. Þeirra var hið opinbera svið. Heimsmynd Grikkja til forna byggði á ákveðinni stigveldaskipan þar sem karlinn trónaði hæst í píramídanum og stjórnaði. Konur og þrælar töldust til eigna karla og nutu ekki þegnréttar í samfélaginu. Mismunur kynjanna og misskipting valdsins hefur allar götur síðan verið réttlætt með platónskri heimspeki (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002a). Valdið hefur verið tengt karlinum og það er hans saga sem mannkynssaga undangenginna árbúsunda hefur snúist um. Konur hafa á móti, í öllum þekktum menningarsamfélögum, sætt félagslegri undirskipun (Scott, 1988/1999; Yuval-Davis og Werbner, 1999; Einhorn, 2006).

Heimsmynd tvíhyggjunnar byggir á ógagnrýnni greiningu á samfélagi þess tíma. Í greiningunni urðu til viðmið sem var viðhaldið og miðlað milli kynslóða fram til okkar daga. Kenningar sagnfræðingsins Joan W. Scott (1988/1999) byggjast á þessum forsendum. Samkvæmt Scott grundvallast samfélagslegar hugmyndir um kynin á því að karlmennska og kvenleiki séu tveir ólíkir pólar sem hverfast í samfélagslegri skautun. Karlmennska og kvenleiki bæði útiloka og byggja á hvort öðru. Í skautuninni njóta kynin þó ekki jafns vægis því í sögulegri framvindu hefur karlkynið orðið félagslega mikilvægara en kvenkynið lítilvægara. Til grundvallar kynjafræðilegri nálgun Scott (1988/1999) liggur skilgreining hennar á hugtakinu kyngervi sem samfélagslegri túlkun á manneskju með tilvísun í líffræðilegan kynjamun. Á hverjum stað og tíma eru kynin túlkuð út frá ríkjandi menningu. Túlkunin endurspeglast í ásýnd sem aftur mótar atgervi

manneskjunnar og öfugt og þannig verða til kyngervi hverrar menningar. Kyngervi er ekki einangrað eða sértækt fyrirbrigði heldur flyst milli menninga og kynslóða í daglegri orðræðu og táknum (Scott, 1988/1999).

Caroline New (2004), fylgiskona gagnrýnnar raunhyggju, tilheyrir þeim hópi fræðikvenna sem gengur útfrá líffræðilegum mun kynjanna sem náttúrulegum og tengdum æxlunarhlutverki líkamanns en kyngervi sem menningarlegri sköpun. Samkvæmt New er merking og skírskotun kyngervis háð félagslegu og menningarlegu samhengi sem er alltaf þýðingarmikið í samfélögum fólks. Kyngervi vísar til samfélagslegrar túlkunar og birtingamynda á líffræðilegum mun kynjanna. Kyngervi lýsir hugmyndum, gildum og væntingum tengdum kynjunum og hinum félagslegu tengslum sem liggja til grundvallar kyngervi. Kyngervið birtist með öðrum orðum í ásýnd og atgervi manneskju sem er mismunandi eftir ríkjandi menningu þess hóps sem manneskjan tilheyrir (New, 2004).

Kyn kemur verufræðilega (*e. ontologically*) á undan kyngervi. Kyn er eitt hinna mörgu gangverka (*e. mechanism*) sem með starfsemi sinni skapa kynjahlutverk. Kyngervi er ótvírætt tengt kyni, en hvorki í þeim skilningi að það túlki eingöngu eða tjái kyn né er það smættað í eða ákvarðað einungis af kyni. Kyngervi er tengt kyni af því að kyn er viðmið þess og grunnur, það afl og eiginleiki sem hugmyndir um kyngervi og kyngervaskipulag er ljáð mikilvægi með. Kyngervi er hærra stigs gangverk (kemur á eftir grunnangverki kyns) og er ríkt af formerkjum eða þáttum sem hvetja eða hefta þjóðfélagslega þátttöku fólks eftir því kyni sem vísað er til. Kyngervi einstaklinga er í stöðugri mótun alla ævi og er mörkuð af menningarlega viðteknum hugmyndum um kynin. Kyngervið ákvarðar hvað við sem manneskjur getum gert. Ef kyngervi væri ekki svona sterkt og ríkt af samfélagslegum skilgreiningum ættum við meiri möguleika sem manneskjur (New, 2004).

Með öðrum orðum er kyngervi grundvallarbreyta í tákngervingu samfélagslegra valdatengsla. Kynjuð valdatengsl endurspeglast bæði í samskiptum fólks og samfélaginu öllu. Sá samfélagslegi þekkingargrunnur sem mótar mismununina liggur því jafnframt til grundvallar valdinu. Á þennan hátt er mismunun kynjanna viðhaldið í samskiptum fólks frá degi til dags; frá kynslóð til kynslóðar. Rannsóknir Scott miðast m.a. af því að skoða tengslin á milli sjálfsmyndar kynjanna og möguleika þeirra til samfélagslegra áhrifa og

### *Vaðmál og netsokkar: Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi*

valda, eða hvernig mótun sjálfsmýndar í ráðandi valdastrúktúr hamlar eða hvetur viðkomandi til félagslegrar virkni (Scott, 1988/1999). Hugmyndin um sjálfsmýndarmótun sem hér er vísað til byggist á einfölduðu samspili andstæðna; sífelldum samanburði manneskju við það sem er frábrugðið henni sjálfri og í mótuninni verða til viðmið og hlutverk sem ýmist styrkja eða draga úr sjálfsvitund viðkomandi (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 2002). Sjálfsmýndarmótun er samkvæmt þessu tvíbent. Hún styrkir manneskjuna sem hluta af tilteknum hóp en stuðlar jafnframt að aðskilnaði mismunandi hópa. Hinir mismunandi hópar samfélagsins mótast á grundvelli ólíkra þátta eða mismunarbreyta, svo sem kyni, kynþætti, stétt o.fl., en nánar verður vikið að því síðar.

Kenningar Scott (1988/1999) byggjast á einfaldri greiningu á hinum almennu félagslegu tengslum kvenna og karla. Þvert á aðrar félagslegar breytur tilheyrir manneskja alltaf öðru hvoru kyninu og ber því óumflýjanlega samfélagslega útteilt kyngervi sem markar stöðu og völd þess sem í hlut á. Scott bendir á að kyngervi, eða menningarbundnum hugmyndum um kynin, sé ekki einungis viðhaldið milli kynslóða, heldur séu þær sífellt endurmótaðar réttlættar og jafnvel styrktar undir nýjum kringumstæðum. Þannig hafi sögulegar (um)byltingar oft leitt til frekari aðskilnaðar kynjanna og valdeflingar karla á kostnað kvenna (Scott, 1988/1999). Kyngervi mótast í samræmi við hnattræna, menningarlega framvindu. Nú verður vikið að mótun kyngervis á því tímabili mannkynssögunnar sem almennt er talið upphaf hnattvæðingar.

### *Frá nýlendustefnu til iðnvæðingar: Fóstrur og frillur*

Almennt er upphaf hnattvæðingar rakið til byrjunar nýlendutímabilsins á 15. öld sem fól í sér aukna verslun og fólksflutninga á milli landa og heimsálfa. Í kjölfarið breyttust lífnaðarhættir fólks sem leiddi til nýrrar heimssýnar. Menningar þjóða og þjóðarhópa tóku umtalsverðum breytingum. Breytingarnar urðu til í gagnvirku ferli hnattvæðingarinnar en endurspegluðu jafnframt þau efnahagslegu valdatengsl sem þar lágu til grundvallar. Megininntak nýlendustefnunnar var að valdameira ríki lagði valdaminna ríki undir sig í hagnaðarskyni. Nýting auðlinda nýlendu og möguleikar verslunar nýlendustjórnar með auðæfi nýlendunnar var undirstaða hagkerfis nýlendustefnunnar. Þau valdatengsl sem styrktust í skjóli nýlendustefnunnar eru af mörgum fræðimönnum talin grunnur hnattrænna valdatengsla dagsins í dag. Efnahagsleg

völd flytjast á þennan hátt frá einni kynslóð til annarrar og frá einu tímabili til annars (Enloe, 1989/2000; Yuval-Davis & Werbner, 1999; Parreñas, 2005).

18. og 19. öld einkenndust af upplýsingu, tækni- og iðnvæðingu og upprætingu þrælahalds. Á sama tíma var athafnasviði fólks í auknum mæli skipt í tvö svið: hið opinbera svið og einkasviðið. Kynin urðu enn frekar skilgreind út frá samfélagslegu hlutverki sínu og voru karlar tilgreindir sem fyrirvinnur og fulltrúar opinbera sviðsins og konum var eignað einkasviðið (Connell, 1995; Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Andersen, 2006). Samhliða steig hinn pólitíski einstaklingur Vesturlanda fram á sjónarsviðið sem hvítur karl af millistétt. Sálfræðileg einkenni hins pólitíska einstaklings voru meðal annars skynsemi og framfaraprá sem ríma við þá eiginleika sem karlinum voru tileinkaðir í eðlishyggjunni. Sjálfsmýnd (hvíta) karlmannsins hefur verið sett fram sem sjálfsmýnd heilla þjóða og þar með hefur hún tryggt körlum samfélagsleg, viðskiptaleg og stjórnmálaleg yfirráð. Konur voru aftur á móti skilgreindar sem andstæða karlsins; áhrifalausar og bundnar á einkasviðinu (Scott, 1988/1999; Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Í bók sinni *Kúgun kvenna* frá árinu 1869 lýsti John Stuart Mill hlutskipti kvenna í hjónabandi á þeim tíma á eftirfarandi hátt: „Hjónabandið er hin eina verulega ánauð [...]. Eftir lögunum er eigi frammar neinn þræll til nema húsfreyjan á hverju heimili.“ (Mill, 1869/2003, 229). Samfélagslegt hlutverk kvenna var líkt og á dögum Platon tvíþætt og að mestu bundið líffræðilegu kynhlutverki, við kynmök og barneignir og þær skilgreindar sem „fóstrur“ eða „frillur“ (Mill, 1869/2003, 256).

Móðurhlutverkinu, eða fóstruhlutverkinu, var gefin pólitísk merking enda barneignir nauðsynlegar fyrir tilvist hvernar þjóðar. Við þessa áherslu hélt sjálfsmýnd kvenna lengi samofin móðurhlutverkinu og einkasviðinu og samkvæmt skilgreiningunni og boðuninni skilyrti kyngervi þeirra og sjálfsmýnd sem mæðra gerendamátt og tilkall kvenna til opinberra valda (Yuval-Davis, 1997/2007; Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Samfélagsleg tækifæri kvenna lágu því á einkasviðinu og takmörkuðust að miklu leyti af möguleikum þeirra á hjónabandsmarkaði. Fram að hjónabandi var hinn táknræni gjaldmiðill sem jafnvel fleytti konum yfir félagslegar hindranir líkt og stéttamismun útlit þeirra eða menningarlega skilgreind fegurð (Wolf, 1991/2002). (Ungar) konur voru skilgreindar og skilgreindu sig sjálfar út frá samfélagslegum útlitsstuðlum og „fegurðarímynd“ eða kvenlegu kyngervis þessa tíma. Samkvæmt Mill var þessi þröngi

stakkur sem konum var búinn bæði það sem orsakaði og viðhélt undirokun þeirra, því „[a]f ófrelsinu kemur einnig fýsn kvenna til að vera fríðar [...]“ (Mill, 1869/2003, 266). Samhliða iðnvæðingunni varð útlit kvenna sífellt samfélagslega mikilvægara og strax á fyrstu árum frjálshyggjunnar varð menningarlega skilgreind fegurð kvenna, bæði fyrir og eftir hjónaband, veigamikill þáttur í mótun á kvenlegu kyngervi (Mill, 1869/2003; Wolf, 1991/2002).

Frillum eða vændiskonum var aftur skipt í tvo hópa. Annarsvegar fordæmdu vændiskonuna „hina föllnu konu“ sem stóð samkvæmt hefðinni fyrir utan lög og rétt og hinsvegar „saklaust fórnarlamb“ misindismanna sem gjarnan var ímynd æsku og varnarleysis (Doezema, 2005). Seinni ímyndin, ímynd saklausa fórnarlambins, var samtvinnað hugtakinu „hvít þrælasala“ sem stóð í andstöðu við „svart þrælahald“ sem á þessum tímum var orðið umdeilt og á undanhaldi. Sjálft hugtakið hvít þrælasala felur í sér rasískt viðorf, þ.e. aðgreiningu frá og upphafningu yfir svarta þrælasölu. Hugtakið var beinlínis notað til að gera lítið úr þrælasölu Afríkubúa. Útlendingar, þ.e.a.s. innflytjendur, voru gerðir ábyrgir fyrir hvítu þrælasölnni, enda þótti óhugsandi að hvítar konur hefðu sjálfviljugar samræði við menn af öðrum þjóðernisuppruna en þeirra sjálfra. Samþætt rasísku inntaki hugtaksins um hvíta þrælasölu voru æska, sakleysi og skírleiki; eiginleikar eignaðir ungum hvítum konum sem hvítir karlar settu lög um til að varðveita. Samofin umræðunni um þá kynferðislegu ógn sem steðjaði að hvítum konum, sérstaklega á ferðalögum, var áherslan á stöðu kvenna og ábyrgð þeirra heima fyrir. Óttinn við hvítu þrælasölnu var þannig notaður til að halda konum heima, á einkasviðinu (Doezema, 2000).

Hugmyndin um hið hvíta siðgæði tengt hvítum konum á sér langa sögu og kristallaðist á tímum þjóðernishyggju og nýlendustefnu. Ferðalög og búferlaflutningar hvítra kvenna voru talin stefna bæði heiðri þeirra og frelsi í hættu, á meðan „útrásin“ var tengd jákvæðum gildum karlmennskunnar. Karlanna var að nema land og líkamar innfæddra kvenna voru hluti landnámsins (Enloe, 1989/2000; Keddie, 2007). Í nýlendunum var kynlífssamband nýlenduherra við innfæddar konur samþykkt og algengt. Á sama tíma voru sambönd hvítra kvenna við innfædda karlmenn fordæmd. Hvítar konur voru táknið siðgæðis og heiðurs hvítrar menningar og arfleiddar (Enloe, 1989/2000). Á þennan hátt hefur konum lengi verið stýrt af valdhöfum í efnahagslegu ferli. Frá upphafi

hnattvæðingar hafa þau gildi sem þjónuðu hagsmunum ráðandi karla legið í fyrirrúmi. Konur sem tilheyrðu ráðandi menningu voru gerðar að ímynd hennar og stoðum því þeirra var að viðhalda menningunni (Yuval-Davis, 1997/2007). Konur af öðrum stéttum en ráðandi lutu hinsvegar öðrum skilgreiningum og voru oft réttláusar. Konur hafa þannig verið flokkaðar og greindar í samræmi við hagsmuni þeirra karla sem fara með efnahagsleg völd. Ímynd kvenna, hlutverk, staða, kynverund (*e. sexuality*) og útlit eða með öðrum orðum; kyngervi þeirra, markaði þannig samfélagsleg tækifæri þeirra og hlutskipti, þvert á landamæri.

Í kjölfar iðnvæðingarinnar var kvannahreyfingin mynduð og konur kröfðust þess að fá samfélagslega hlutdeild til jafns við karla (Þorgerður Einarsdóttir, 2004; Andersen, 2006). Kvannahreyfingin benti frá upphafi á þær félagslegu takmarkanir og höft sem útlitsmiðuð ímynd hefur á stöðu kvenna. Þrátt fyrir gagnrýni bæði fyrstu og síðar annarrar bylgju femínista á útlitsmiðaða félagsmótun kvenna (Vilborg Sigurðardóttir, 2001; Andersen, 2006) jókst þessi þróun með tímanum og kristallaðist loks í óheftri markaðssetningu kvenleikans og kvenlegrar kynverundar í skjóli nýkapítalismans undir lok síðustu aldar.

#### *Nýkapítalisminn: Markaðssetning kvenleikans*

Í lok áttunda og byrjun níunda áratug síðustu aldar féll kommúnisminn, kapítalisminn nam ný lönd og nýkapítalisminn varð til. Um leið færðist þungi valdsins frá ríki til markaðar (Einhorn, 1993, 2006; Yuval-Davis, 1997/2007) og samfélagsleg áhersla færðist frá félagslegum réttindum yfir á efnahagslega hagsæld. Hinn almenni þegn vestrænna samfélaga varð í auknum mæli skilgreindur útfrá neyslu á kostnað félagslegra réttinda velferðarsamfélagsins (Yuval-Davis, 1997/2007). Samfélag nýkapítalismans, markaðssamfélagið, mótaðist af frekari útfærslu frjálshyggju fyrri tíma, á óheftu frelsi einstaklingsins, nú til verslunar og neyslu. Samfélagsþegninn var eftir sem áður ekki án ábyrgðar en frelsi eins takmarkaðist við ofbeldi á öðrum (Mill, 1869/2003; Frjálshyggjufélagið, á.á.). Hinn frelsishafandi einstaklingur nýfrjálshyggjunnar var þó ekki skilgreindur, né heldur ofbeldi eða hvar mörk tveggja eða fleiri frjálsra manneskja liggja. Markaðsvæðingin virtist því óbeisluð.

Samhliða tók ímynd kvenna á Vesturlöndum stakkaskiptum. Áður ósamrýmanleg kvenhlutverk og ímyndir, fóstran og frillan, runnu saman í nýja glansmynd: nútímakonuna (Einhorn, 1993). Útlit kvenna eða samfélagslega skilgreind kvenleg fegurð breyttist jafnframt úr táknrænum gjaldmiðli í beinharða peninga. Fyrirmyndar (hús)móðirin yfirgaf einkasviðið og hin kynferðislega aðgengilega, ögrandi kona steig fram á almenningssviðið. Útlits- og æskudýrkunin varð allsráðandi og markaðssetning og sala (klámvædds) kvenleika velti milljörðum sem skilaði sér í jöfnum og stígandi hagvexti vestræns markaðsbúskapar (Wolf, 1991/2002). Tískan, sem hefur gengt því hlutverki að undirstrika samfélagslega skilgreint kyngervi og móta ásýnd, miðaðist nú að því að ýkja kyngervi kvenna til muna. Á þennan hátt varð útlit konunnar; líkaminn, klæðnaður, fylgihlutir, andlitsmálning, hár o.fl., sem gjarnan er menningarlega tengt kvenleika, ýkt og með aukna skírskotun í kynferðislegt aðgengi. Hlutverk vestrænna kvenna hefur með öðrum orðum þróast sífellt meir í þá átt að verða þáttur af flæði frjáls markaðar. Konan er nú bæði neytandi og neysluvara (Wolf, 1991/2002; Einhorn, 1993). Hið dæmigerða hlutverk karla á Vesturlöndum er líka tvöfalt en einskorðast þó við virkni; framleiðslu og neyslu, og ásýnd hans er hefur ásjónu hins algilda (Smith, 2005).

Í sköpun félagslegrar sjálfsmyndar og sjálfsvitundar verður til þekking sem aftur getur af sér verklag sem viðheldur hringrásarferli viðkomandi kerfis (Chambon, Irving & Epstein, 1999). Með öðrum orðum byggist hin félagslega sjálfsmynd manneskju á Vesturlöndum ekki einungis á samanburði við aðrar manneskjur eða hópa heldur liggja viðmið stórsamfélagsins eða markaðarins til grundvallar. Sjálfsmynd er þannig ekki tilviljunarkennt eða sjálfstætt mótað fyrirbrigði heldur er sköpun hennar og viðhald samofin félagslegum valdatengslum. Valdatengsl eru bundin stjórnaskipulagi og hagkerfi viðkomandi lands sem í gegnum söguna hefur verið stýrt af (hvítum) körlum (Scott, 1988/1999; Enloe, 1989/2000; Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 1997/2007; Smith, 2005). Hagkerfi Vesturlanda myndar grundvöll fyrir framboði á markaði sem aftur mótar eftirspurn og öfugt. Í gagnvirku ferli á sér stað sköpun samfélagslegra viðmiða sem eru áhrifavaldar í mótun hvernar manneskju. Í sjálfsmyndarmótuninni verða til hlutverk sem ýmist styrkja eða draga úr sjálfsvitund þess sem í hlut á, allt eftir samsvörun viðkomandi við ríkjandi norm, enda er það lykilatriði að sjálfsmynd sé samþykkt og viðurkennd af öðrum. Á þennan hátt miðast allar athafnir fólks í daglegu lífi við valdatengsl stærra



samfélagsmengis. Formgerðin sjálf, innri og ytri tengsl, er ekki sýnilegt né heldur hvernig fólk tekur þátt í að viðhalda og endurskapa þessi tengsl (Smith, 2005).

### *Kyngervi, vald og þekking*

Samfélögum sem byggjast á nútímahagkerfi og hnattvæðingu fylgir óumflýjanlega aukið tengslaleysi. Samspil og samskipti fólks, fyrirtækja og ríkja verða sífellt ógagnsærri og ferlin flóknari. Þannig er til dæmis illmögulegt fyrir hinn almenna neytanda á markaði Vesturlanda að tengja vöru við uppruna sinn og setja þar með sjálfa(n) sig og eigin neyslu í félagslegt og efnahagslegt samhengi (Kristín Loftsdóttir, 2001; Smith, 2005). Þannig er framleiðsla og neysla á vestrænni tískuvöru og útlitsmótandi aðgerðir, þ.e. sköpun kvenlegs kyngervis, hluti af ógegnsæu, efnahagslegu ferli. Hinn tískutengdi útlitsmótandi markaður veltir stjarnfræðilegum upphæðum (Wolf, 1991/2002). Konan gegnir margþættu hlutverki í ferlinu. Hún er þátttakandi í framleiðslu, hlutgerð ímynd vörunnar í auglýsingum og neytandi á almennum markaði; íklædd vörunni eða kyngervinu.

Hið efnahagslega samhengi eða hagkerfið sem fyrirbæri felur einnig í sér skilgreiningar á óhlutbundnum tengslum sem varða athafnir fólks. Þetta á einnig við þær víddir efnahagsmála sem eru óháðar einstaklingsbundnum ákvörðunum. Hagfræðileg hugtök eins og „fjármagn“ (*e. capital*) hefur verið mikið í faglegri og almennri orðræðu nútímans. „Frjálst flæði fjármagns“ hefur verið eitt af töfrahugtökum nýkapítalismans og þó að hugtakið endurspegli hreyfanleika peninga í nútíma hnattvæðingu er nákvæm merking þess falin.

Hugtakið fjármagn fangar ferli og í ferlinu felast viss félags- og valdatengsl. Þannig innifelur orðið fjármagn samskipti framleiðanda, vinnuafls, markaðsfræðinga, verslunarfólks og neytenda svo eitthvað sé nefnt. Í hnattvæðingunni eru þeir aðilar sem koma að framleiðslu, kaupum, sölu og neyslu einnar vöru frá mörgum þjóðum og lifa við mismunandi skilyrði. Í ógagnsæu ferli verða mismunandi gildi illgreinanleg og hagsmunir þeirra sem völdin hafa stýra ferlinu. Hugtakaveruleikinn, sem almenningi er að miklum hluta hulinn, er nauðsynlegur fyrir tilvist fyrirtækja og félagslegra stofnana og telst til þeirra grunnþátta sem halda hagkerfinu gangandi. Með öðrum orðum: Þekking er félagslega formuð og hugtök fela í sér og endurmóta í endurtekinni notkun þau valdatengsl fólks, stofnana og samfélaga sem liggja til grundvallar. Þekkingin sjálf er

sköpuð til skilgreiningar og styrkingar félagssviða af þeim sem fara með umboð viðkomandi sviðs. Samfélagslegt vald og þekking eru á þennan máta samofin og viðhaldið í miðlun milli valdhafa kynslóðanna (Smith, 2005).

Stjórnendur auðlinda eru (hvítir) karlar og þeirra er þekkingin og orðaforræðið. Vísindin hafa einkennst af því að búa til alhæfandi lýsingar af raunveruleikanum sem einskorðast við sjónarhorn hvítra karla (Hill-Collins, 1990/2000). Karllæg gildi eru almenn gildi (Marshment, 1997). Konur, sem undirskipaður hluti kynjaðra valdatengsla, eru útilokaðar frá sömu öflum og þar með sviptar skilgreiningarvaldi (Scott, 1988/1999, 1996; Smith, 2005). Kyngervi ber þannig í sér bæði hlutlæga og huglæga valdaskiptingu sem er samtvinnuð löghelgun valdsins sjálfs. Menningarlegar hugmyndir um vald, valdatengsl kynjanna og kynbundin mismunun, eru stöðugt endurmótaðar, réttlættar og styrktar undir nýjum samfélagslegum kringumstæðum (Scott, 1988/1999).

Sem sívirk grundvallarbreyta félagslegra valdatengsla er kyngervi innbyggt í og mótað af öllum þáttum mannlegs samfélags. Kyngervi er á flókinn og oft ógegnsæjan hátt samtvinnað öllum sviðum menningarinnar, hugmyndum og hugtökum, sem endurspeglast í stærri og smærri samfélagseiningum, fjölskyldunni og stórsamfélaginu; trú, stjórnámálum, vísindum o.fl. Hugmyndirnar birtast sem alhæfandi staðhæfingar og byggjast á afneitun andstæðu sinnar sem um leið takmarkar aðra félagslegra möguleika. Dæmi um þessa birtingamynd eru bókstafstrúarhópar sem með valdbeitingu tengja eigin boðskap endurheimt kynbundinna hefða, sem jafnvel eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum, og bæla um leið aðra valkosti. Kyngervi er einnig samofið menningarlegum táknum og mýtum sem standa sem vottur fyrir samfélagslega hópa með tilvísun í stærri formgerðir menningarlegra hugmynda. Þannig standa t.d. Eva og María, frillan og fóstran, sem tákn fyrir tvær tegundir kvenna og um leið spillingu og sakleysi, sem aftur hefur áhrif á mótun og möguleika kvenna. Ytri byrði hins mannlega sníða svo aftur hin innri og þannig skapar og endurskapast kyngervi af huglægri sjálfsmynd fólks. Á þennan hátt liggur kyngervi til grundvallar öllum menningarlegum hlutverkum kynjanna. Staðsetning manneskju í samfélagi mótast af mörgum mismunandi breytum svo sem þjóðernisuppruna, stétt og trúarbrögðum svo eitthvað sé nefnt og endurspeglast allar í kyngervi manneskju líkt og fram hefur komið (Hill-Collins, 1990/2000; Scott, 1996; Yuval-Davis, 2006).

Kyngervi kvenna í íslensku samfélagi eru ekki einsleitt. Margbreytileiki íslenskra kvenna endurspeglast á mismunandi vegu og er mótaður af ólíkum breytum svo sem þjóð, trú, stétt sem aftur skapar kyngervi þeirra og staðsetningu á hinum félagslegu og menningarlegu ásum (Yuval-Davis, 2006). Hin sögulega og menningarlega mótun kyngervisins hefur ákvarðandi áhrif á samfélagslega þátttöku og gerendamátt kvennanna (Scott, 1988/1999, 1996; New, 2004; Smith, 2005). Í kaflanum hér á eftir verða mismunandi kyngervi kvenna á Íslandi nútímans reifuð og sögulegur bakgrunnur þeirra skoðaður. Fjallað verður um mismunarbreyturnar kyn, þjóðerni, trú, stétt og uppruna sem hafa mótandi áhrif á kyngervi kvenna á Íslandi. Þau kyngervi sem fjallað verður um undir nöfnunum „blæja“ og „berskjöldun“ bera í sér táknrænar tilvísanir í menningarbundnar hefðir sem birtast í hjúpuðu eða afhjúpuðu kyngervi kvenna. Fjallað verður um kyngervi sem borist hafa til Íslands með hnattvæðingunni en fyrst verður gripið niður í tímabil sögulegrar mótunar og áhrifaþátta á kyngervi íslenskra kvenna.

#### **IV. Kyngervi kvenna á Íslandi**

Í köflunum hér á eftir verður fjallað um mismunandi kyngervi kvenna í íslensku nútímasamfélagi. Kyngervin fela í sér ólíkar menningarlegar skírskotanir sem byggjast á mismunandi vægi breyta í samsetningunni, svo sem þjóðerni og trú. Breytan kyn liggur til grundvallar og sameiningar en ásamt öðrum breytum ákvarðar samsetning breytanna í heild sinni félagslega stöðu kvennanna og möguleika þeirra til að hafa samfélagsleg áhrif. Kyngervi íslenskra kvenna verður greint með hjálp fræðilegra gagna, bæði frumheimilda og annars stigs heimilda. Auk þess verða tvö önnur kyngervi kvenna á Íslandi greind út frá fyrirliggjandi rannsóknum og gögnum og einnig með þátttökuathugunum eins og áður hefur verið skýrt frá. Fjallað verður um kyngervi kvenna frá Austur-Evrópu og kyngervi múslimakvenna. Þessi kyngervi voru valin af tveimur ástæðum. Kyngervin fela í sér ólíkar tilvísanir, annars vegar tilvísun í trú og hins vegar tilvísun í pólitískan og efnahagslegan bakgrunn. Kyngervin tilheyra einnig stærri hópum fólks sem mynda misstóran þátt í íslensku nútímasamfélagi. Innflytjendur frá Austur-Evrópu mynda meirihluta innflytjenda á Íslandi og eru í opinberri umræðu tengdir efnahagslegri uppbyggingu landsins. Múslimar á Íslandi eru lítill hópur. Múslimar eru hins vegar sá

samfélagshópur sem vaxið hefur hlutfallslega hraðast á undanförunum árum (Hagstofa Íslands, á.á.d). Konur þessara ólíku samfélagshópa og menningarbundið hlutverk þeirra sem endurspeglast í kyngervinu hefur verið óyrt.

Þá verður stuttlega varpað ljósi á sköpun kyngervis íslenskra karla, hins íslenska viðmiðs, sem í stefnu ríkisstjórnarinnar og samfélagslegri umræðu um fjölmenningsamfélag Íslands er sveipað ásýnd hins algilda. Til grundvallar liggur kenning Scott (1988/1999) um sköpun og viðhald valdatengsla sem eiga sér stað í gagnvirku samspili hin kvenlega og hins karllæga. Til þess að skýra viðfangsefnið, kvenleg kyngervi, er nauðsynlegt að reifa söguleg ágríp af viðmiðinu: Kyngervi íslenskra karla.

Til þess að varpa ljósi á þau ólíku kyngervi sem nú verður gerð grein fyrir nægir ekki einföld uppstilling efnahagslegra, pólitískra eða trúarlegra hagsmuna. Því er lauslega gripið niður í sögulega þróun og tengingu ólíkra tímabila við nútímann. Þannig eru tvö tímabil íslenskrar sögu tekin til athugunar og áhrif þeirra á stöðu kvenna greind. Í greiningu á kyngervi múslimakvenna verður nýlendutímabilið skoðað sem er tvinnnað frönskum veruleika í dag og í umfjöllun um kyngervi kvenna frá Austur-Evrópu verður hrun fyrrum ríkissósíalísku ríkjanna tengt áhrifum í efnahagslegri hnattvæðingu nútímans. Dregnar verða upp (í)myndir af kyngervunum fyrr og nú, og gripið niður í þau hugmyndafræðilegu áhrif og áhrifavalda sem liggja að baki. Gengið er út frá þeirri grunnhugmynd femínískra kenninga að veröldin eins og við þekkjum hana sé mótuð og skilgreind í samræmi við tiltekna hagsmuni hvers samfélags. Hugmyndafræðilegar áherslur koma fram bæði í formgerðum og menningarlegum myndum og þannig hafa efnislegar og huglægar áherslur hvers tímabils endurspeglast í samfélagslegri samsetningu og kyngervi þjóða og þjóðarbrotá (Scott, 1988/1999, 1996; Yuval-Davis, 1997/2007).

#### IV. 1. Af stakkaskiptum íslenskra kyngerva

##### *Kvenlegur hreinleiki íslenskrar þjóðar*

Skilgreiningar á þjóð hafa verið settar fram út frá ýmsum sjónarhornum. Þannig hefur hugmyndin um þjóð gjarnan verið tengd uppruna fólks frá tilteknu landsvæði sem á sameiginlega sögu og talar sama tungumál. Þjóð er í þeim skilningi einskonar náttúruleg framlenging á fjölskyldunni (Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 1997/2007). Þessi skýring virðist eiga vel við um smærri, einangraðar þjóðir líkt og Ísland. Pólitísk hugmyndafræði þessarar skilgreiningar er þjóðernisstefnan. Konurnar og karlarnir sem mynda þjóð eru áhrifamestu þættirnir í sköpun hennar (Yuval-Davis, 1997/2007). Samkvæmt femínískri mótunarhyggju eru konur og karlar félagslega mótuð og einnig aðrir þættir samfélagsins sem stýra samfélaginu og hlutskipti þegnanna svo sem vald og valdaleysi, þ.e.a.s. þeir tveir grunnþættir sem þvert á hugmyndafræði móta möguleika manneskju í samfélögum (Hill-Collins, 1990/2000).

Konur og ímyndir kvenna gegna veigamiklu hlutverki í því ferli að skapa og viðhalda vitund um þjóð. Í mörgum þjóðfélögum eru konur skilgreindar sem dýrmæt „eign“ þjóðarinnar. Ímynd kvenna sem mæðra liggur til grundvallar hverju ríki og styrkist við samfélagsleg straumhörf. Karlar skipa sér hlutverk sem verjendur kvenna og þar með heiðurs heildarinnar (Enloe, 1989/2000; Yuval-Davis, 1997/2007; Doezema, 2005). Hlutverk kvenna felst ekki einungis í því að viðhalda þjóðinni heldur einnig hreinleika hennar og menningu. Miðlun menningar, tungumáls og hefða fer fyrst og fremst fram á einkasviðinu, af konum (Yuval-Davis, 1997/2007; Okin, 1999).

Menningarleg einkenni íslensku þjóðarinnar eru sérstök en eiga þó marga snertifleti með öðrum þjóðum og menningum. Þó íslenskar konur státi af formlegu jafnrétti í dag og atvinnuþátttaka kvenna sé hvergi jafn mikil í hinum vestræna heimi og á Íslandi (Þorgerður Einarsdóttir, 2002), er ekki langt síðan staða kvenna á Íslandi var allt önnur. Hér á eftir verður stuttlega varpað ljósi á tvö tímabil sem ég tel mynda undirstöðu í mótun kyngervis íslenskra kvenna. Menningarbundinn munur er á hugtakaskilningi og hugtakanotkun eftir menningarsvæðum og sögu (Knapp, 2005) og því verður litið til sögu íslensku þjóðarinnar. Til þess að varpa ljósi á hið íslenska viðmið, karlinn, og þau kynjuð valdatengsl sem liggja til grundvallar í íslensku samfélagi verður mótun á kyngervi

beggja kynja reifað í þessum kafla. Sýnt verður fram á hvernig efnahagslegar og pólitískar hræringar skerpa andstæður og skipta sköpum í mótun kyngerva.

Sjálfstæðisbarátta íslensku þjóðarinnar stóð á ofanverðri 19. öld og í byrjun þeirrar 20. Í baráttunni þróaðist og styrktist hugmyndafræði íslenskrar þjóðernisstefnu og þjóðernisvitundar ásamt ímynd og sjálfsmýnd Íslendinga. Þýski heimspekingurinn Johann Gottfried Herder (1744-1803) var einn helsti smiður þeirrar kenningar að þjóð væri lífræn heild sem hefði sérstök persónuleg sérkenni og þjóðarsál. Hann sagði tengsl einstaklings og þjóðar náttúrulegs eðlis sem endurspegladist og styrktist í gegnum tungumálið. Sjálfsmýnd einstaklings og þjóðar væru ein og hin sama. Kenningar Herders lágu til grundvallar pólitískri smíð menntamanna á þjóðernishyggju í Evrópu á 19. öld. Kenningarnar mótuðust af sköpun goðsagna og þeirri sögulegu útfærslu að saga nýlenduþjóða skiptist í þrjú megingímabil: Gullöld, tímabil sem þjóðirnar lifðu í samhljómi við sitt sanna og náttúrulega sjálf, niðurlægingatímabil undir erlendum yfirráðum og bágindum, og loks endurreisnartímabil þar sem þjóðir endurheimtu sjálfstæði sitt og sitt sanna sjálf. Tilgangurinn var að tefla fram nothæfum fyrirmyndum sjálfsmýndar í sögulegu samhengi og efla þannig andlegan innblástur í þjóðernisbaráttu þjóða (Sigríður Matthíasdóttir, 2004; Íris Ellenberger, 2007).

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var í þessum anda. Þegar þjóðin rétti úr sér eftir tímabil danskrar niðurlægingar var litið til fortíðar. Landflótta höfðingjar frá Noregi til forna voru sveipaðir ævintýraljóma. Í frásögnum voru þeir sagðir vopnaðir sjálfstæðis- og frelsisþrá þegar þeir námu land á Íslandi og „feðurnir frægu“ voru kynntir fyrir æsku landsins. Árið 1924 var minnismarki um Ingólf Arnarson afhjúpað á Arnarhóli í Reykjavík. Styttan var frá upphafi ekki einungis hugsuð sem minnisvarði um fyrsta íslenska landnámsmanninn heldur var þessi holdgervingur frelsis, styrks og karlmennsku, fyrst og fremst tákmynd hins íslenska þjóðernis. Menningarlegar hugmyndir um þjóðerni voru þannig lagðar að jöfnu við hugmyndir um karlmennsku (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Á sama tíma var mikil áhersla lögð á varðveislu íslenskrar tungu. Málhreinsunarstefnan svokallaða hófst á 18. öld en náði hámarki hundrað árum síðar (Íris Ellenberger, 2007).

Í sjálfstæðisbaráttunni festi hinn pólitíska íslenski einstaklingur sig í sessi. Líkt og fyrirrennarar hans í Evrópu á 18. og 19. öld takmarkaðist hinn íslenski pólitíska

einstaklingur við karla, eins og Scott (Scott, 1988/1999) benti á, og skilgreining hlutverksins var háð aðgreiningu á hlutverkum kynjanna. Þannig var sjálfstæðisbarátta Íslendinga ekki barátta allra íslenskra samfélagsþegna heldur einskorðaðist hún við íslenska karla sem samsömuðu sig við hina pólitísku frelsishetju. Í mótun nýs lýðveldis fluttust völd samfélagsins frá dönskum körlum til íslenskra karla, sem í baráttunni færðu og festu óumdeilanleg yfirráð sín úr bændasamfélaginu yfir á hið nýja lýðveldi (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Á þennan hátt hefur viðmið samfélagslegra réttinda og þátttöku á Íslandi frá upphafi lýðveldisins verið hinn hvíti, íslenski karl, sem er samhljóma kenningum Verloo (Verloo, 2006).

Samhliða sjálfstæðisbaráttunni var önnur barátta háð á Íslandi. Kvenfrelsisbaráttan byggði að hluta á sömu rökum og sjálfstæðisbaráttan, þ.e.a.s. kröfunni um frelsi og jafnrétti, en naut aldrei sömu vinsælda og umfjöllunar og sjálfstæðisbaráttan. Kvenfrelsisbaráttan vann formlegan sigur í formi réttinda kvenna til menntunar og embætta árið 1911 og kosningaréttar og kjörgengis árið 1920. Markmið Kvenréttindafélags Íslands var að ná fullum borgaralegum réttindum kvenna á við karla. Á sama tíma og konur kröfðust jafnréttis lá hefðbundin hugmyndafræði um mismunandi hlutverk kynjanna í þjóðfélaginu til grundvallar í kvenréttindastefnunni. Konur skilgreindu sig sjálfar sem andstæðu karla. Í íslenskri kvennabaráttu var (hús)móðurhlutverkið vegsamað sem undirstaða menningar þjóðarinnar og húsmæðrafræðslan varð að einu helsta baráttumáli kvennahreyfingarinnar. Fyrirmyndarheimilið, hvítskúrað í hólf og gólf, bar hreinleika þjóðarinnar vitni. Einhugur ríkti almennt um ummönnunar- og líknarhlutverk kvenna og konur launuðu fenginn kosningarétt m.a. með fjársöfnun til byggingar Landspítalans. Þá var mikil áhersla á hlutverk kvenna sem siðgæðisvarða í íslensku samfélagi (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Íslenskar kvenfrelsiskonur lögðu mikla áherslu á klæðaburð. Tískan á meðal þeirra var hefðbundin og einkenndist af síðum og efnismiklum pilsum og kjólum. Sniðin voru síð og víð í pilsin en þrengri í búkinn sem var oftast langerma. Kragar voru gjarnan á flíkunum sem voru skreyttir með nælum. Sumar kvenfrelsiskonur gengu í peysufötum og voru með skotthúfur og höfðu þannig þjóðlegar hefðir og venjur í heiðri. Klæðaburður kvennanna skar sig ekki út úr klæðaburði annarra kvenna á Íslandi á þessum tíma og bar í sér þau gildi sem voru í heiðri höfð, eða siðþrýði og frómheit (Sigríður Matthíasdóttir,

2004). Skilgreind hlutverk og staða hinnar íslensku konu endurspegluðust í kyngervi hennar. Hinn íslenski kvenleiki var hreinlyndið uppmálað. Hlutverk kvenna átti að einskorðast við að líkna og þjóna. Í skilgreiningu beggja kynja sem endurspeglaði samfélagslega formgerð, var konum áfram tileinkað umönnunarhlutverk einkasviðsins, fjarri valdaásnum hins opinbera lífs. Þær voru þjónandi og samtímis undirskipaðar körlum. (Scott, 1988/1999; Hill-Collins, 1990/2000; Smith, 2005; Yuval-Davis, 2006).

Þrátt fyrir fengin formleg réttindi breyttist samfélagsleg staða íslenskra kvenna lítið á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. Íslenskar konur unnu mikið. Kynjaskipting starfa á vinnumarkaði var mikil. Meginþorri þeirra kvenna á atvinnumarkaði hlaut 50-70% lægri laun en karlar, oft fyrir sömu störf. Vinnukonustörf voru algeng en einnig unnu konur við hlið karla á eyrinni og við saltfiskverkun. Saltfiskverkunin stóð frá febrúar og fram í september. Aðbúnaður kvenna við verkið var erfiður. Fiskurinn var þveginn úr köldu vatni í óhituðu húsnæði eða í fjörukömbum. Konurnar voru dúðaðar í vaðmál frá toppi til tóttar og lítið sást í þær fyrir utan hendur og andlit (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993; Herdís Helgadóttir, 2001).<sup>8</sup> Íslenskar konur huldu sig þó ekki vaðmáli í þeim tilgangi einum að klæða af sér kulda heldur var vaðmálið viðtekið kyngervi fyrri tíma eins og sést á mynd af konum við vinnu við þvottalaugarnar í Laugardal (Fjallkonan.is, á.á.).

Heimskreppa millistríðsáranna markaði atvinnulíf á Íslandi líkt og annars staðar og upp úr 1930 var skráð hlutfall atvinnulausra hátt. Opinberar tölur um atvinnuleysi sögðu ekki nema hálfá söguna. Fyrstu árin sem atvinnuleysi var bókfært voru eingöngu karlar skráðir atvinnulausir því Hagstofan skráði aðeins „framfærendur“ en ekki „framfærða“ sem atvinnulausa. Giftar konur voru alltaf skráðar sem framfærðar og tóku tölurnar því ekki til þeirra. Í opinberum gögnum frá þessum tíma er skráður launamunur kynjanna verulegur. Einnig voru skattalög landsins giftum konum í óhag. Tekjur giftra kvenna voru ekki reiknaðar þeim sem einstaklingum heldur bættust við tekjur karlsins og hækkuðu skatta verulega (Sigríður Th. Erlendsdóttir 1997; Herdís Helgadóttir, 2001). Þetta varð til þess að æ fleiri kusu að búa í óvígðri sambúð sem með tímanum varð viðurkennt fjölskylduform. Börn sambúðarfólks voru hinsvegar áfram skráð óskilgetin og óvenju hátt hlutfall óskilgetinna barna á Íslandi í samanburði við önnur lönd leiddi til

---

<sup>8</sup> Í bókinni *Veröld sem ég vil* eftir Sigríði Th. Erlendsdóttur (1993) er mynd af íslenskum konum við fiskþvott á bls. 117



Þess viðhorfs annarra þjóða að Íslendingar væru lauslátir, og þá sérstaklega íslenskar konur. Almenn orðræða um „lausaleiksbörnin“ og mæður þeirra einkenndist af fordæmingu á konum á meðan „kvensemi“ og karlmennska voru lögð að jöfnu (Herdís Helgadóttir, 2001).

Þrátt fyrir formlegan rétt kvenna til fjárhagslegs sjálfforræðis og áhrifa í opinberu lífi á 20. öld hélst almennur hugsunarháttur og samfélagslegt skipulag að mestu leyti óbreytt. Konur voru áfram jaðarsettar og skilgreindar af samfélagsvaldinu sem hálfvirði karla og eign þeirra í hjónabandi. Frelsi kvenna hélst þannig skert, bæði athafna- og kynfrelsi á meðan frelsi karla virtist óheft. Kynjuðum valdatengslum samfélagsins sem byggðust á yfirráðum karla og undirskipun kvenna var viðhaldið í daglegri orðræðu, félagslegri formgerð og vaðmálshjúpuðu kyngervi kvenna (Scott, 1988/1999; Smith, 2005).

*„Ástandið“<sup>9</sup>: Íslenskar konur og útlenskir karlar*

Hlutverk kvenna og karla á Íslandi héldust mikið til óbreytt fyrstu áratugi tuttugustu aldar, eða fram að síðari heimsstyrjöld þegar erlendur her gekk á land í Reykjavík árið 1940. Hernámi Breta og síðan Bandaríkjamanna fylgdi samfélagslegt umrót. Í Reykjavík bjuggu á þessum tíma tæplega 40.000 manns og voru fjölda margir nýfluttir til bæjarins í leit að betra lífi. Stéttaskipting á Íslandi var áberandi, sumir lifðu í vellystingum en aðrir bjuggu í sárri fátækt (Hrafn Jökulsson & Bjarni Guðmarsson, 1989). Á þessum árum hræddust menn helst hnignun þjóðmenningarinnar og voru kvenréttindakonur sem kröfðust opinberra valda og konur sem tóku upp útlenda siði og klæðaburð álitnar tveir helstu ógnvaldar hennar. Báðar týpurnar voru í ljósi óhefðbundinna lifnaðarháttá og krafna taldar stefna íslenskum kvenleika í voða ásamt því að ógna karlmennskunni (Herdís Helgadóttir, 2001).

Á ástandsárunum hrikti í stoðum íslensks samfélags. Þils kvenna stytust og kvenlegt kyngervi sem áður huldi ásýnd kvenna miðaðist nú að því að afhjúpa kvenlega kynverund. Í kyngervinu fólust skilaboð um aukið aðgengi að konunum. Breytt útlit og umgengni kvenna við erlenda karla kallaði fram hörð viðbrögð heimamanna sem fram til

---

<sup>9</sup> Samfélagsleg uppsveifla stríðsáranna var fyrst nefnd „ástandið“ en þegar frá leið var þetta hugtak eingöngu tengt þeim konum sem áttu í samskiptum og samböndum við setuliðið (Herdís Helgadóttir, 2001).

Þessa höfðu haft óskilyrtan (eigna)rétt yfir konum landsins. Lögregluþyrirvöld höfðu eftirlit með konum sem einhver samskipti höfðu við hermenn og var enginn greinarmunur gerður á aldri þeirra og stöðu eða hvernig samskiptum þeirra við hermennina var hátað (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993; Herdís Helgadóttir, 2001). Eftirlit lögreglunnar varð til þess að stofnuð var sérstök nefnd á vegum yfirvalda sem átti að kanna samskipti íslenskra kvenna við hermenn og gefa skýrslu um þau málefni. Þrjú karlmenn voru skipaðir í nefndina en engin kona. Rannsóknir ástandsnefndarinnar svokölluðu leiddu m.a. til þeirrar niðurstöðu að:

...sumar stúlkurnar selja sig, og mun það vera nýtt fyrirbrigði hér á landi, að fjöldi kvenna selji blíðu sína. [...] Þess verður líka víða vart, að þótt sama stúlkan hafi haft mök við fleiri en einn hermenn í einu, finnst henni þá fyrst sóma sínum misboðið, er henni er boðin borgun. *Í stuttu máli: íslenskum konum er hvergi nærri ljós munurinn á vændiskonunni og óspilltu konunni.* (Leturbreyting GG). Kona, sem hefur mök við fimm hermenn í sama skálanum, í sama skiptið, telur sig heiðarlega konu, ef hún þiggur ekki fé að launum, - kona, sem sefur hjá liðsforingja í gistihúsi, er helsærð, ef hann vill greiða ómakið, - kona, sem tekur við aurum, er vændiskona. Munurinn á siðlegri konu og vændiskonu er því, að dómi fjölmargra reykvískra kvenna, ekki siðferðilegur heldur fjárhags- eða atvinnulegur. (Hrafn Jökulsson & Bjarni Guðmarsson, 1989, 168)

Við meintan grun um samræði íslenskra kvenna við erlenda hermenn varð til ný og (for)hertari skilgreining á „lauslæti“ kvenna: það var lagt að jöfnu við vændi. Yfirráð íslenskra karla yfir konum höfðu fram að ástandsárunum verið skilyrðislaust og lögfest við hjónaband eins og tæpt var á hér að framan. Við komu erlendra karla til landsins stóð val kvenna á milli þess að vera skilgreindar heiðvirðar (eigin)konur Íslendinga eða (vændis)konur útlendinga. Með öðrum orðum einskorðaðist „valið“ við karla. Gömul skipting kvenna í tvo hópa, fóstrur og frillur, var staðfest undir nýjum formerkjum. Við nýjar aðstæður ástandsáranna var kyngervi kvenna endurmótað og skilgreint af handhöfum valdsins á grundvelli vestrænnar tvíhyggjuhugsunar og kynjað stigveldið lagfest, staðfest og styrkt (Scott, 1988/1999).

Dvöl herliða tveggja stórvelda á Íslandi í síðari heimsstyrjöldinni fylgdi efnahagsleg umbylting fyrir þjóðina sem hreyfði við samfélagslegum viðhorfum. Á aðeins sjö árum breyttist landið úr fátæku bændasamfélagi í tæknivætt nútímasamfélag. Árið 1939 var Ísland fátækasta þjóð Norður-Evrópu en árið 1945 ein sú ríkasta. Vorið 1946 hélt breska herliðið á brott og það ameríska ári seinna. Bág efnahagsstaða

Evrópuríkja eftir stríð og brotakennd efnahagsstjórn hérlendis leiddi loks af sér nýja kreppu á Ísland og í hönd fóru hin mögru ár skömmunarseðlanna. Þegar nokkrar þjóðir Austur-Evrópu tóku upp stjórnarfar ríkissósíalisma hófst kalda stríðið (Herdís Helgadóttir, 2001) og þann 5. maí árið 1951 var varnarsamningurinn gerður á milli Íslands og Bandaríkjanna (Utanríkisráðuneytið, 2009).

Þegar Bandaríkjaher kom aftur til landsins voru umgengni hermanna og Íslendinga settar skorður. Minnugir ástandsins á stríðsárunum settu íslenskir ráðamenn fastar reglur sem heftu ferðafrelsi hermanna utan herstöðvarinnar í Keflavík. Með samkomulagi við bandarísk stjórnvöld var „blökkumönnum“ meinað að starfa á herstöðinni fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Opinber umræða um fyrirkomulagið var tengd þeirri kröfu að „vernda“ íslenskar konur fyrir hermönnum og þá sérstaklega blökkumönnum. Hreinleiki hins íslenska þjóðernis var aftur talinn í hættu og þær konur sem áttu í samböndum við ameríska hermenn settu formælingum. Eftir sem áður voru samskipti íslenskra karla og hermanna látin óáreitt. Ferðahöftunum létti smám saman og þegar kalda stríðinu lauk var hermönnum á Keflavíkurflugvelli gefið fullt ferðafrelsi í frítímum (Valur Ingimundarson, 2002).

### *Úr vaðmáli í netsokka*

Á örfáum árum tók kyngervi íslenskra kvenna stakkaskiptum. Samfélagslega samþykkt kyngervi kvenna sem fram til þessa hafði verið hulið vaðmáli á opinberum vettvangi var skipt út fyrir eftirmynd af nútímakonu þess tíma. Fyrirmyndin var fengin frá erlendum borgum en eins báru breskir og amerískir hermenn með sér menningu sinna landa, m.a. í formi bíómynda, bókmennta og tónlistar (Herdís Helgadóttir, 2001; Dagný Kristjánsdóttir, 2005). Íslenskar konur klipptu af sér flétturnar, settu í sig permanent og fóru úr vaðmáli í netsokka. Aukin áhersla var lögð á afhjúpaða kynverund, förðun og tísku. Kvenlíkaminn varð miðlægur í ímyndarmótandi boðskap um kvenleika á eftirstríðsárunum. Þannig var konum innprentað að gæta að mataræði, þrífnaði og líkamsrækt og í bókinni „Kvenleg Fegurð“ sem kom út á Íslandi árið 1956 er staðhæft að „óhætt [sé] að fullyrða, að ekkert sé til, er hefur meiri áhrif á karla [en] fagurlega lagað, stinnt brjóst af réttri stærð“ (Tschechowa, 1956, 133). Áherslan á útlit kvenna eða menningarlega skilgreinda „fegurð“ þeirra varð aftur að félagslegu þrástefi. Skilgreind

kvenleg fegurð eftirstríðsáranna var, að viðbættum húslegum myndarskap, lykillinn að takmarkinu: Karlinum (Tschechowa, 1956).

Eftirstríðsárin á Íslandi einkenndust af nýju afbrigði af húsmæðrastefnunni eða „heimilislegri innilokun“ (*e. domestic containment*) líkt og annarsstaðar á Vesturlöndum. Ástæðan er talin liggja í því að kynslóðir stríðs- og kreppuáranna hafi alist upp við ótta og öryggisleysi. Áherslan á fjölskylduna var einnig samhljóma þeirri samfélagslegu uppbyggingu sem í hönd fór á fimmta og fram yfir sjötta áratug síðustu aldar (Dagný Kristjánsdóttir, 2005). Hin nýja húsmóðir á Íslandi var þó í auknu mæli skilgreind út frá útliti líkt og fram kom að ofan og hlutverk hennar hverfðist um að fullnægja skilyrðislaust öllum líkamlegum þörfum karlsins (Tschechowa, 1956).

Sjöundi áratugurinn var tímabil pólitísku umróts sem kristallaðist í róttækum hreyfingum. Stúdentauppreisnin fór sem flóðalda frá Evrópu til Bandaríkjanna og andóf gegn ríkjandi þjóðskipulagi, valdaniðslu, stríðsrekstri og almennu misrétti varð háværara með hverju ári. Í Evrópu og Norður-Ameríku hafði femínísk vitundarvakning seinni bylgjunnar rutt sér til rúms í lok sjötta áratugarins (Anderson 2006) en á Íslandi varð sambærileg vitundarvakning, Rauðsokkahreyfingin, til nokkru seinna eða árið 1970. Fyrsta maí 1970 söfnuðust íslenskar Rauðsokkur saman í kröfugöngunni brynjaðar rauðum sokkum og stytta úr leikverkinu Lýsiströtu sem á stóð „Manneskja – ekki markaðsvara“ (Femínistafélag Íslands, á.á.; Vilborg Sigurðardóttir 2001).<sup>10</sup> Allar götur síðan hefur barátta femínista að miklu leyti verið háð gegn klám- og markaðsvæðingu kvenleikans. Bent hefur verið á að kynfrelsi kvenna hafi snúist upp í andhverfu sína og afhjúpað kyngervi kvenna runnið saman við kvenlega kynverund. Þannig séu konur nútímans á Vesturlöndum ofurseldar kynjakerfinu í undirskipun kynverundar sem er ítrekuð og undirbyggð með skýrri tilvísun í kynferðislegt aðgengi (Andersen, 2006).

Tímabil heimilislegrar innilokunar hafa einnig verið nefnd „þöglu árin“, þar sem lítið bar á kvannahreyfingunni á þessum tíma. Sigríður Th. Erlendsdóttir (1993, 1997) hefur þó bent á að „þöglu árin“ voru þó fjarri því að vera tímabil femínískrar óvirkni, því á tímabilinu barðist kvannahreyfingin á Íslandi ötullega fyrir skatta- og launajafnrétti svo eitthvað sé nefnt (Sigríður Th. Erlendsdóttir 1993, 1997). Þegar seinni bylgja

---

<sup>10</sup> Mynd af aðgerðinni er á vef Femínistafélags Íslands frá sýningu um sögu mótmælaaðgerða gegn fegurðarsamkeppnum sem haldin var 23.maí 2003, sjá heimildaskrá

femínismans barst til Íslands var jarðvegurinn tilbúinn fyrir breytingar. Fyrsti lýðræðislega kosni kvenforseti í heimi Vigdís Finnbogadóttir settist í forsetastól árið 1980. Kvennalistinn náði kjöri á Alþingi árið 1983. Á dagskrá voru dagvistarmál auk annarra mála sem miðuðu að því að styrkja stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Átaksverkefni mörkuðu pólitíkina víða á Vesturlöndum. Á Íslandi voru átaksverkefni nefnd „tímabundnar aðgerðir í þágu kvenna“ og var ákvæði þessa sett í jafnréttislögin 1985 (Þorgerður Einarsdóttir 2002). Í kjölfar nýju kvennahreyfingarinnar jókst samfélagsleg þátttaka kvenna til muna og í dag er atvinnuþátttaka þeirra um 80%. Atvinnumarkaður er þó töluvert kynjaskiptur og þannig er skrifstofustéttin talin til kvennastéttar með 87% starfshlutfalls kvenna og véla- og vélagæslufólk eru karlar að langmestum hluta eða 95%. Enn munar í launamálum og árið 2008 reiknuðust heildarlaun kvenna að meðaltali 79,5% af launum karla (Hagstofa Íslands, á.á.e). Konur eru meirihluti námsmanna á framhaldskólastigi (Hagstofa Íslands, 2007). Aukin menntun kvenna skilar sér með öðrum orðum ekki í formi jafnra launa, starfsframa eða valda á vinnumarkaði á við karla (Þorgerður Einarsdóttir 2002; Guðný Guðbjörnsdóttir, 2006).

Sökum smæðar og landfræðilegrar einangrunar hefur áþekk menningarleg ásýnd íslensku þjóðarinnar haldist fram til síðari tíma. Vegna þátttöku í efnahagslegri hnattvæðingu síðustu áratugi hefur menningarlegt landslag á Íslandi tekið breytingum í átt til fjölþjóðasamfélags. Árið 1994 tók samningurinn um evrópska efnahagssvæðið gildi. Samningurinn opnaði fyrir frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks, frjálsan flutning fjármagns innan EES, gagnkvæman aðgang að innri markaði, útrás íslenskra fyrirtækja o.fl. (Félagsmálaráðuneytið, 2007). Samfara auknu svigrúmi atvinnu- og viðskiptalífs jókst efnahagsleg uppsveifla á Íslandi. Í byrjun aukins efnahagsvaxtar árið 1995 (Seðlabanki Íslands, 2001) voru erlendir ríkisborgarar 1,8% af heildarfjölda landsmanna en rúmum áratug síðar eða í byrjun árs 2008 stóð hlutfallið í 6,8% (Hagstofa Íslands, á.á.a).

Þrátt fyrir aukin margbreytileika íslensks nútímasamfélags er íslensk þjóðarvitund mörkuð af einsleitni. Ímynd þjóðarinnar sem jafnframt gildir sem félagslegt viðmið er áfram hinn íslenski karl. Breyturnar þrjár sem verið hafa í fyrirrími í femínískri greiningu samtímannar kyn, kynþáttur eða þjóðernisuppruni og stétt hverfast þannig fljótt á litnið um hinn íslenska millistéttarkarl. Þegar betur er að gáð má sjá að breytan stétt hefur ekki

verið bundin millistétt heldur hefur í sögunni tengingu við aðrar stéttir svo sem verkamannastétt. Íslenskar konur voru líka lengi utan stéttar. Þannig áttu konur framan af 20. öld takmarkað aðgengi að íslenskum stéttarfélögum.

Þjóðernisuppruni á Íslandi er einsleitur og öðrum kynþáttum en hvítum hefur með pólitískri íhlutun markvisst verið haldið frá þjóðinni. Breytan trú er mörkuð álíka einsleitni og aðrar breytur þar sem mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar er skráður í þjóðkirkjuna, hina ríkisreknu kirkju (Hagstofan, á.á.d). Kyngervi íslenskrar ríkistrúar verður hins vegar ekki greint hér. Breyturnar kynhneigð og fötlun hafa fram til allra síðustu áratuga sætt svipaðri félagslegri jaðarsetningu og íslenskar konur. Ytri formgerð þjóðarinnar, lýðræðið, er samofið ímynd þjóðarinnar: Íslenska karlinum. Með öðrum orðum hverfast lýðræðisleg réttindi á Íslandi um félagslegan rétt (hvíttra) íslenskra, menntaðra, gagnkynhneigðra, lúterskra og ófatlaðra karla.

Konur á Íslandi eru ekki hluti menningarbundinnar ímyndar þjóðarinnar og þannig jaðarsettar á grundvelli breytunnar kyns. Sem konur sæta þær samfélagslegri undirskipun og hafa því ekki sömu félagslegu möguleika og karlar. Þannig eru íslenskar konur samkvæmt sögulegri skilgreiningu ekki fullgildir einstaklingar. Fjöldi kvenna af erlendum uppruna á Íslandi hefur aukist en umræðan hefur ekki að sama skapi endurspeglad margbreytileikann meðal þeirra. Í því skyni að varpa ljósi á kyngervi kvenna af erlendum uppruna, konur frá Austur-Evrópu og múslimakonur, verður hér á eftir gerð grein fyrir sögulegum bakgrunni kvennanna og menningarlegri túlkun á stöðu þeirra sem endurspeglast í kyngervinu. Fyrst verður gerð grein fyrir kyngervi kvenna frá Austur-Evrópu.

## IV.2. Berskjöldun

### *Konur ríkissósíalismsans*

Hér á eftir verður gerð grein fyrir sögulegum og menningarlegum bakgrunni þess kyngervis kvenna frá Austur-Evrópu sem hér er fjallað um undir nafninu „berskjöldun“. Heitið berskjöldun var valið sem táknræn tilvísun í þá markaðsvæðingu á kvenlegu kyngervi sem í hönd fór í Austur-Evrópu eftir fall ríkissósíalismsans. Heitið einskorðast við eitt valið kyngervi en er ekki ætlað að alhæfa um allar konur frá Austur Evrópu. Í því skyni að varpa ljósi á kyngervið valdi ég að gera þátttökuathuganir á nektardansstöðum á höfuðborgarsvæðinu, eins og áður kom fram, þar sem stór hluti nektardansmeyja kemur frá Austur-Evrópu. Nafnið berskjöldun ber í sér tilvísun í þá kynferðislegu afhjúpun sem kyngervi nektardansmeyja felur í sér og lá til grundvallar á skilgreiningu á stöðu þessara kvenna í skýrslu um vændi sem Dómsmálaráðuneytið gaf út árið 2001 (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir & Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2001).

Nektardansmeyjarnar hafa ólíkan bakgrunn og koma frá mismunandi löndum. Þær eiga þó margar sameiginlegt að vera ungar konur frá fyrrum sósíalísku ríkjum Evrópu. Sósíalisminn náði ekki að afmá sögulegan, trúarlegan og menningarlegan margbreytileika austurevrópsku landanna. Því er ekki hægt að alhæfa í umfjöllun um hin sósíalísku ríki Austur-Evrópu fremur en aðra menningarhópa sem búa á stóru landsvæði og byggja á ólíkum grunni. Hins vegar eiga konur þessara landa, sem og aðrir þegnar, margt sameiginlegt. Sami hugmyndafræðilegi ramminn, félagslega kerfið, reynsla og minningar höfðu afgerandi áhrif á sjálfsmynd og möguleika austur-evrópskra kvenna.

Hugmyndafræðilegur rammi fyrrum sósíalísku landanna byggði að stórum hluta á kenningum Karl Marx og Friedrich Engels. Grunnhugsun sósíalískrar hugmyndafræði endurspeglast í frægri setningu Marx um að verund skapi vitund (*þ. das Sein bestimmt das Bewußtsein*); eða að samfélagsleg formgerð móti félagslega hegðun manneskju. Umbylting á stjórnskipulagi og hagkerfi voru talin fela í sér jafnræði samfélagsþegna og jöfn staða kynjanna var hluti af heildarlausn sósíalismsans (Marx & Engels, 1867/1986). Í ritinu *Þýsk hugmyndafræði*<sup>11</sup> lýsti Marx því yfir að staða kvenna væri mælikvarði á

---

<sup>11</sup> Bókin heitir: *Deutsche Ideologie, Kritik der Neusten Deutschen Philosophien in Ihren Representanten* eftir Karl Marx og Friedrich Engels. Hér verður stuðst við umfjöllun og tilvitnanir Barböru Einhorn í ritið.

manngæsku samfélaga. Samkvæmt hugmyndafræðinni liggja rætur misréttis kynjanna í kapítalískri stéttaskiptingu, sem byggir á eignamyndun og eignarhaldi karla. Í kapítalísku samfélagi eru eignir og þar með samfélagsleg völd í höndum karla og konur eru skilgreindar sem eign karlanna. Rætur kvennakúgunar voru þannig taldar felast í beinu eignarhaldi karla (Barbara Einhorn 1993).

Í bók sinni um uppruna fjölskyldunnar benti Engels á að þar sem konur væru bæði háðar körlum og hagkerfinu í heild sinni sættu þær tvöfaldri kúgun, og aðeins með því að afnema síðara atriðið væri hægt að afnema hið fyrra (Barbara Einhorn 1993).<sup>12</sup>

Uppræting hinnar kapítalísku stéttaskiptingar og efnahagslegt sjálfstæði kvenna var með öðrum orðum talin forsenda jafnréttis kynjanna. Lykillinn að kynjajafnrétti var þátttaka kvenna á vinnumarkaði. Með jafnri atvinnuþátttöku, einni þjóðfélagsstétt og samfélagslegri eignamyndun átti meðvitund beggja kynja að breytast og þannig myndi jafnrétti kynjanna óhjákvæmilega verða hluti af útkomu sósíalísmans (Kollontai, 1975; Einhorn, 1993; Bryson, 2003).

Við umbyltingu austur-evrópsku ríkjanna til sósíalísmans á fyrri hluta 20. aldar var rík áhersla lögð á félagslegt jafnræði karla og kvenna (Kollontai, 1975; Einhorn, 1993). Samkvæmt stjórnarskrám austurevrópsku landanna var jafnrétti kynjanna formlega tryggt. Í sumum löndunum fengu konur kosningarétt samfara sósíalísku stjórnskipulagi og löggjöf landanna tryggði konum og körlum jafnan rétt í hjónabandi, til menntunar og vinnu. Atvinnuþátttaka kvenna var mikil. Stjórnvöld þrýstu á um að konur jafnt sem karlar tækju virkan þátt á vinnumarkaði. Ástæðan var margþætt og auk boðaðs jafnréttis má þar helst nefna skort á vinnuafli vegna mannfalls í síðari heimsstyrjöldinni og mikils fólksflótta til Vestursins eftir stríð. Auk þess nægðu einföld laun ekki fyrir rekstri heimilanna. Undir lok ríkissósíalísmans á árunum 1989 til 1990 mældist atvinnuþátttaka kvenna í Austur-Þýskalandi 90%. (Einhorn, 1993).

Hlutfall menntaðra kvenna á vinnumarkaði í fyrrum ríkissósíalísku löndum Austur-Evrópu var að meðaltali um 50%. Í Austur-Þýskalandi var mikill hluti kvenna í hagfræði og stærðfræði. Í Póllandi voru konur yfir 80% kennara og vísindamanna en aðeins 13% prófessora. Í öllum austur-evrópsku löndunum gengu konur inni karlastörf,

---

<sup>12</sup> Bókin heitir *Der Ursprung der Familie, des Privateigentums und des Staats* eftir Friedrich Engels. Hér verður stuðst við umfjöllun Barböru Einhorn 1993.



þær keyrðu t.d. dráttarvélar og unnu á þungavélum, en konur voru mun sjaldnar í stjórnunarstöðum. Konur fóru inn á önnur svið sem áður voru karllæg svo sem lækna- og lögfræðisvið en um leið og konum fjölgaði í þessum stéttum féllu stéttirnar bæði í launum og virðingu. Körlum fjölgaði ekki að sama skapi í svonefndum kvennastéttum líkt og ummönnum störfum. Karlar fóru oftast en konur í gegnum styttra nám, t.d. stutta starfsþjálfun og iðnnám, og voru um leið betur launaðir en konur í sambærilegum stéttum. Þannig tilheyrðu iðnaðarmenn, líkt og pípulagningamenn og rafvirkjar, elítu austurevrópsk vinnumarkaðar (Einhorn, 1993). Efnahagslegar sviptingar sem á yfirborðinu virtust leiða til leiðréttingar og jöfnunar á samfélagsstöðu kynjanna hnikuðu þannig ekki valdatengslunum í raun. Kyngervi kvenna breyttist og öðlaðist visst „hlutleysi“ (varð karllægara) og athafnasvið þeirra stækkaði en á sama tíma hélst kyngervi karla og valdaítök óbreytt (Scott, 1988/1999).

Það var almennt viðurkennt og endurspegladist í opinberri orðræðu að konur væru virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins (Kollontai, 1975; Einhorn, 1993). Árið 1919 hvatti Lenín konur til stjórnunarstarfa (Einhorn, 1993). Auknar kröfur til kvenna um ábyrgð fólu jafnframt í sér enn frekara álag. Þegar konur stóðu ekki undir álaginu kenndu þær sjálfum sér um en ekki kerfinu (Einhorn, 1993; Smith, 2005). Hlutfall kvenna í stjórnámálum austursins var tiltölulega hátt. Konur höfðu bæði rétt og bar skylda til að taka þátt í pólitískum störfum. Jafn fjöldi karla og kvenna í stjórnámálum endurspegladist þó ekki valdajafnvægi því fáar konur áttu sæti í helstu stjórnunarstöðum og valdanefndum (Einhorn, 1993). Konur voru þar með útilokaðar frá hinu ráðandi kerfi (*e. aparatus*) sem stýrir samfélaginu (Smith, 2005).

Aðskilnaði og mismunun kynjanna á vinnumarkaði var viðhaldið á ýmsan hátt, m.a. með svokallaðri verndarlöggjöf sem meinaði konum erfiðisvinna. Líkamlegt erfiði, hávaði, eiturefni og geislun voru meðal þeirra álagsþátta sem konum, sérstaklega barnshafandi konum, var haldið frá. Löggjöfin var réttlætt með vísun í mismunandi eiginleika kynjanna og ábyrgð yfirvalda til að vernda viðkvæmari þegna ríkisins. Í Sovétríkjunum var konum einnig bannað að vinna vaktavinnu af sömu ástæðum. Erfiðisvinna var á sama tíma betur launuð og varðaði jafnframt leiðir til stöðuhækkana (Einhorn, 1993).

Konur Austur-Evrópu voru bæði hvattar og styrktar til þess að eignast börn. Mikilvægi nýrra samfélagsþegna, arftaka sósíalismsans, og mæðra var áréttað. Stýring stjórnvalda á barneignum og kynhlutverki kvenna sem mæðra er þekkt þrástef í mannkynssögunni líkt og áður kom fram. Engin þjóð getur verið án mæðra því án þeirra deyr þjóðin út (Enloe, 1989/2000; Yuval-Davis, 1997/2007). Eftirspurn eftir vinnuafli gerði það þó að verkum að konur voru líka ómissandi á vinnumarkaði (Bryson, 1992/2003; Einhorn, 1993). Til að mæta auknum kröfum boðaði sósíalismiinn breytta stefnu. Umönnunarstörfín áttu ekki lengur að vera einkamál kvenna heldur samfélagsins alls. Þess vegna voru barnaheimili byggð, boðið var uppá sameignarþvottahús og máltíðir á vinnustöðum svo eitthvað sé nefnt (Kollontai 1975; Einhorn, 1993).

Formlegar breytingar á hinu opinbera sviði og uppstökkun kynhlutverka á atvinnumarkaði nægði þó ekki til að uppræta kynjamismunun samfélagsins. Einkasviðið, fjölskyldan, hélst eftir sem áður í umsjá kvenna. Þrátt fyrir viðleitni ríkisvaldsins til að samfélagsvæða húsverk lögðu heimilin metnað sinn í að eignast eigin þvottavélar og konur elduðu áfram kvöldmatinn heima að loknum vinnudegi. Að samanlögðum launuðum og ólaunuðum vinnudegi unnu konur fyrrum sósíalísku landanna lengstan vinnudag af öllum iðnvæddu löndum heims (Einhorn, 1993).

Ríkissósíalismiinn kallaði eftir samstillingu þegnanna. Boðun samfélagslegra norma var skýr, bæði á opinberu sviði samfélagsins og einkasviðinu. Hugmyndafræðilegum boðskap var stýrt eins og fram kom t.d. í ræðu menningarmálaráðherra Austur-Þýskalands árið 1961, Alexander Abusch, þar sem hann segir boðun sósíalískra gilda í austur-þýskum bókmenntum nauðsynlega (Beutin o.fl., 1979/1984).

Þó sósíalismiinn fæli í sér róttæka félagslega uppstökkun lá aldagömul hugmyndafræði til grundvallar samfélagslegum hlutverkum kynjanna. Grunnildin lutu enn lögmálum eðlis- og tvíhyggju og boðuð hlutverk kynjanna fólu áfram í sér aðskilnað (Scott, 1988/1999; Einhorn, 1993) en einnig nýja mótsögn. Þannig voru kynin tilgreind sem meistara á sínu sviði, karlinn á því opinbera og konan á einkasviðinu. Karlar voru skilgreindir sem verkamenn og alþýða en ekki feður á meðan konur voru skilgreindar sem verkakonur og alþýða jafnframt því sem rík áhersla var lögð á móðurhlutverkið.

Ríkisvaldið hvatti konur til tvöfaldrar ábyrgðar; sem verkakonur og uppalandur nýrra kynslóða sósíalista (Bryson, 1992/2003; Einhorn, 1993).

Mikilvægi móðurhlutverks kvenna var rökstutt með náttúrulegri hæfni þeirra til að eiga og annast börn líkt og fram kom í riti Engels um uppruna fjölskyldunnar (Einhorn, 1993), og á sama tíma voru heimavinnandi húsmæður lastaðar (Kollontai, 1975; Einhorn, 1993). Með öðrum orðum var kyngervi þegna ríkissósíalismans endurskilgreint af handhöfum valdsins í samræmi við efnahagslega og félagslegar stöðu landanna (Scott, 1988/1999; Smith, 2005). Hlutskipti kynjanna mörkuðust áfram af grundvelli tvíhyggjuhugsunar og hefðbundinni verkaskiptingu. Kynjuð valdatengsl fundu sér nýjan farveg og voru enn a ný lagfest og styrkt undir nýjum formerkjum (Scott, 1988/1999).

Viðurkennd mismunun var einskorðuð við eina félagsbreytu, þ.e. stétt, og uppræting mismunar á grundvelli stéttar var talin fela í sér heildarlausn fyrir alla þjóðfélagsþegna. Kyn var ekki viðurkennd mismunarbreyta og litið var fram hjá því að kynjatengsl fælu í sér valdatengsl. Hugmyndakerfi sósíalismans fól því í sér ónæmi fyrir breytunni kyn. Ofuráherslan á framlag kvenna á vinnumarkaði felldi auk þess gengi þeirra í fjölskyldunni og kynjamismunun innan fjölskyldunnar var óyrt (Einhorn, 1993; Smith, 2005). Aðrar mismunarbreytur voru einnig hunsaðar. Þannig var samkynhneigð í besta falli þöggð og í versta falli bönnuð með lögum (Einhorn, 1993) og þjóðernisuppruni var gerður ómarktækur með því að fella hann undir breytuna stétt. Þannig var eitt af pólitískum slagorðum ríkissósíalismans: „Einn kynþáttur ein stétt: Verkamannastéttin“.<sup>13</sup>

Aðgerðir ríkissósíalismans einskorðuðust við hið opinbera rými samfélagsins sem var vaktað og stýrt. Húsnæði var af skornum skammti sem þjappaði fólki saman og við hjónaband færðist fólk ofar á húsnæðislistanum. Kjarnafjölskyldan, eða hin sósíalíska fjölskylda, festi sig í sessi. Einkasviðið var látið óáreitt og eina mögulega friðhelgi fólks og tækifæri til þroska á eigin forsendum (þróun sjálfsforræðis), var innan veggja heimilanna. Stoðir einkasviðsins styrktust. Persónulegt einkenni einkasviðsins var andstæða ópersónulegs kerfis sósíalismans og myndaði því vettvang fyrir samheldni; athvarf andófsins. Mótun andstæðuparsins; kerfið á móti fjölskyldunni, eða „þeir“ gegn

<sup>13</sup> Plagget keypt af GG í Austur-Berlín 1986. Á plaggetinu er mynd af tveimur handleggjum með steitta hnefa; einn er hvítur og hinn svartur, undir slagorðinu: „Es gibt nur eine Rasse: die Arbeiterklasse!“

„okkur“, skapaði jafnframt kynhlutlausu samstöðu innan fjölskyldunnar og gegn ríkissósíalísmannum. Á þennan hátt hélst kynjuð mismunur og forgangs röðun beggja samfélagssviða. Á báðum samfélagssviðum voru konum settar þröngar skorður og hlutverk þeirra miðuðust út frá beinni nytjastefnu ríkisins (Einhorn, 1993).

Kynverund kvenna og líffræðileg geta þeirra til að ala börn liggur á mörkum einka- og opinbera sviðsins (Hill-Collins, 1990/2000). Samkvæmt mótunarhyggjunni er kynverund félagsleg sköpun. Því hefur verið haldið fram að kynverund kvenna myndi kjarna kynjakerfisins og að kynferðislegt aðgengi karla að konum sé grundvöllur og forsenda viðhalds feðraveldisins (Pateman, 1989). Á skurðpunkti samfélagssviðanna skarast réttur konu yfir líkama sínum og skylda hins opinbera til íhlutunar með velferð þegnanna að leiðarljósi. Í fyrrum sósíalísku ríkjum Austur-Evrópu endurspegladist þessi togstreita hvað best í afskiptum stjórnvalda af barneignum (Einhorn, 1993).

Á þriðja áratugnum var skortur á fólki í Sovétríkjunum. Í beinu framhaldi, árið 1936, bannaði Stalín fóstureyðingar. Bann við fóstureyðingum í Póllandi var í takt við kröfuna um að byggja þjóðina upp. Bannið var samhljóma boðun kaþólsku kirkjunnar sem einnig fordæmdi getnaðarvarnir og kynlífsfræðslu. Austur-Þýskaland var eina ríkið sem opinberlega boðaði valkost á þessu sviði. Fóstureyðingar voru frjálssar og getnaðarvarnir ókeypis en á sama tíma voru konur verðlaunaðar fyrir barneignir, m.a. með beinum peningagreiðslum. Afstaða og aðgerðir voru mismunandi eftir ríkjum og efnahagsleg, pólitísk og trúarleg staða landanna stýrði aðkomu hins opinbera. Öll löndin áttu það sameiginlegt að miða stefnu sína út frá nytjasjónarmiðum ríkisins á kostnað líkamsréttar kvenna og valmöguleika þeirra (Einhorn, 1993). Líkamar kvenna voru með öðrum orðum eign ríkisins.

### *Vendingin*

Fall múrsins í Berlín árið 1989 var upphaf samfélagslegra sviptinga. Í daglegu tali er talað um fallið sem „vendinguna“ (*p. Die Wende*) sem vísar til samfélagslegra umskipta. Berlínarmúrinn var tákn fyrir skiptingu Evrópu í tvær andstæðar fylkingar austurs og vesturs, ríkissósíalisma og kaþólistisma. Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk árið 1945 skiptu Bretar, Frakkar, Bandaríkjamenn og Rússar Evrópu á milli sín. Vestur-Evrópa myndaði efnahagslegt og pólitískt bandalag með Vesturveldunum svonefndu og Austur-

Evrópa með Rússum. Hugmyndafræðilegur grunnur austurs og vesturs samræmdist hagfræðilegum kenningum sósíalísmans annars vegar kenningum um frjálst markaðshagkerfi og hinsvegar. Fall múrsins varð því táknrænt fyrir fall hugmyndakerfis ríkissósíalísmans Austur-Evrópu. Fall ríkissósíalísmans fól vissulega í sér breytta heimsmynd; endalok kalda stríðsins og upphaf nýrra tíma. Í umbreytingarferlinu, frá miðstýrðu hagkerfi til markaðsbúskapar, myndaðist augnablik tækifæra (Einhorn, 1993). Samruni tveggja kerfa og tveir ólíkir reynsluheimar kvenna virtust, stutta stund, fela í sér möguleika á uppstokkun gilda og mótun nýrrar stefnu (Einhorn, 1993; Smith, 2005). Um tíma urðu Vesturlönd óráðin pólitísk heild.

Vestrænir femínistar höfðu lengi litið á stöðu kvenna í Austrinu sem fyrirmynd og formlegt jafnrétti sem takmark. Við sameininguna og eftir samtöl kvenna frá Austur- og Vestur-Evrópu kom hins vegar í ljós að möguleikar til mótunar sameiginlegrar stefnu voru takmarkaðir. Austurevrópsku kvannahóparnir skilgreindu sig ekki sem femíníska. Í skilgreiningu þeirra var femínismi tvinnuður sósíalískri hugmyndafræði og þrefaldri skyldu ríkissósíalísmans, sem mæður, vinnuafli og stjórnmalakonur, sem konum var umhugað um að losna undan. Hugtakið „valfrelsi“ varð miðlægt fyrir konur Austur-Evrópu, sem andstæða fortíðar og tákn nýfengins frelsis (Einhorn, 1993).

Á sama tíma tókust þegnar Austur-Evrópu á við breytt efnahagsástand. Í kjölfar umskiptanna lækkuðu laun og atvinnuleysi og verðbólga jukust. Mestar verðhækkningar voru á nauðsynjavörum líkt og leigu, matvælum, almenningsamgöngum og barnagæslu. Samanlagt lögðust efnahagsþrengingarnar þyngst á konur. Konur urðu fyrstar til að missa vinnuna (Einhorn, 1993; Lynggard, 2002) og strax á fyrstu árunum eftir umskiptin voru konur 50-70% atvinnulausra í Austur-Evrópu (Einhorn, 1993). Í kjölfarið hófst tíður flutningur kvenna frá Austur-Evrópu til Vestur-Evrópu (Lynggard, 2002).

Mótun nýs samfélags, formgerð stofnana og félagslegra valdatengsla, voru áfram bundin efnahag samfélagsins. Hagfræðileg hugmyndafræði „sigurvegara“ kalda stríðsins, sem byggir á kenningum nýkapítalísmans, lágu nú til grundvallar. Hugmyndafræði hins frjálsa markaðshagkerfis boðaði ný viðmið og reglur. Hugtakaveruleikinn breyttist í samræmi við breyttar áherslur; frá ríki til einkaframtaks. Hugtakið „fjármagn“ (*þ. Kapital*) sem á tímum ríkissósíalísmans hafði legið til grundvallar samfélagsgagnrýni og í andstöðu við boðuð gildi sameignar (Marx & Engels, 1867/1986), varð nú að

útgangspunkti og eftirsóttu viðmiði. Nýkapítalísk hugmyndafræði tvinnaðist endurmótun kynjaðra valdatengsla sem höfðu eftir sem áður áhrif á daglegt líf fólks. Hin efnahagslega og félagslega umpólun hafði þversagnakennd áhrif á stöðu og líf kvenna (Einhorn 1993; Smith, 2005). Annarsvegar var gildum og viðmiðum ríkissósíalisms einfaldlega snúið við. Fjölskyldan og staða kvenna sem mæðra var hafin á æðra stig. Konur, sem gengt höfðu hlutverki mæðra, verkakvenna og stjórnmalamanna á tímum ríkissósíalisms, urðu að fóstur þjóðernis (hyggjunnar). Upphafning móðurhlutverksins við samfélagslega mótun og breytingar á sér fjölmargar hliðstæður í sögunni eins og áður kom fram (Einhorn, 1993; Yuval-Davis, 1997/2007; Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Í sósíalískum samfélögum Austur-Evrópu hafði mikilvægi fósturinnar eða móðurhlutverksins verið viðhaldið og eftir umskiptin var móðurímyndin vegsömuð og auk þess styrkt af trúarstofnunum landanna. Eftir þrefalda byrði ríkissósíalisms var hlutverk (hús)móðurinnar kærkomið. Á hinn bóginn leituðu konur nýrrar fyrirmyndar á frjálsum markaði nýkapítalisms. Fyrstu merkin um að ríkið sleppti stjórnartaumunum á fjölmiðlum var óheft birting á klámtengdu efni. Í stað umbótatímabils varð „post-Perestroika-skeiðið“ tímabil klám- og vændismögnunar í Austur-Evrópu (Einhorn, 1993). Líkami kvenna, sem áður var ríkiseign, var nú falur á frjálsum markaði.

#### *Val nútímakonunnar*

Í fjölmiðlum Vestursins var margþættu hlutverki kvenna sem neytanda og neysluvöru, frumkvöðuls og vændiskonu, steypit í eina glansímynd; nútímakonuna (Einhorn, 1993; Wolf, 1991/2002). Margföld skilaboð og hlutverk voru gamalkunnugt fyrirbrigði fyrir konur fyrrum austantjaldslandanna sem fögnuðu nýfengnu valfrelsi markaðarins (Einhorn, 1993). Nútímakonan var samkvæmt markaðssettri staðalímynd ung, óaðfínanlega förðuð og klædd og kynferðislega aðgengileg (Wolf, 1991/2002; Levy, 2005/2006).

Myndin sem dregin var upp af vændiskonunni í nýfrjálsum Austrinu, samsvaraði ímynd nútímakonunnar sem frumkvöðull á markaði með líkamann sem söluvöru. Samkvæmt ímyndinni var vændiskonan ekki fórnarlamb eða fallin kona líkt og fyrirrennarar hennar (Doezema, 2005), heldur fremur sigurvegari á umrótstíma: Sú sem losar sig úr fjötrum fortíðar og hagnýtir slæmt ástand efnahagsmála í eigin þágu.

Einkavæðingin naut stuðnings opinberra aðila og konur voru hvattar til nýsköpunarverkefna. Talsmenn nýfrjálshyggjunnar álitu að hægt væri að líta á vændi sem frumkvöðlastarfsemi í frjálsum heimi. Frelsi einstaklingsins til að ráðstafa sjálfum sér skyldi ekki skerða með afskiptum ríkisins og því áttu konur sjálfar „valið“: Hvernig þær vildu selja líkama sinn, til vændistengdrar starfsemi eða annarra athafna (Einhorn, 1993). Val kvenna takmarkaðist með öðrum orðum við efnahagslegar forsendur (Hirschmann, 2006).

Austur-Evrópulöndin voru misjafnlega stæð efnahagslega eftir fall ríkissósíalismsans. Albanía taldist til þeirra ríkja sem stóð hvað verst: 80% albönsku þjóðarinnar var atvinnulaus og annað hvert barn leið næringarskort. Greiðasta leiðin að erlendum gjaldeyri lá í gegnum túristavændi (Einhorn, 1993). Efnahagslegar forsendur mörkuðu því nýfenginn valkost kvenna með afgerandi hætti. Í öðrum löndum Austur-Evrópu var efnahagsástand og staða kvenna jafnan erfið og möguleikar til framfærslu takmarkaðir (Einhorn, 1993; Lynggard, 2002).

Ímyndarmótun og sköpun nútímakonu Austursins hélst á þennan máta í hendur við efnahag landa Austur-Evrópu (Smith, 2005). Afkoma kvenna, möguleikar á námi og vinnu, aðgengi að samfélagslegri þjónustu, líkt og heilbrigðisþjónustu, sem áður voru tryggð af ríkinu var nú ótryggð og jafnvel óaðgengileg almenningi, sérstaklega konum. Auðveldasta leiðin til framfærslu og félagsþjónustu fyrir konur lá í gegnum vændistengda starfsemi. Þátttaka kvenna í vændistengdri starfsemi á frjálsum markaði varð viðurkennd sem hluti samfélagsins (Lynggard, 2002) og opinberir aðilar einstakra ríkja lögðu jafnvel sitt af mörkum við stefnumótun á þessu sviði sem öðrum. Þannig fóru valdhafar fyrrum Austur-Þýskalands í vettvangsleiðangur til „Mekka“ vændisins í vesturhluta Þýskalands, Düsseldorf, með það að markmiði að koma reglu á óreiðuna sem ríkti á vændisvettvangi Rostock (Einhorn, 1993).

### *Í frjálsum flæði frá austri til vesturs*

Þegar í upphafi níunda áratugarins komu konur austantjaldslandanna í stórfelldum mæli yfir til Vestursins í vændi og vændistengdan rekstur (Lynggard, 2002). Leiðin lá til allra landa Vestur-Evrópu, þar með talið til Íslands. Árið 1995 spruttu upp nektardansstaðir í Reykjavík. Starfsemi staðanna náði hámarki árið 2000 en þá voru reknir sjö

nektardansstaðir í Reykjavík auk þriggja á Akureyri, eins í Keflavík og eins í Kópavogi (Drífa Snædal, 2003). Staðirnir voru frá upphafi umdeildir og þá sérstaklega fyrir meint tengsl þeirra við vændi og mansal (Elísabet Þorgeirsdóttir, 2001; UNIFEM, 2002; Nektardansinn dunar enn, 24/6 2002).

Árið 2001 var unnin áfangaskýrsla á vegum Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Í skýrslunni kemur fram að vændi tengist nektardansstöðunum ótvírætt og að þær konur sem þar starfa sem nektardansmeyjar koma bæði frá löndum utan og innan EES. Töluvert margar koma frá austantjaldslöndunum. Samkvæmt skýrslunni eru konur frá Austur-Evrópu jafnan að flýja erfitt efnahagsástand heima fyrir og lifa við ótryggar félagslegar aðstæður. Þær eru vanar afskiptum glæpasamtaka og spilltri lögreglu og treysta því engum. Sýnt þykir samkvæmt skýrslunni, að konur fyrrum austantjaldslandanna sem vinni sem nektardansmeyjar séu berskjaldaðri en nektardansmeyjar frá öðrum Evrópulöndum (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir o.fl., 2001).

Í deilunni um nektardansstaði hafa tekist á tvö ólík sjónarmið. Sjónarmið þeirra sem halda því fram að starfsemin tengist ótvírætt vændi og mansali (Vændi varðar alla, 25/3 2001; UNIFEM, 2002) og þeirra sem segja frelsi einstaklingsins m.a. felast í óheftri ráðstöfun á líkama sínum (Frjálshyggufélagið, á.á.). Afskipti hins opinbera af stöðunum hafa verið takmörkuð og lagaleg afstaða hefur einkennst af tvíræðni. Í febrúar 2002 var dæmt í máli Íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar gegn Veitingahúsinu Austurvelli ehf. Málsaðilar deildu um breytingu sem gerð var á ákvæði lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 sem m.a. bannaði sýnendum nektardans að blanda geði við gesti og bannaði svokallaðan einkadans með öllu. Austurvöllur ehf. hélt því fram að með breytingunni væri vegið að atvinnufrelsi hans sem varið væri af 75. gr. Stjórnarskrárinnar. Málalyktir urðu þær að einkadans var bannaður (Hæstiréttur, dómur nr. 542/2002). Á sama tíma endurspeglaði opinber orðræða samþykkt á stöðunum og jafnvel nauðsyn þeirra í mótun Reykjavíkur sem heimsborgar (Fatafellurnar eru komnar til að vera, 24/4 1996) Á árunum sem fylgdu á eftir voru nektardansstaðir áfram starfræktir en ólík sjónarmið tókust áfram á um starfsemina.

1. júlí 2007 tóku ný lög um skemmtanahald á veitingastöðum gildi. Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. þeirra laga er hvorki heimilt að bjóða upp á nektarsýningar eða með öðrum hætti gera út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Samkvæmt 10. gr.



laganna getur leyfisveitandi þó heimilað í rekstrarleyfi að nektardans fari fram í atvinnuskyni á veitingastað, að fengnum jákvæðum umsögnum umsagnaraðila (Lög um veitingastaði gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007). Ákvæði þetta er umdeilt en hefur veitt starfsemi nektardansstaðanna lagalegt svigrúm til rekstrar, líkt og sannaðist á máli Goldfinger í eigu Baltík ehf gegn Sýslumanninum í Kópavogi haustið 2007 (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, á.á). Starfsemi nektardansstaða hélt því áfram á umdeildum mörkum lögverndar og lögleysu.

*„Ég er ekki tík. Ég er gæði“<sup>14</sup>*

Þær sex þátttökuathuganir sem lagðar eru til grundvallar þessari greiningu voru gerðar á tveimur nektardansstöðum haustið 2007, eins og áður kom fram. Þátttökuathuganirnar voru gerðar í anda eigindlegra rannsókna sem miða að því að miðla upplifun rannsakanda af þeim þætti félagslegs veruleika sem rannsóknin fjallar um. Sem rannsakandi gerði ég mér far um að vekja sem minnsta eftirtekt á stöðunum og falla vel inn í umhverfið. Í þeim tilgangi klæddi ég mig í aðsniðin föt, fór á háa hæla og málaði mig. Ég skipti kaffinu fljótlega út fyrir hvítvín og reykti viðmælendum mínum til samlætis. Með öðrum orðum gerði ég það sem í mínu valdi stóð til þess að aðlagast á vettvangi. Miðlun mín af því sem hér fer á eftir er lituð eigin skoðunum og reynslu. Til grundvallar liggja jafnframt fræðileg sjónarhorn femínískra fræða.

Báðir staðirnir sem ég valdi sem vettvang fyrir rannsóknina eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu. Að utan eru staðirnir vandlega merktir þeirri starfsemi sem fram fer innandyrna, með skiltum og myndum sem kynna „erótíska þjónustu“ fáklæddra kvenna. Á báðum stöðum eru dyraverðir, barþjónar og rekstraraðilar karlar en nektardansarar eingöngu ungar konur. Karlstarfsmenn staðanna voru bæði af íslenskum og erlendum uppruna. Konurnar, nektardansmeyjarnar, sem ég hitti voru eingöngu af erlendum uppruna. Staðirnir eru áþekkir innandyrna. Gluggar eru byrgðir, veggir og loft dökkmáluð og gólfín teppalögð. Leðurstólar, sófar og lítil sófaborð mynda afmarkaða reiti. Á báðum stöðum er bar, upphækkað svið með súlu og stórir speglar á veggjum. Lýsingin er dempuð og einnig tónlistin sem er svo hækkuð sem undirspil við nektardansatriði.

---

<sup>14</sup> „I am not a bitch. I am quality“ (Nektardansmey á Íslandi)

Ég gerði fyrst tilraun til að fara í félagsskap konu. Sem kona í fylgd annarrar konu náði ég takmarkaðri tengslamyndun á stöðunum. Kynbundin hindrun kvenna sem viðskiptavina á nektardansstöðum er samhljóma því viðurkennda normi sem samfélagið og staðirnir grundvallast á; að „erótísk“ samskipti kynjanna byggist á gagnkynhneigð (Andersen, 2006). Þannig var okkur heilsað af dyraverði annars staðarins með orðunum: „Þetta er ekki lessustaður stelpur mínar“. Aðgengið að stöðunum var með öðrum orðum varðað og heft af körlum og jafnframt var leiðin greidd af körlum. Innan staðanna takmarkaðist aðgengið áfram, a.m.k. að hluta, við (gagn)kyn(hneigð). Sem kona fékk ég ekki aðgang að þeim svæðum þar sem einkadansinn fór fram. Því greip ég til þess ráðs að fara í fylgd karls á staðina.

Í þátttökuathugunum mínum á nektardansstöðum höfuðborgarsvæðisins sá ég töluverðan fjölda nektardansmeyja við vinnu. Í þau sex skipti sem ég gerði vettvangsathugun sá ég ný andlit, sem bendir til hraðrar starfsmannaveltu, þ.e. að konurnar staldri stutt við í vinnu hérlendis. Samkvæmt starfsmönnum staðanna, barþjónum og dyravörðum, er misjafnt hvað konurnar dvelja hér lengi. Karlkyns starfsmaður sem ég ræddi við sagði erlendar nektardansmeyjar á Íslandi starfa: „[...]svona frá mánuði og alveg uppí ár. Oftast þrjá mánuði. Fer bara eftir því hvernig þær vinna. Hvað þær fá dvalarleyfi í langan tíma og annað“. Á öðrum staðnum var u.þ.b. helmingur kvennanna frá Austur-Evrópu en á hinum nánast allar. Flestar konurnar litu út fyrir að vera á svipuðum aldri, á milli tvítugs og þrítugs. Ég sjálf var 45 ára þegar ég gerði þessar þátttökuathuganir. Ég hafði efasemdir um að ég næði þeim tengslum sem ég sóttist eftir sökum aldursmunar á mér og nektardansmeyjunum en það virtist ekki koma að sök.

Ríkjandi tíska á báðum stöðunum var einsleit og miðaðist að því að ýkja kyngervi kvennanna til muna. Þannig var klæðnaður, fylgihlutir, andlitsmálning og önnur förðun, sem í menningunni er tengd kvenleika, yfirdrifinn og með skýra tilvísun í kvenlega kynverund eins og við skilgreinum hana í vestrænu nútímasamfélagi (Wolf, 1991/2002). Pils og kjólar voru nárastutt, hælaskór óvenju háir og konurnar voru gjarnan með hárlengingar, fölsk augnahár og gervineglur. Í samtali lýsir ein viðmælenda minna ástæðunni fyrir kyngervi sínu á eftirfarandi hátt:

Hárið á mér er venjulega krullað [...] og styttra. Ég læt lengja það og svo slétta ég það á hverjum degi. Það tekur langan tíma. [...] Mér finnst það flott sítt. Það er dýrt, eins og neglurnar (hún sýnir mér langar gervineglur) en menn elska þetta. Og líka, síðast þegar

Þú komst þá var ég í háum sokkum hingað (bendir á mið læri) menn elska það líka. Ég veit ekki af hverju.<sup>15</sup>

Framboð kyngervis er þannig mótað af eftirspurn á stöðunum.

Nektardansmeyjarnar voru flestar sólbrúnar sem benti til notkunar á brúnkukremum eða ljósalömpum. Ein viðmælenda minna segist fara: „Í ljós til að slaka á“<sup>16</sup>. Nektardansmeyjarnar sem ég hitti voru allar mikið málaðar. Að viðbættum fölskum augnahárum voru konurnar oftast með þykkari „eyeliner“ og dökka, matta augnskugga. Augabrúnir voru plokkaðar mjóar og kinnbeinin ýkt með kinnalit. Púðruð andlitin voru slétt og mött fyrir utan skær gloss og litsterka varaliti. Keimlík förðunin sveipaði konurnar einsleitri ásjónu.

Konurnar voru langflestar grannar og brjóstastórar. Samkvæmt einum viðmælenda mínum eru lýtaaðgerðir á Íslandi ódýrari en víðast annarsstaðar og nektardansmeyjar sem vinna á Íslandi nýti sér það gjarnan. Ein sem hún viti um hafi látið minnka á sér nefið en algengasta aðgerðin sé brjóstastækkun. Nektin var áberandi. Konurnar klæddust efnislitlum fötum og voru annað hvort í kjólum, pilsum og toppum eða nærfötum, en aldrei bæði í nærfötum og öðrum fatnaði. Flíkurnar voru flegnar og stuttar og úr þunnu eða gegnsæu efni. Margar kvennanna voru nærbuxnalausar í nárastuttum pilsum eða kjólum. Skórnir sem nektardansmeyjarnar voru í voru gjarnan úr gegnsæu plasti. Undir þeim var u.þ.b. 8-10 sentímetra hár botn og 4-6 sentímetra háir hælir til viðbótar. Aðspurðar sögðu þær ekki auðvelt að ganga á skónum enda væru: „Þessir skór voru ekki gerðir til þess að ganga á þeim“.<sup>17</sup> Þegar þær gengu framhjá sitjandi kúnum eða stilltu sér upp fyrir framan þá beruðu þær kynfæri sín. Þannig afhjúpuðu konurnar sig afdráttarlaust kynferðislega gagnvart kúnnunum og skírskotuðu í kynferðislegt aðgengi. Á þennan hátt birtist kyngervi nektardansmeyja í sinni yfirdrifnustu mynd; undirskipun eða öllu heldur undirlægjuhætti kvennanna, gegn og andstætt yfirráðum kúnnans; karlsins (Scott, 1988/1999).

---

<sup>15</sup> My normal hair is curly like yours and shorter. I put extension and I straighten it every day! It takes long!“ hún fiktir í hárinu á sér. (Ég sé að það er mislitt, ekki sami litur frá öxlum og niður) „I like it long“ segir hún, „it is expensive, like the nails“ hún sýnir mér langar gervineglur „but men love it! and also, last time you came I had socks uptil here“ (hún bendir á mið læri) „men love that too. I don't know why!“

<sup>16</sup> „I go to solarium to relax“

<sup>17</sup> „These shoes were not made for walking!“

Súludansinn fólst í því að konurnar byrjuðu á því að ganga hægt í kringum súluna og stilla sér upp í mismunandi stellingar. Síðan gengu þær hraðar og ýktu stellingarnar með því að fetta uppá líkamann um leið og þær klæddu sig úr fötunum. Loks sveifluðu þær sér í kringum súluna á miklum hraða. Þær sveifluðu sér upp og niður súluna, klifruðu upp hana og renndu sér niður. Sumar sneru sér á hvolf með annan fótinn hringaðan um súluna. Aðspurðar um hvort þetta væri erfitt fékk ég eftirfarandi svör:

Fyrstu skiptin eru mjög erfið. Ég þurfti að drekka í mig kjark og það tók langan tíma að búa til fjarlægð á kúnnann.<sup>18</sup>

Það er fyrst erfitt af því allir eru að horfa skilurðu? Svo þegar þú ert orðin vön því er það langbest. Það er bara þú og músíkin. Þú getur sleppt þér og flippað út.<sup>19</sup>

Á sama tíma og konurnar voru kynferðislega berskjaldaðar voru þær fjarlæggar og allt að fráhrindandi. Þær voru óaðgengilegar þeim kúnnum sem ekki drógu upp veskið. Á milli þess að dansa, ganga um eða gæla við greiðandi kúnna sátu þær aðgerðarlausar og sviplausar. Skilaboðin voru skýr: „þetta er bara vinna“.<sup>20</sup> Spurðar um af hverju þær væru í þessari vinnu lýstu konurnar mismunandi ástæðum. Ein sagði mér að hún hefði óvart villst í bransann. Hún hefði unnið við að þjóna á bar og eitt kvöldið fékk hún tilboð um að þjóna ber að ofan fyrir herra kaup: „Eitt leiddi af öðru. Eftir að þjóna ber að ofan fór ég að strippa og svoleiðis [...] Ég var bara villt stelpa.“<sup>21</sup>

Önnur segir mér að hún hafi litið á þetta starf sem tækifæri til að breyta til:

Ég var að læra viðskiptafræði áður en ég kom hingað [...] en ég gerði það fyrir foreldra mína, ekki fyrir mig, og ég vildi taka mér frí í ár ferðast og skemmta mér. Svo ég ákvað að gera þetta í ár. Það er góður peningur í þessu. Ég er bara tvítug þó ég líti út fyrir að vera eldri. Eftir árið fer ég aftur að læra. Ég ætla að læra almannatengsl.<sup>22</sup>

Frásögn viðmælanda míns samræmist því viðhorfi sem tíðkast í Austur-Evrópu, að vinna á nektardansstöðum sé félagslega viðurkennd leið til að afla tekna. (Einhorn, 1993; Lynggard, 2002). Auk þess segir hún vinnuna hafa skemmtanagildi. Viðmælandi minn

<sup>18</sup> „The first times are very difficult. I had to drink to get the courage and it took a long time until I made distance from the customer“

<sup>19</sup> „First it is difficult because everyone is watching, you know. Then you get used to it and it is the best. It's just you and the music. You can let go and flip out!“

<sup>20</sup> „It's just work“

<sup>21</sup> „One thing led to another. After serving topless I started nude dancing. And so on. (hún hlær hást) I was just a wild kid“

<sup>22</sup> I was studying [business] before I came here [...] but I did it for my parents, not for me, and I wanted to take a year off travel and have fun. So I decided to do this for a year. It's good money. I am only twenty, although I look older. After a year I go back and study again. I want to study public relation.

talar um starf sitt sem skemmtilega leið til að taka sér tímabundið frí frá námi og skoða heiminn. Á þennan hátt tekur hún þátt í að styrkja ríkjandi viðhorf og viðhalda þeim valdatengslum sem hún er hluti af (Smith, 2005). Auk þess er tímabundið starf nektardansmeyjar með tilheyrandi ferðalögum samkvæmt þessu sambærilegt „au-pair“ störfum, fyrir utan barnapössunina. Bæði starfssvið eru kvenlæg og tímabundin en með skírskotun í sitthvora ímyndina; vændiskonuna og móðurina (Mill, 1869/2003; Scott, 1996; Doezema, 2000).

Þó vinnunni fylgi partý sem stundum séu skemmtileg að sögn kvennanna og hún sé vel borguð getur hún líka verið erfið. Nektardansmeyjar vinni langar næturvaktir sem sé erfitt og auk þess: „fer [þessi] vinna mjög illa með húðina.“<sup>23</sup> Þá geti viðskiptavinirnir verið erfiðir. Viðmælendur mínir segja kunnana mismunandi. Þeir séu á öllum aldri og af ólíku þjóðerni. Útlendir karlar og íslenskir karlar. „Mér líka ekki íslenskir karlar“ segir ein viðmælenda minna. Ég spyr hvort austurevrópskir karlar séu skárri. „Nei“ segir hún „þeir eru miklu verri.“<sup>24</sup> Konurnar eru sammála um að viðskiptavinirnir séu mismunandi eftir þjóðernum og fram kemur að þeim þyki pólskir karlar erfiðustu kunnarnir:

Ég hata pólska karla [...] þeir eru verstir. Það eina sem þeir segja er kurva. Það þýðir tík. [...] Kurva kurva kurva. Svo fara þeir illa með þig. Fyrir nokkrum kvöldum greip einn mig og tók mig svo harkalega. Á eftir leið mér skelfilega. Þetta getur étið þig upp að innan. Skilurðu? En þetta herðir þig líka. Ég er ekki lengur viðkvæm. Áður fyrr var ég viðkvæm en þessi vinna hefur kennt mér margt. Hún gerði mig sterka. Það er gott veistu. En ég er ekki tík. Ég er gæði.<sup>25</sup>

Með öðrum orðum þá felur vinna á nektardansstað í sér viðskiptasamband sem byggist á samfélagslegri stigveldaskipan (Scott, 1988/1999; Smith, 2005). Samband viðskiptavinar nektardansstaðar og nektardansmeyjar nær út fyrir formlegt viðskiptasamband. Í viðskiptunum sjálfum afhjúpast kynjuð valdatengsl karls og konu í sinni ýktustu mynd. Karlinn, viðskiptavinurinn, býr að félagslegum yfirráðum yfir konunni nektardansmeynni (Scott, 1988/1999), sem er hér í senn sá aðili sem selur

<sup>23</sup> „This work is very bad for your skin“

<sup>24</sup> „Icelandic men I don't like.“ „Are the East-european men better?“ spyr ég „No!“ svarar hún áköf „they are a lot worse!“

<sup>25</sup> I hate polish men“ segir hún. „They are the worst. All they ever say to you is kurva. It means bitch“. Hún horfir stíft á mig. „Kurva kurva kurva. And they treat you bad. A few nights ago one grabbed me and took me so hard. Afterwards I felt terrible inside. It can eat you inside. You know? But it also makes you harder. I am not week anymore. I used to be week but this job has taught me a lot. Made me tough. It is good you know. But I am not a bitch. I'm quality“

vöruna og varan sjálf (Wolf, 1991/2002; Einhorn, 1993). Karlinn hefur ekki einungis menningarleg yfirráð heldur líka líkamleg og, sem greiðandi, fjárhagsleg yfirráð yfir „þjónustunni“ eða „vörunni“. Sem „vara“ er nektardansmeyjan (ofur)seld kaupanda sínum og sem „þjónusta“ háð viðskiptavild (Smith, 2005). Sjálfsmynd nektardansmeyjanna er þannig bæði tvinnuð kyngervi þeirra sem endurspeglar menningarlega kynjuð valdatengsl (Scott, 1988/1999) og því efnahagslega ferli sem þær eru hluti af (Smith, 2005).

Sem samband byggt á grundvelli viðskipta, þar sem annar aðilinn hefur valdið á kostnað hins, virðist lítið svigrúm til tengsla á jafnræðisgrundvelli. Nektardansmey hefur þannig takmarkað svigrúm innan valdatengslanna. Hún skilgreinir stöðu sína bæði frá vændi og sem „styrkjandi“ eða valdeflandi og viðheldur þannig takmörkuðu rými sínu innan valdatengslanna (Scott, 1988/1999; Smith, 2005; Levy, 2005/2006).

Frekari liður í kynjuðum valdatengslum nektardansstaða eru karlkyns starfsmenn. Samskipti kvennanna við karlkyns starfsmenn á stöðunum virtust í fyrstu yfirborðskennd. Sýnileg samskipti voru lítil utan þess sem konurnar pöntuðu drykki á barnum fyrir kúnnana en í einstaka tilfellum höfðu karlkynsstarfsmenn bein afskipti af samskiptum nektardansmeyja og kúnna á stöðunum. Við nánari skoðun kom í ljós að afskipti karlanna af nektardansmeyjunum voru mikil. Á öðrum staðnum var ég kynnt fyrir yfirmanni staðarins sem konurnar kölluðu föðurlegu gælunafni. Yfirmaðurinn var miðaldra karl sem hafði umsjón með daglegum rekstri staðarins. Hann var valdmannlegur í framkomu og skipti sér beint af viðskiptunum sem fóru fram:

stúlkan í bláa kjólnum snýr sér undan sköllóttum kúnna með stór gleraugu. Hún lætur sem hún sjái hann ekki. Sá sköllóttir fer. Stuttu síðar kemur hann aftur til stúlkunnar í humátt á eftir yfirmanninum: Hvernig komstu fram við hann spyr yfirmaðurinn stúlkuna hvass og reiður. Sá sköllótti stendur til hliðar við hann. Ég gerði ekkert segir stúlkan, ég gerði ekkert rangt. Yfirmaðurinn segir henni að fara. Farðu skipar hann. Nei gerðu það, ég gerði ekkert rangt [...] ekkert sem ég má ekki. Hinar konurnar sýna ekki svipbrigði. Stúlkan fer. Kjóllinn nær uppá miðjan rass. Hún er ekki í nærbuxum. Yfirmaðurinn fer á eftir henni. Sá sköllótti tvístígur eitthvað og fer svo [...]. Eftir dágóða stund koma þau bæði, yfirmaðurinn og stúlkan. Hún er komin í gallabuxur og jakka og fer niðurlút út.<sup>26</sup>

<sup>26</sup> Úr vettvangsnótum: stúlkan í bláa kjólnum snýr sér undan sköllóttum kúnna með stór gleraugu. Hún lætur sem hún sjái hann ekki. Sá sköllóttir fer. Stuttu síðar kemur hann aftur til stúlkunnar í humátt á eftir yfirmanninum: „How did you treat him“ spyr yfirmaðurinn stúlkuna hvass og reiður að heyra, á ensku með íslenskum hreim. Sá sköllótti stendur til hliðar við hann. „I did nothing“ segir stúlkan „I did nothing wrong“. Yfirmaðurinn neitar að trúa stúlkunni og segir henni að fara. „Go away!“ skipar hann. „No please, I did nothing wrong“ biður hún „nothing I am not allowed“. Hinar konurnar sitja kyrrar. Sýna ekki

Starfsskilyrði nektardansmeyja eru háð leikreglum valdsins á stöðunum. Þjónusta nektardansmeyja miðast ekki eingöngu við óskir kunnanna heldur er einnig stýrt af handhafa valdsins á staðnum, vinnuveitanda, sem á báðum stöðunum voru karlar. Rými kvennanna til sjálfstæðra ákvarðana í starfi er heft. Þar sem viðskiptin, sem nektardansstaðirnir bjóða uppá og valdhafar stýra, felast í líkamlegri þjónustu nektardansmeyjanna er líkamsfrelsi kvennanna takmarkað. Auk þess eru mörk kynferðislegs aðgengis að nektardansmeyjunum óskýr og kynfrelsi kvennanna er því óljóst. Frelsi manneskju markast af því félagslega rými sem hún hefur yfir að ráða. Eftir því sem rýmið skerðist minnkar frelsið og um leið gerendamáttur manneskjunnar (Foucault, 1978/1990).

Á sama tíma og nektardans og nektardansstaðir njóta yfirlýsts samfélagslegs samþykkis, felur staða nektardansmeyja í sér félagslega útilokun. Útilokunin á sér ekki einungis stað á stöðunum, á skurðpunkti opinbers rýmis og einkasviðsins, heldur einnig á einkasviðinu sjálfu. Möguleikar nektardansmeyja í fjölskyldu- og vinahóp eru skertir að sögn viðmælenda minna: „Það er engin leið til baka [...] foreldrar mínir og vinir líta mig aldrei sömu augum. Ég get aldrei orðið eðlileg aftur.“<sup>27</sup> Kyngervi nektardansmeyjar er þannig skilgreint, af þeim sjálfum og öðrum, frá félagslegri viðurkenningu, eða normi, og þar með samfélagslegri aðild; því félagslegt samþykki er forsenda samfélagslegrar þátttöku (Scott, 1988/1999; Smith, 2005). Að baki skilgreiningarinnar á kvenlegu kyngervi liggur aldagömul tvískipting á hlutverki konunnar sem annaðhvort móður eða vændiskonu; fósturu eða frillu (Mill, 1869/2003; Scott, 1988/1999, 1996; Doezema, 2000). Skilgreining þessara tveggja kyngerva byggist á gagnkvæmri útilokun í samræmi við samfélagsleg hlutverk; að ala börn eða vera kynferðisleg afþreying fyrir karla. Það að vera móðir er að vera ekki vændiskona og öfugt.

Í klámvæðingu nýkapítalismans er gerð tilraun til að steypa saman þessari gömlu þversögn, andstæðum ímyndum móðurinnar og vændiskonunnar, í eina glansímynd: nútímakonuna. Nútímakonnan er samkvæmt ímyndinni bæði neytandi og neysluvara á frjálsum markaði (Wolf, 1991/2002; Einhorn, 1993). Hún er hin unga og fullkomna

---

svipbrigði. Stúlkan fer. Kjöllinn nær uppá miðjan rass. Hún er ekki í nærbuxum. Yfirmaðurinn fer á eftir henni. Sá sköllótti tvístígur eitthvað og fer svo fram í anddyri. Eftir dágóða stund koma þau bæði niður, yfirmaðurinn og stúlkan. Hún er nú komin í gallabuxur og jakka og fer niðurlút út“

<sup>27</sup> „There is no way back. My parents and friends will never see me the same. I can never be normal again“

ímynd hátískunnar, vinsæl og hamingjusöm. Hamingjan er skilgreind út frá neyslu á lúxusvarningi, frá varalit til demanta, en fullkomnun nútímakonunnar er eftir sem áður háð ástinni í lífi hennar: hinum eina Sanna (karli). Þannig lýsir ein viðmælenda minna dagdraumum sínum:

[...] þekkir þú „Sex and the City? Sjónavarsþáttinn? [...] Ég elska þann þátt. [...] manstu þegar Charlotte fékk stóra demantshringinn frá Tiffany's? Ég bara elska þann þátt. [Ég mun giftast] [þeim manni] sem kaup[ir] handa mér stóran demantshring frá Tiffany's.<sup>28</sup>

Fyrirmyndirnar úr „Sex and the City“ uppfylla öll skilyrði nútímakonunnar. Þær klæðast flottustu merkjavöru, eru fjárhagslega sjálfstæðar og taka virkan þátt í næturlífi heimsborgarinnar. Þær lifa fjölskrúðugu kynlífi í leit að ástinni sem þær þeirra sem það vilja, finna á endanum (HBO, á.á.).

Vinna nektardansmeyja er hluti af næturlífinu líkt og kvennanna úr „Sex and the City“. Partyin standa lengi og viðmælandi minn lýsir einu þeirra á eftirfarandi hátt: „[...] það kom hópur af hollenskum mönnum og þeir kunnu að djamma. Það var æðislegt. Þeir keyptu einka[dans] af okkur öllum og eyddu allavega tveimur tímum með hverri okkar.“<sup>29</sup> Líkt og söguhetjur „Sex and the City“ gætu nektardansmeyjar hitt ástina á næturlífinu. Þannig bendir viðmælandi á samstarfskonu sína og segir:

Þessi þarna með [...] sem situr við barinn, hún var að dansa með mér á [...] þá var hún ljóshærð. Svo hittust [þau] og fóru að vera saman. Ég hélt að það myndi ekki endast en þau eru enn saman. Mér finnst það dásamlegt. Svona hlutir gerast.<sup>30</sup>

Dæmi þessa virðast þó fátíð og viðmælendum mínum ber saman um að: „flestar [nektardansmeyjar] eig[i] erfitt með ástarsambönd.“<sup>31</sup>

Kyngervi nektardansmeyja tákngerir hlutverk þeirra á nektardansstöðunum og þau valdatengsl sem þær eru hluti af. Rými þeirra til athafna er takmarkað, sem hamlar félagslegri virkni. Kyngervið mótar jafnframt möguleika kvennanna og samskipti þeirra utan staðanna í því samfélagi sem þær eru hluti af. Kyngervið, sem grundvallast á

<sup>28</sup> „[...] you know Sex and the city? The TV show? [...] I love that show! [...] remember when Charlotte got the big diamond ring from Tiffany's? I just loved that show! [I will marry] [the guy who] buy[s] me a big diamond ring from Tiffany's“

<sup>29</sup> „[...] there came a group of dutch guys and they liked to party! It was great! They bought private from all of us and spent at least two hours with each one“

<sup>30</sup> „That girl over there [...] who sits at the bar, she was dancing with me at [...] back then she was blond. Then [they] met and started to be together. I thought it would not last long, but they are still together. I think it is beautiful. These things happen“

<sup>31</sup> „Most of us have difficulties with love“



kynjuðum valdatengslum, mótar sjálfsmyndina. Það endurspeglast í öllum samskiptum; á opinberum vettvangi og í nánnum samböndum (Scott, 1988/1999, 1996; New, 2004; Smith, 2005). Eða með orðum eins viðmælenda míns:

Kærastinn minn og ég bjuggum saman mestalla vikuna [...] en hann kallaði mig aldrei kærustuna sína. Í hvert skipti sem hann kynnti mig var ég bara vinkona hans. Ég sætti mig við það. En svo, í síðustu viku fór hann á [nektardansstað] og keypti einkadans af svartri, feitri tík sem allir vita að ríður í einka[dansi]. Þegar ég spurði hann og varð reið sagði hann: hver í andskotanum heldur þú að þú sért, heldur þú að þetta sé samband? Þannig að ég hætti með honum [...] hann sýndi mér aldrei neina virðingu.<sup>32</sup>

Á þennan hátt eru þau tvö ólíku kyngervi sem liggja til grundvallar nútímakonunni, frillan og fóstran, þrátt fyrir aðra boðun ósamrýmanleg í þeim félagslega veruleika sem við lifum í og miðum okkur út frá. Annað hlutverkið útilokar hitt og í mótuninni sæta nektardansmeyjar félagslegri einangrun utan staðanna.

Menningarlega er virðing tengd samfélagslegu virði manneskju. Í kapítalísku samfélagi er virði háð verðmætum og þannig endurspeglar virðing verðigildi manneskju. Eignum fylgja einnig félagsleg völd og þannig eru valdatengsl fólks bundin í efnahag samfélaga (Marx & Engels, 1867/1986; Smith, 2005). Frá iðnbyltingunni hefur verðmætasköpun vestrænna ríkja verið á hinu opinbera sviði samfélagsins sem að jafnaði hefur verið stýrt af körlum (Scott, 1988/1999; Smith, 2005). Þrátt fyrir opinbert jafnræði á vinnumarkaði sósíalísku ríkjanna héldust völdin í höndum karla. Konur voru þátttakendur í verðmætasköpuninni en eignarhaldið var karlanna.

Samfara samfélagslegri umbyltingu tók hlutskipti austur-evrópskra kvenna stakkaskiptum. Margfalt hlutverk kvenna var áfram hlutgert en flýtur nú á milli tveggja vídda samkvæmt skilgreindum heimi nýkapítalísmans. Í samfélagi þar sem frelsi einstaklingsins er skilgreint út frá neyslu er ímyndin ekki einungis samþykkt heldur hluti framboðs og eftirspurnar; þeim meginstöðum sem halda kapítalísku hagkerfi gangandi (Smith, 2005). Sem neytandi varð konan ómissandi gerandi á markaði og um leið svipt gerendamætti sem neysluvara. Konan, sem áður var bundin á klafa sósíalíska kerfisins

---

<sup>32</sup> „My boyfriend and I lived together most of the week“ [...] „But he never called me his girlfriend. Every time he introduced me I was just a friend. I put up with it. But then, last week, he went to [...] and bought private from a black fat bitch that everyone knows fucks in privat. When I asked him and was angry he said: who the fuck do you think you are, you think this is a relationship! So I broke up with him [...] he never showed me any respect“

varð eftir umskiptin bundin á nýjan klafa: Markað frjálshyggjunnar (Wolf, 1991/2002; Einhorn, 1993; Levy, 2005/2006).

Í næsta kafla verður andstæða berskjöldunar, blæjan til umfjöllunar. Líkt og berskjöldun er blæjan birtingarmynd menningarlegrar túlkunar á kvenkyni samfélaga. Kyngervi berskjöldunar er túlkun sem ber í sér vísun í hagfræðilegt hugmyndakerfi nýkapítalismans. Blæjan er hins vegar með skýra tilvísun í trúarlegan ás menningar múslima. Í köflunum hér á eftir verður hugtakið „blæja“ notað almennt fyrir kyngervi múslimakvenna. Hugtakið er notað í evrópsku samhengi eins og skýrt verður frá hér á eftir og felur í sér skírskotun í Íslam. Í umfjölluninni um múslimakonur verður umræðan rakin í gegnum Frakkland. Frakkland er bæði söguleg og táknræn tenging Vesturlanda við múslimaríki. Frakkland átti margar nýlendur og í Frakklandi var lengi framan af mestur fjöldi innflytjanda á Vesturlöndum (Bowen, 2007).

#### IV.3. Blæjan

##### *Konur Íslam*

Í október 1989 áttu sér stað atvik í grunnskóla í smábænum Creil við rætur Parísar í Frakklandi sem urðu upphaf atburðarásar sem síðan hafa markað franskt samfélag. Þrjár múslimastúlkur neituðu að taka niður blæjur og var í kjölfarið vikið úr skóla. Á öðrum tímum hefðu tilfelli ekki verið talin tiltökumál en á afmælisári frönsku byltingarinnar sem jafnframt var hátíðartími franska lýðveldisgilda og á tímum sem alþjóðleg athygli beindist að Íslam varð smámál að stórmáli. Þegar við bættust fleiri tilfelli af sama toga varð blæjan ekki einungis túlkuð sem sérstök yfirlýsing gegn kynverund vestrænna kvenna heldur einnig sem meðvituð mótstaða og yfirlýst andóf og ögrun við franskt samfélag. Blæjan var útnefnd sem tákn mótspyrnu, eða jafnvel menningarárásar múslima á franska lýðveldið. Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum varð samfélagslegt uppþot. Í daglegu tali og opinberri orðræðu virtist litið framhjá þeirri staðreynd að múslimakonur með blæjur og íslamskir bókstafstrúarmenn voru hverfandi minnihluti samfélagsins. Almennur skiptist í tvo flokka sem skipuðu sér annaðhvort með eða á móti blæjunni og tók um leið afstöðu með eða á móti Íslam (Scott, 2007).

Í kjölfar vaxandi samfélagsumræðna skipaði ríkisstjórnin nefnd sem fjallaði um málið. Nefndin, sem kölluð var Stasi-nefndin í höfuðið á Bernard Stasi forsvarsmanni nefndarinnar, hafði það hlutverk að leggja drög að ákvarðanatöku frönsku ríkisstjórnarinnar um löggjöf vegna blæjunotkunar. Í umfjöllun nefndarinnar lá rótgróin frönsk heimspeki til grundvallar: „þjóðin, ein og ósýnileg“ (*e. the nation, one and invisible*) (Scott, 2007, 80) sem lýsir yfir einingu þjóðar en gefur margbreytileika samfélagsins um leið ekkert svigrúm. Mismunur eða margbreytileiki á meðal fólks var hvergi skráður eða lagalega skilgreindur og þar með var engin félagsleg krafa um umburðarlyndi. Skýrsla nefndarinnar staðfesti að auki arfleifð frönsku byltingarinnar og hefð franska lýðveldisins, veraldarhyggjuna (*e. secularism*), sem byggist á aðskilnaði ríkis og kirkju, og krafðist á þeim grundvelli banns á öllum áberandi trúartáknum í ríkisskólum (Bowen, 2007; Scott, 2007).

Í kjölfar frönsku blæjumálanna breyttist opinber orðanotkun fljótlega. Blæjan, sem áður hafði verið talað um sem „slæðu“ (*fr. foulard*) varð snemma að „blæju“ (*fr. voile*) sem samkvæmt merkingu orðsins hylur andlit konunnar. Blæjumálin svokölluðu brutust upp á yfirborðið með jöfnu millibili. Endurtekning uppákoma endurspegladi ekki vaxandi fjölda múslima eða strangtrúaðra múslimakvenna í Frakklandi heldur fremur rísandi hægrisveiflu og harðnandi afstöðu stjórnvalda í garð innflytjenda. Í mars árið 2004 tóku gildi lög sem bönnuðu öll áberandi trúartákn í skólum Frakklands, þar með talið blæjuna (Scott, 2007).

Orðanotkun endurspeglar vitund og áherslu í umræðu líðandi stundar og er ætlað, meðvitað eða ómeðvitað, að skerpa andstæður og kalla fram viðbrögð. Með því að leggja áherslu á og ýkja hulda ásýnd múslimakvenna, sem í hjúpun sinni stóð í augljósri andstöðu við vestrænar konur, var „hinunin“ undirstrikuð og tortryggni byggð upp (Yuval-Davis & Werbner, 1999; Scott, 2007). Blæjan varð táknræn fyrir Íslam, óvinveittan fulltrúa fortíðar, í skýrri andstöðu við vestrænan nútíma (Bowen, 2007; Scott, 2007). Innflytjendur frá Norður-Afríku sem voru orðnir rótgróinn hluti af frönskum raunveruleika urðu skyndilega ókunnugir og þar með ógnandi.

Alla 19. öld og meginpart 20. aldar var Frakkland land innflytjenda. Í Frakklandi voru langtum fleiri innflytjendur en á öllum hinum Vesturlöndunum (Scott, 2007) og sýnileiki múslima á sér þar með lengsta sögu í Frakklandi af Evrópulöndunum (Bowen,

2007). Í „innflytjendaumræðu“ Frakklands var hópurinn „innflytjendur“ skilgreindur sem allir einstaklingar af norður-afrískum uppruna. Jafnframt voru innflytjendur ekki einungis bendlaðir við Íslam heldur pólitískt skilgreindan íslamisma sem aftur var ótvírætt tengdur við hryðjuverk. Íslam stóð í franskri vitund ekki aðeins fyrir trúarbrögð heldur sérstaka menningu sem var óásættanleg frönsku samhengi og stóð í skýrri andstöðu við frönsk gildi. Blæjan varð því að tákni mismunar sem ekki var hægt að samþykkja eða samlaga franska lýðveldinu (Scott, 2007).

Málefni innflytjenda í Frakklandi tengdust sívaxandi vandamálum. Á tíunda áratug síðustu aldar voru um 8% þjóðarinnar innflytjendur og þeir voru þriðjungur atvinnulausra. Innflytjendur voru síðastir til að fá vinnu og fyrstir til að vera sagt upp. Í opinberri umfjöllun um samfélagslega jaðarsetningu innflytjenda af þessu tagi var menningu þeirra sjálfra og þeim sjálfum kennt um. Gagnkvæm samskipti og áhrif samfélagshópanna, innfæddra og aðfluttra, voru þannig útilokuð. Skilgreiningarvald ráðandi hóps var óvéfengt, og á þennan hátt voru valdatengsl Frakka og franskra nýlendna endurnýjuð og styrkt undir nýjum kringumstæðum (Scott, 1988/1999; Smith, 2005).

Í blæjumálunum endurspegluðust sömu valdatengsl. Andspænis körlum eru konur ekki aðeins valdaminni hluti tvíhyggjuparsins heldur eru múslimar í Frakklandi valdaminni hluti hins samfélagslega tvenndarpars sem samanstandur af Frökkum og innflytjendum (Scott, 2007). Uppstillingin virðist, með öðrum orðum, þjóna þeim tilgangi að úthluta múslimakonum (og –körlum) tilteknu samfélagslegu hlutverki, sem hindrar þátttöku þeirra í stórsamfélaginu Frakklandi (Scott, 1988/1999, 1996; Yuval-Davis, 2006). Á þennan hátt héldust þessir tveir menningarheimar áfram aðskildir, líkt og á nýlendutímabilinu.

### *Af menningu múslima*

Íslam, sem þýðir auðmýkt eða undirgefni gagnvart guði, varð til á sjöundu öld og fyrstu skriflegu heimildir um Íslam eru frá níundu og tíundu öld (miðað við gregorískt dagatal). Sá tími sem leið á milli upphafs og ritunar í Íslam fól óhjákvæmilega í sér mannlega gleymsku og á tímanum áttu sér einnig stað miklar þjóðfélagsbreytingar (Keddie, 2007). Eins og önnur söguleg samfélög byggðust Miðausturlönd á yfirráðum karla (Okin, 1997;

Keddie, 2007). Saga þessara landa hefur einnig, frá upphafi, verið skrifuð af körlum líkt og sögur annarra menningarsamfélaga (Keddie, 2007; Scott, 2007).

Menningarsamfélög Íslam eru ekki einungis mörg hundruð ára gömul heldur spanna auk þess stórt landsvæði; ríki, þjóðir og þjóðarbrot. Samfélögin eru jafn ólík og þau eru mörg og því ekki hægt að alhæfa um þau frekar en um önnur menningarsvæði eins og til dæmis Vesturlönd. Aftur á móti eiga samfélög Íslam, líkt og önnur samfélög, ýmis menningarbundin tákni sameiginleg þvert á landfræðileg og þjóðernisleg landamæri; þar á meðal blæjuna (Magnús Þ. Bernharðsson, 2005; Keddie, 2007; Scott, 2007).

Sú hefð að konur hyldust með blæjum var fyrir hendi fyrir íslamska tíma í miðausturlöndum og við miðjarðarhafið. Eftir fyrstu íslömsku kynslóðina voru konur þó í auknum mæli aðskildar frá hinu opinbera lífi. Yfirstéttarkonur báru blæjur og voru þannig aðgreindar frá lægri stéttum og óviðkomandi körlum. Íslömsk merking blæjunnar er einnig tengd heiðri og hógværð kvenna og jafnframt heiðri fjölskyldna þeirra. Með tímanum hefur blæjan orðið að tákni fyrir hefðbundna stöðu múslimakvenna (Enloe, 1989/2000; Keddie, 2007).

Ytri sem innri þættir umlykjandi menninga höfðu áhrif á mótun og (trúar)íðkun Íslam og mynduðu undirstöður kynjaðrar formgerðar þess. Þannig fluttust hefðir og löggjöf annarra menningarhópa Miðausturlanda yfir á Íslam og áhrif annarra trúarbragða svo sem gyðingdóms og kristni og áttu þátt í myndun hinnar hugmyndafræðilegu burðargrindar íslamskra samfélaga (Keddie, 2007). Karllæg menning mótar trúarbrögð og öfugt og þannig var undirskipun kvenna innbyggð í (flest)öll trúarbrögð Miðausturlanda. Sögulega hefur stigveldið yfirferst og fest sig í sessi við tilurð nýrra trúarbragða og nýrrar menningar (Scott, 1988/1999).

Íslam yfirtók til dæmis löggjöf um fjölkvæni karla úr gyðingdómi og í sumum seinni tíma túlkunum á Kóraninum er konan skilgreind á svipaðan máta og Eva í sköpunarsögu Biblíunnar; sem holdgerving synda og lasta, svipt skynsemi og gáfum (Keddie, 2007). Aðrar túlkanir leggja áherslu á jafna mennsku (*e. humanity status*) beggja kynja og að samkvæmt Kóraninum hafi fyrsta syndin verið á ábyrgð bæði Adam og Evu (Büyükccelebi, 2005). Í Íslam er, líkt og í öllum öðrum trúarbrögðum, móðurhlutverkið hafið til vegs og virðingar (Pateman, 1989; Yuval-Davis, 1997/2007; Büyükccelebi, 2005; Keddie, 2007). Í boðuninni njóta mæður í Íslam sérstakrar virðingar og verndar, rétt eins

og (hús)mæður Íslands og mæður ríkissósíalismsans. Heimilið er vettvangur mæðra Íslam. Hlutverk þeirra er að skapa fjölskyldunni öryggi og frið og þeirra er að miðla hefðum og visku kynslóðanna. „Heimili sem nýtur tryggrar, háttvísrar konu er vik himna“. Mæður lifa við loforð um að njóta sérstakra réttinda handan veraldlegra gæða og samkvæmt spámanningnum er sjálf „Paradís [...] undir fótum mæðra.“ (Büyükccelebi, 2005, 311 og 318).<sup>33</sup>

Áherslan á hlutverk múslimakvenna á einkasviðinu, heimilinu, hefur haldist lítið breytt í gegnum árhundruðin. Sköpun aðskilda sviða kynjanna hófust í árdaga en jókst til muna við tilkomu þéttbýlis og borga. Um leið urðu hlutskipti kynjanna í samfélaginu aðgreindari (Keddie, 2007). Hefðbundin íbúðarhús í Mið-Austurlöndum samanstanda af tveimur hlutum sem á persnesku nefnast „andaruni“ (hið innra) og „biruni“ (hið ytra). „Andaruni“, sem ætlað er aðeins nánustu fjölskyldumeðlimum, er sett saman af svefnherbergi, eldhúsi, borðstofu og jafnvel litlum garði en í „biruni“ fyrirfinnst móttökusalur, setustofa og borðstofa þar sem tekið er á móti gestum. „Biruni“ er aðskilið frá götu og nærliggjandi húsum með girðingu (Magnús Þ. Bernharðsson, 2005). Þær konur sem hylja ásýnd sína með blæju þegar þær fara út fyrir hið innra svið heimila sinna gera það í táknrænni merkingu. Blæjan er óeiginleg framlenging á skiptingu heimilanna í tvo hluta og um leið stórsamfélagsins alls; í einka- og opinbert svið. Hún er sjáanleg tjáning á einangrun múslimakvenna og fjarveru þeirra frá hinu opinbera lífi (Magnús Þ. Bernharðsson, 2005; Keddie, 2007; Scott, 2007).

Deilan um þátttöku kynjanna á einka- jafnt sem opinbera sviðinu hefur lengi legið til grundvallar femínískri samfélagsgagnrýni (Andersen, 2006). Þessi einfalda tvískipting samfélagssviðanna, sem í gegnum tíðina hefur haldist lítið breytt í Mið-Austurlöndum, hefur síðustu áratugi að auki verið miðlæg í deilu umbótasinna og íhaldsafla á meðal Vestur- og Mið-Austurlandabúa. Sú hugmynd hefur verið reifuð hvort yfirfæra megi „andaruni“ á þjóðríki múslima og „biruni“ á samskipti þess við hinn vestræna heim (Magnús Þ. Bernharðsson, 2005).

Mikilvægi heimilisins og varðveisla eða uppstokkun hefðbundinna kynhlutverka varðar í öllum tilfellum viðkomandi samfélag og samskipti þess út á við, í

---

<sup>33</sup> „A house that contains an honorable, well-mannered woman, loyal to her home is a corner from Heaven.“ bls. 318 og „Paradise is under the feet of mothers“, 311

stórsamfélaginu. Í menningu múslima er fjölskyldan skilgreind sem grunnformgerð samfélagsins. Þannig er hjónaband múslima ekki grundað á rómantískri ást eða holdlegri nautn að vestrænni fyrirmynd, heldur ætlað að tryggja bæði hagsmuni einstaklinganna sem í hlut eiga og samfélag allra múslima: „Tilgangur hjónabandsins er að stofna fjölskyldu, tryggja varanleika og viðhald þjóðarinnar“ því „Heimili er lítil þjóð og þjóðin er stærra heimili“ (Büyükelebi, 2005, 286 og 287).<sup>34</sup> Trúin felur í sér skýra fjölskyldustefnu og er jafnframt ætlað að varðveita þjóð trúaðra múslima. Trúin gegnir því einnig sama hlutverki og pólitísk þjóðernisstefna í öðrum menningarheimum líkt og á Íslandi.

Íslam sameinar pólitíska hagsmuni, lífssýn og trúarbrögð. Múslimar telja Kóraninn beinan boðskap frá guði, hafinn yfir tíma og rúm. Í honum er að finna skýr fyrirmæli um siðvendni í samskiptum kynjanna og áhersla er lögð á helgi hjónabandsins (Jón Ormur Halldórsson, 1993; Büyükelebi, 2005). Túlkun á texta Kóransins hefur verið breytileg í gegnum tíðina. Túlkunin er, líkt og með önnur rit, fyrst og fremst háð því hver túlkar og í hvaða samhengi. Skilgreiningar á notkun blæjunnar eða krafan til kvenna um að hylja sig er sömuleiðis háð túlkun og félagslegum aðstæðum. Í Kóraninum er að finna tvö vers, „súrur“, sem notuð eru til rökstuðnings á notkun blæju eða búrku kvenna. Í súru 33:53 er vikið að beint að afstúkun kynjanna í samskiptum; „Ef þér beiðizt einhvers af konum Spámansins, þá talið til þeirra bak við tjald“ (Helgi Hálfðánarson, 2003, 256).<sup>35</sup> Skiptar skoðanir eru um túlkun þessa vers. Sumir fræðimenn telja, líkt og fram kemur í þeirri þýðingu sem hér er stuðst við, að um sé að ræða konur spámansins en aðrir að átt sé við allar konur (Keddie, 2007). Á öðrum stað í súru 24:31 er talað til allra kvenna sem eru múslimatrúar þar sem segir: „Segðu trúuðum konum, að þeim beri að hverfa sjónum sínum burt frá freistingum og vernda hreinleika sin, að hylja sína prýði, [...], að bregða blæju yfir barm sinn og eigi birta fegurð sína [...]. og eigi skulu þær slá fótum í gangi, svo

---

<sup>34</sup> „The purpose of marriage is not pleasure; rather, it is to establish a family, ensure the nation's permanency and continuation...“ 286

„A home is a small nation, and a nation is a large home.“ 287

<sup>35</sup> „And when ye ask of them (the wives of the Prophet) anything, ask it of them from behind a curtain.“ (Pickthall, e.d. bls. 448) „And tell the believing women to lower their gaze and be modest [...] and to draw their veils over their bosoms, and not to reveal their adornment [...]“ – (Pickthall, e.d. 363)

sem til að sýna sín földu djásn“ (Helgi Hálfðánarson, 2003, 209)<sup>36</sup>. Þar sem vísað er í texta sem „barmur“ er í sumum síðari tíma skýringum yfirfært yfir á allan líkama kvenna (Keddie, 2007). Í Kóraninum er þó ekki meira að finna um klæðaburð kvenna en í Biblíu kristinna manna (Jón Ormur Halldórsson, 1993).

### *Vestræn viðhorf til Íslam*

Í nýlendustefnunni fólst gagnrýni á menningu Íslam. Hugmyndafræði nýlendustefnunnar var mótuð af þeirra tíma valdhöfum og því sniðin að hagsmunum vestrænna hvíttra karla. Nýlendustefnan fólst í því að nema lönd og auðlindir þjóða, en einnig að hafa afskipti af menningu þjóðanna. Einangrun einkasviðsins í Íslam sem fól m.a. í sér hulda ásýnd innlendra kvenna var merki um takmarkað (kynferðislegt) aðgengi nýlenduhera að innlendum konum. Blæjan var tvinnuð táknrænni fangelsun múslimakvenna. Nýlendustefnan boðaði frelsun innfæddra kvenna undan sýnilegri kúgun. Staðalímyndirnar sem dregnar voru upp af innfæddum íbúum miðausturlanda voru myndir af konum sem kúguðum kynlífsþrælum (Enloe, 1989/2000; Keddie, 2007; Scott, 2007).

Á sama hátt og yfirstéttarkarlar og -konur nýlendnanna skilgreindu innfædda sem andstæðu sína, skilgreindu innfæddar konur sig frá yfirstéttarkonum og samsömuðu sig með körlum af sama uppruna og menningu. Aðgreiningin og staðfesting á sérstöðu og samheldni gerði innfæddar konur nýlendna mun líklegri til að taka pólitíska afstöðu og samsama sig með körlum af sömu stétt og uppruna en konum af yfirráðastétt (Enloe, 1989/2000). Í byltingunni í Íran tóku konur upp blæjur í pólitískum tilgangi; til að verja Íslam og til þess að mótmæla vestrænum valdhöfum og gildum. Fyrir mörgum konum var blæjan tákn mótspyrnu og þjóðernishyggju, samsemdar og sjálfsmyndar íslamskra kvenna (Keddie, 2000; Halla Gunnarsdóttir, 2008). Blæjan hefur jafnvel verið skilgreind sem táknræn fyrir „ferðafrelsi“ kvenna; hjúpun blæjunnar veiti konum rými og frelsi til athafna og ferða (Kristín Loftsdóttir, 2001). Táknræn merking hennar tók þó róttækum breytingum í boðun Khomeini sem eftir byltinguna í Íran gerði það að sínu fyrsta verki að svipta konur réttindum, þ.m.t. kosningarétti, forræði barna sinna, rétti kvenna til

<sup>36</sup> „And tell the believing women to lower their gaze and be modest [...] and to draw their veils over their bosoms, and not to reveal their adornment [...]“ – (Pickthall, e.d. 363) Þýðing Picktall er sett hér til samanburðar.



skilnaðar, og gera blæjuna að lögföstu tákni eignarhalds karla á konum (Keddie, 2000). Blæjan varð að boðun á undirskipun kvenna og kyngervið þar með skýr tilvísun í kynjuð valdatengsl. Þannig viðhéldust kynjuð valdatengsl innan og á milli mismunandi hópa samfélagsins (Scott, 1988/1999).

Hugmyndafræði nýlendutímanna og menningarlegar hugmyndir um blæjuna fluttust yfir til nútíma hugmynda vestrænna samfélaga. Vestræn sjónarmið endurspeglu áherslu á menningarlegan mismun og gagnrýna stöðu múslimakvenna bæði í ríkjum múslima og á Vesturlöndum sjálfum (Enloe, 1989/2000; Keddie, 2007; Scott, 2007). Vestræn umfjöllun um málefni múslima hneigist til að ýkja neikvæða þætti samfélaga Miðausturlanda, og þá einna helst stöðu kvenna, og undirstrika þannig það almenna álit að múslimakonur séu fyrst og fremst fórnarlömb. Blæjan er opinberlega viðurkennt tákni kvennakúgunar (Enloe, 1989/2000; Keddie, 2007). Í meira en heila öld hefur blæjan verið miðlæg í deilunni um bæði múslimakonur og múslima almennt (Keddie, 2007).

Vestræn skilgreining á blæjunni er óhjákvæmilega byggð á vestrænum, karllægum gildum og viðmiðum. Þannig er táknræn merking blæjunnar, sem frávik frá vestrænu normi, háð vestrænum upplifunum. Allt frá tímum nýlendustefnunnar hefur ímynd blæjunnar falið í sér margræðni; túlkun misvísandi skilaboða í einu og sama tákningu. Blæjan er ögrun og áminning um útilokun kynferðislegs aðgengis vestrænna karla að múslimakonum og um leið sjónrænn vitnisburður um frelsisskerðingu sömu kvenna (Enloe, 1989/2000; Scott, 2007). Að auki hefur merking blæjunnar verið tengd ógnum andspyrnu allt frá tímum nýlenduþrifa, þegar fólk af báðum kynjum skýldi sér í blæjum til að smygla vopnum (Keddie, 2007).

Eftir 11 september 2001 hefur orðræða almennings og alþjóðastjórn mála í auknu mæli endurspeglad alhæfingar og alið á ótta. Íslam er skilgreint sem hinn nýi ógnvaldur vestursins, fulltrúi fornaldar í andstöðu við nútímann (Magnús Þ. Bernharðsson, 2005; Scott, 2007). Um leið varð táknrænni merkingu blæjunnar aftur gefið aukið pólitískt vægi, og í dag kallar hún fram margþættar hugmyndir um kúgun, framandleika, baráttu og hryðjuverk (Scott, 2007). Í kjölfar sprengjutilræða í London árið 2005 hvatti dr. Badawi, skólastjóri Muslim College og stjórnarformaður breskra „imama“ (múslima-presta), múslimakonur til að taka niður blæjuna og tryggja þannig öryggi sitt á

almannafæri. Án blæju gætu andstæðingar Íslam ekki borið kennsl á þær sem múslima (Breskar múslimakonur hvattar til að hætta að bera höfuðklúta, 3/8 2005).

Rísandi hægrisveifla og harðnandi afstaða gegn innflytjendum hefur verið ríkjandi í Evrópu. Í evrópskri umfjöllun er blæjunotkun múslimakvenna endurtekið efni. Holland, Belgía, Austurríki og Búlgaría hafa lagt fram frumvörp um lög um blæjubann í anda frönsku laganna. Í mörgum ríkjum Þýskalands gilda lög gegn blæjunotkun kennara í skólum (ekki nemenda). Í Hollandi bera á bilinu fimmtíu til hundrað kvenna blæjur af einni milljón múslima, og í Frakklandi, sem hér hefur helst verið til umfjöllunar, báru u.þ.b 14% múslimakvenna blæju þegar blæjubannið tók gildi (Scott, 2007).

Neikvæðni hefur gætt í garð múslima af hálfu opinberra aðila á Íslandi. Fréttaf lutningur af múslimum sem er mestmegnis erlendis frá, endurspeglar ráðandi vestræn gildi og viðhorf (Magnús Þ. Bernharðsson, 2007) og á alþjóðavettvangi skipar Ísland sér bæði sem meðlimur í NATO og yfirlýst „staðföst þjóð“ í lið vesturvelda gegn miðausturlöndum (Sveinn Guðmarsson, 2006). Fulltrúar Frjálslynda flokksins vara við frekari aukningu múslima meðal innflytjenda á Íslandi og bera fyrir sig vonda reynslu annarra Evrópulanda (Jón Magnússon, 2006).

#### *Af femínískri gagnrýni um málefni múslimakvenna*

Á sama tíma og stjórnvöld evrópskra ríkja telja ástæðu til að setja lög sem takmarka blæjunotkun hefur ekki þótt ástæða til að hafa afskipti af málaflokkum sem varða innri formgerð múslimasamfélaga svo sem fjölkvæni, barnabréðkaup og umskurð barna (Okin, 1997; Ali, 2007/2008). Í fjölþjóðasamfélagi Evrópu hafa menning og hefðir minnihlutahópa verið látnar óáreittar af hálfu opinberra aðila og jafnvel réttlættar í nafni pólitískrar rétthugsunar.

Hugmyndafræði pólitískrar rétthugsunar (*e. political correctness*) í málefnum mismunandi menningarhópa er útbreidd á Vesturlöndum. Grunnhugmynd pólitískrar rétthugsunar er gagnleg þegar kemur að greiningu hluta og grundvallarskilningi. Hún er áminning um að viðhafa virðingu (Sigríður Þorgeirsdóttir, 2002b) og viðhalda þar með mannlegri reisn í umræðu um viðkvæma málaflokka. Stjórn málafræðingurinn Ayaan Hirsi Ali er umdeild vegna skoðana sinna. Ali (2008/2007) heldur því m.a. fram að pólitísk rétthugsun vesturlandabúa fari iðulega út í öfgar og sé partur af þöggun sem

misindisverk geti þrífist í. Þannig hafi pólitísk rétthugsun gert það að verkum að umburðarlyndi hafi orðið að afskiptaleyzi sem veiti þeim skjól sem í nafni trúar eða hefða brjóti á mannréttindum. Samkvæmt Ali er blæjan ekki innantóm tákmynd heldur hluti stærra mengis. Undirokun sé ekki (tímabundin) birtingamynd Íslam heldur kerfisbundin afstaða; hluti ritningar og boðunar. Kúgun á konum sé innbyggð í Íslam. Hnattvæðingin hafi það í för með sér að sífellt fleiri íslamstrúar koma til Evrópu og lýðræðisríki Evrópu standi á tímamótum. Þegar kemur að grunnskilgreiningu og útfærslu á því hvers konar (fjöl)menningarsamfélag skuli byggt upp sé ekki nóg að huga að rétti til menningar, trúar eða tungumáls hinna ýmsu hópa heldur hvers konar samfélag við viljum skapa í Evrópuríkjum. Samræðna sé krafist, en hægt sé að skilja án þess að samþykkja. Vesturlönd megi ekki gefa afslátt af mannréttindum lýðræðisins (Ali, 2007/2008).

Lýðræðið sem stjórnskipulag hefur verið gagnrýnt af femínistum fyrir að byggja á kynjuðum grunni líkt og fram kom hér að framan (Philips, 1991; Tickner, 2001; Young, 2002). Einkasviðið, eða fjölskyldan, nýtur sérstakrar verndar innan vestrænna ríkja og í alþjóðasamfélaginu. Friðhelgi einkalífsins er víða varin með lögum líkt og í Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Mannréttindaskrifstofa Íslands, á.á.b) og íslensku stjórnarskránni (Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland, nr. 33/1944). Innri og ytri formgerðir vestrænna fjölþjóðasamfélaga endurspeglar þannig valdatengsl kynjakerfisins sem samkvæmt félagsfræðingnum Sylvíu Walby er skilgreint sem: „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“ (Þorgerður Einarsdóttir, 2006, 445).<sup>37</sup>

Undirskipun kvenna er á öllum sviðum samfélaga. Á Vesturlöndum er hún „falin“ eða ósýnileg sem hluti af norminu. Konum eru formlega tryggð jöfn réttindi og tækifæri og körlum. Konur taka aukinn þátt á hinu opinbera sviði og um leið minnka yfirráð karla innan heimilanna. Á sama tíma tekur opinbera kynjakerfið á sig nýja mynd í menningunni með mótun nýrra ímynda (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Kyngervi kvenna verður ýktara og undirskipunin birtist í kynferðislega opinskárra ímynd (Wolf, 1991/2002). Kyngervi blæjunnar sameinar tilvísanir í margar birtingamyndir „hinunar“ á vesturlöndum. Blæjan er fáni framandi þjóða í vestrænum veruleika, pólitísk ógnun og

---

<sup>37</sup> Í greininni „Kynjakerfið – Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ um kenningar Silvíu Walby eftir Þorgerði Einarsdóttur 2006

jafnframt yfirlýsing gegn vestrænni kynverund kvenna. Kynverund kvenna er stýranleg og sýnileg á Vesturlöndum en ósýnileg veldur hún félagslegum og pólitískum usla. Blæjan er áminning um pólitískt afskiptaleyfi á einkasviðinu og um leið því opinbera.

Íslenskt samfélag samsamar sig nágrannalöndunum í Evrópu í innri og ytri formgerð að miklu leyti. Formlegt jafnrétti kynjanna er tryggt með lögum og þróun samfélagssviðanna er með álíka hætti og greint var frá hér að ofan. Íslendingar hafa þó ekki langa reynslu af fjölbjódasamfélaginu, menningarhópi múslima eða stöðu kvenna í Íslam.

*„Að bera blæju er leið til að elska guð“<sup>38</sup>*

Samfélag múslima á sér ekki langa sögu hér á landi. Félag Múslima á Íslandi var stofnað í mars árið 1997 og voru stofnfélagar innan við 20 manns (Tamimi, 2003). Í félaginu voru skráðir alls 371 einstaklingar 1 desember árið 2007 þar af tæpur helmingur konur, eða 154. Þó um lágt hlutfall af heildarfjölda innflytjenda sé að ræða (skráðir innflytjendur um mitt ár 2008 voru 6,8% af heildarfjölda landsmanna) hefur fjöldi skráðra múslima nánast tvöfaldast frá árinu 2000, en þá voru skráðir alls 164 múslimar (Hagstofa Íslands, á.á.d). Þessar tölur sýna skýra aukningu meðal meðlima þessa samfélagshóps á Íslandi á undanförunum árum.

Þessi hluti rannsóknarinnar er grundvallaður á fimm þáttökuathugunum og opnum viðtölum líkt og greint var frá í aðferðafræðikafla ritgerðarinnar. Ég byrjaði á því að hafa samband við formann Félags Múslima á Íslandi til þess að verða mér út um upplýsingar um fundina og athuga grundvöllinn fyrir því að gera þáttökuathuganir. Ég hafði samband við formann félagsins um vor og um haustið sama ár fékk ég símanúmer forsvarskonu kvennahópsins sem síðan lét mig vita af tíma og staðsetningu fundar í hvert sinn.

Fyrir fyrsta fundinn gerði ég mér far um að klæða mig „hlutlaust“ eða reyna að stinga ekki í stúf við þátttakendur, sem er hluti af því sjónarmiði sem einkennir eigindlegar rannsóknaraðferðir að hafa sem minnst áhrif á rannsóknina. Eftir einhverjar vangaveltur ákvað ég að hlutlaus klæðaburður fælist í mínum venjulegu fötum; síðbuxum og mussu. Á fundunum reyndust svo sumar múslimakonurnar mun „vestrænni“ í

---

<sup>38</sup> „To wear the veil is a way of loving god“ (Múslimakona á Íslandi)

klæðaburði en ég, í þröngum og flegnum fötum og mikið málaðar, á meðan aðrar klæddust hefðbundnari fötum múslima, víðum fötum með blæjur.

Á fyrsta fundinum byrjaði ég á því að gera grein fyrir sjálfri mér og í hvaða tilgangi ég óskaði eftir að sitja fundina. Konurnar tóku mér vel og lögðu sig fram um að miðla með mér trú sinni, skoðunum og reynslu. Ég tók þátt í fundunum og kom með mat með mér líkt og hinar konurnar. Sá texti sem fer hér á eftir er mín upplifun af fundunum sem markast af minni persónulegu reynslu og skoðunum, sem jafnframt endurspeglast í því fræðilega sjónarmiði sem ég valdi; femínískri þekkingarfræði.

Múslimakonur á Íslandi hafa ekki fastan fundarstað eða tíma líkt og í mörgum nágrannalöndum. Þær hittast í heimahúsum og skiptast á að halda fundi. Fyrsti fundur minn var í bárujárnshúsi með bláu þaki sem lá við fáfarna götu í grónu hverfi. Frá gangstéttinni var hlið sem lá að húsinu. Inngangurinn í húsið var bakatil. Þar var stór garður og í honum voru tvö börn voru að leika sér; stelpa með svarta tíkarspena í rauðdoppóttum kjól með djúpa spékoppa og stuttklipptur drengur, svarthærður og dökkur á hörund. Hann var í bláum buxum og heimaþrjónaðri peysu. Brattur viðarstigi lá upp að útidyrhurðinni. Efst á tröppunum sat skeggjaður maður í mussu og gallabuxum, berfættur með talnaband í annarri hendinni. Hann horfði fyrst þegjandi á mig og bauð mig svo velkomna, á íslensku.

Fundirnir fjórir sem á eftir fóru voru víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu; í rótgrónum hverfum og nýjustu úthverfum. Heimilin voru jafn misjöfn og þau voru mörg en áttu þó eitt sameiginlegt kennimerki sem voru skrautlegar myndir með arabísku lettri, oftast gylltu. Þetta voru bænir eða tilvitnanir úr Kóraninum. Á fundum sátum við konurnar venjulega í stofunni og sú sem hélt fundinn var upptekin í eldhúsinu. Stundum voru karlarnir í eldhúsinu og í einu tilfelli komu nokkrir þeirra inn á kvennafundinn til að heilsa upp á andlegan leiðtoga sem var í heimsókn eitt kvöldið, Sheik Alam, en nánar verður vikið að því síðar.

Þátttökuathuganirnar bar uppá „Ramadan“ (föstumánuð múslima). Samkvæmt viðmælendum mínum er Ramadan alltaf í september en misjafnt er eftir tunglstöðum hvers árs hvenær í mánuðinum fastan byrjar og endar. Múslimar víðsvegar um heiminn finna nákvæmar dagsetningar á veraldarvefnum. Á fyrsta Ramadan-fundi mínum var lesin upp texti um Ramadan þar sem sagði meðal annars:

Á Ramadan er fastað frá sólarupprás til sólarlags og í gegnum föstu og bænir nær fólk tengingu við guð sinn í upphafningu andans. Ramadan er tími hreinleika, trúar og friðar. Á meðan á Ramadan stendur er opið fyrir himnaríki og lokað til helvítis.<sup>39</sup>

Konurnar segja mér að þeir sem eru veikir þurfi ekki að fasta. Konur sem eru barnshafandi eða á blæðingum eru líka undanskildar frá föstunni. Þegar þannig er ástatt getur viðkomandi frestað föstu þar til betur stendur á. Á Ramadan eru haldnir kvennafundir reglulega og boðið til veislu í lok (föstu)dagsins. Konurnar koma með rétti með sér og það er líka eldað á staðnum. Veisluborðin endurspeglar fjölbreytni hópsins í hvert sinn. Á boðstólum eru réttir frá Marokkó, Pakistan, Tyrklandi og Íslandi; kus-kus, flatbökur, kássur, kjöt, fiskur og sætindi.

Það komu í allt fimmtán konur á Ramadan-hittin. Átta þeirra eru fæddar á Íslandi og sjö erlendis; í Pakistan, Marokkó og í Danmörku. Af sjö erlendum konum hafa fjórar fasta búsetu á Íslandi. Bakgrunnur kvennanna er mismunandi. Sumar koma erlendis frá og eru giftar íslenskum mönnum, aðrar eru afkomendur blandaðra hjónabanda Íslendinga og múslima, sumar giftar múslimum af ýmsum þjóðernum, aðrar aðfluttar með fjölskyldum sínum vegna atvinnu, konur sem voru tímabundnir gestir hjá ættingjum og ein vann sem „au-pair“ hjá íslenskri fjölskyldu. Konurnar eru á öllum aldri úr mismunandi stéttum samfélagsins. Í þessari ritgerð var ekki mögulegt að greina mismunandi stéttir meðal kvennanna. Til þess var samfélagið sem var greint of lítið. Stétt hefur þó ótvírætt mikið vægi meðal múslimakvenna sem endurspeglast m.a. í kyngervi þeirra (Halla Gunnarsdóttir, 2008).

Konurnar eru af mismunandi þjóðerni, hafa mismunandi félagslegan bakgrunn og búa yfir mismunandi reynslu. Það sem sameinar þær er trúin: „Trúin er eins og kraftaverk. Hún er alþjóðleg“<sup>40</sup> segir ein viðmælenda minna og: „Trúin leiddi mig og manninn minn saman“<sup>41</sup> segir önnur. Konurnar eru múslimar af mismunandi ástæðum. Sumar fæddust múslimar aðrar kynntust trúnni í gegnum vini eða maka. Þær konur leggja allar áherslu á að makinn hafi ekki þrýst á um að þær tækju múslimatrú. Það hafi verið að þeirra eigin frumkvæði. Karlar sem eru múslimar mega giftast konu af öðrum

<sup>39</sup> Texti lesinn á ensku á mínum fyrsta fundi með félagi múslimakvenna. Innihald textans var skráð að upplestri loknum til að trufla ekki lesturinn

<sup>40</sup> „Faith is like a miracle. It is universal“

<sup>41</sup> „Faith brought me and my husband together“

trúarbrögðum. Múslimakonur mega hins vegar aðeins giftast múslimakörlum (Büyükccelebi, 2005).

Ein viðmælenda minna er fædd og alin upp í Evrópulandi. Hún bjó í innflytjendahverfi og gekk í skóla með börnum af ólíkum uppruna. Bestu vinkonur hennar í grunnskóla og framhaldsskóla voru múslimar og í gegnum þær kynntist hún menningu múslima og trú. Hún lýsir leið sinni til trúarinnar sem hægri og jafnri leið í átt til innri friðar. Eftir því sem hún kynntist Íslam betur þeim mun sannfærðari var hún um sannleiksgildi og réttmæti þeirrar grundvallar hugsunar sem liggur að baki Íslam:

Í byrjun lærði ég ekki eða las mér ekki mikið til um Íslam. Ég fann trúna með hjartanu. Mér varð ljóst að Íslam er rökréttara en Kristindómurinn. Hugsunin sem liggur til grundvallar er rökréttari. Ég hafði alltaf trúað á guð en ég fann trú minni ekki farveg í gegnum Kristindóminn. Ég fann farveginn í gegnum Íslam. Í gegnum Íslam fann ég veginn og sannleikann.<sup>42</sup>

Hún lýsir leið sinni til trúarinnar nánar með því að vitna í vers úr Kóraninum: „Versið segir á þessa leið: Ef þú tekur skref í átt til mín mun ég ganga til þín; ef þú gengur til mín mun ég hlaupa til þín; ef þú hleypur til mín mun ég vefja þig örmum.“<sup>43</sup> Hún segir, að þegar hún tók múslimatrú hafi allt orðið skýrara. Hún fann réttu svörin í samskiptum við annað fólk og lífið í heild. Hún fann lausnina og allt gekk upp: „Ég fann svarið. Þegar þú finnur trú í hjarta þínu verður þú hamingjusöm. Það er trúin. Hamingja og innri friður.“<sup>44</sup>

Af þeim fimmtán konum sem sóttu Ramadan-fundina báru sex þeirra slæður eða „hijab“, að staðaldri. „Hijab“ hylur hár og háls og er borin á mismunandi vegu.<sup>45</sup> Þrjár báru síð sjöl, „chador“, þar af tvær íslenskar konur. „Chador“ er stór dúkur sem hylur hár og háls konunnar og nær auk þess niður að mitti eða lengra. Í „chador“ eru konurnar huldar fyrir utan andlitið. Aðspurðar hvort þeim sé ekki heitt hlægja þær við og segja það venjast vel. Ein þeirra er með tvöfalda hvíta slæðu undir „chador“ til að hylja hárskilin

---

<sup>42</sup> „At the beginning I did not study or read much about Islam. I found faith with my heart. It became clear to me that Islam was more logical than Christianity. The thought behind it was more logical. I had always believed in God but I did not find faith a canal through Christianity. I found the canal through Islam. Through Islam I found the way and I found truth.“

<sup>43</sup> „If you take a step towards me I will walk to you; if you walk to me I will run to you; if you run to me I will embrace you“

<sup>44</sup> I found the answer. When you find faith in your heart you are happy. That is faith. Happiness and inner peace“

<sup>45</sup> Myndaskýringu af slæðuburði má finna á: [www.mideastyouth.com](http://www.mideastyouth.com) (sjá heimildaskrá).

örugglega, því þannig líður henni best: „ég er öruggari svona“<sup>46</sup> segir hún. Tvær konur frá Miðausturlöndum eru með ílanga, lausa klúta, „shayla“, sem þær sveipa yfir höfuð og herðar. Kona af norrænu þjóðerni gift tyrkneskum manni ber „hijab“ eða slæðu á tyrkneska vísu. Undir litríkri slæðu, sem er þéttbundin um höfuð og háls, er hnútur í hnakka og stamur dúkur sem heldur slæðunni fastri á höfði: „Annars myndi hún bara renna af“ útskýrir hún brosandí „hún er úr ekta silki.“<sup>47</sup>

Konurnar segja mismunandi eftir löndum og konunum sjálfum, hvort og hvernig blæjan, sé borin. Hver þjóð (og þjóðarbrot) eigi sinn eigin stíl og mismunandi tíska ríki á mismunandi stað og tíma. Þó tískan fari eftir löndum sé viss hátíska ríkjandi meðal múslimakvenna líkt og annarra. Stóru tískuhúsin í Evrópu, líkt og Channel og Dior, ráði líka í fatamenningu múslimakvenna. Í Sádi-Arabíu séu konur sérstaklega flottar í klæðaburði: „Þær eiga náttúrulega nógan pening. Þetta er ríkt land. Þær klæða sig bara í flottustu og dýrustu merkin. Þær eru ofboðslega glæsilegar.“<sup>48</sup>

Ein íslenska konan sem ber ekki blæju segir það vera vegna fjölskyldu sinnar. Blæjan sé mjög viðkvæmt málefni í fjölskyldunni. Það myndi setja allt á annan endann. Hún talar líka um að blæjan fari henni ekki sérstaklega vel. „Blæjan fer mér ekki. Hún fer konum misjafnlega vel. Blæjan rammar fegurð konunnar inn. Andlitið fær að njóta sín. Hún fer arabískum konum betur.“ Íslensku konurnar tvær sem klæðast „chador“, síðum klæðum og þéttvöfðum sjöllum, eru báðar ungar, í kringum tvítugt. Önnur þeirra tók múslimatrú fyrir stuttu síðan ásamt íslenskum kærasta og er nýfarin að bera „chador“. Hin kynntist manninum sínum, sem er erlendur múslimi, á veraldarvefnum. Hann var hennar fyrsti andlegi leiðtogi og „mentor“ í trúnni. Síðan tókust með þeim ástir og fyrir stuttu giftu þau sig. Hún byrjaði að klæðast „chador“ fyrir rúmu ári. Á einum fundinum sýnir hún okkur hvernig slæðunum er vafið þétt í kringum andlitið, hvor yfir aðra, og festar með tituprjónum til að þær haldist vel og þoli hreyfingu. Yfir þær kemur svo sláin eða „chador“ sem liggur í kringum andlit yfir herðar og niður á líkama. Undir slánni er hún í síðum mussum og síðu pilsí.

<sup>46</sup> „It makes me feel more safe“

<sup>47</sup> „Otherwise it would just slip off, it is pure silk“

<sup>48</sup> „It is a rich country so they have a lot of money. The women just wear the most expensive brands. They are so gorgeous“



Ein viðmælenda minna tók múslimatrú fyrir sjö árum síðan. Hún byrjaði að bera „hijab“ fyrir rúmum þremur árum. Hún lýsir afstöðu sinni til blæjunnar á eftirfarandi hátt: Blæjan hverfist um trúna. Íslam innifelur djúpa hluti og blæjan er ekki í forgrunni, en hún er nokkurskonar puntur yfir i-ið. Það er margt sem þú getur gert innávið í trúnni áður en þú ferð að sýna trúna með því að bera blæju. Hægt er að sjá vægi blæjunnar með því að lesa Kóraninn. Blæjan er ekki einn af máttarstólpunum. Máttarstólparnir fimm eru: 1 að trúna, 2 biðja bænir, 3 fasta, 4 gefa ölmusu og 5 fara til Mekka ef þú getur. Bænin er mikilvægari en blæjan. Krafan um blæjuna kemur fram í síðari hluta Kóransins, ekki fyrsta, sem sýnir að ekki er lögð megináhersla á hana. Þegar krafan kom var hún send sem orðsending með engli. Hún var send sem fyrirmæli til allra kvenna af því að í Kóraninum er talað til allra kvenna. Þegar kona trúir á Allah, guð, þá vill hún gera allt sem hann biður um og hún vill bera ták hans, þess sem hún elskar. Að bera blæjuna er leið til að elska guð. Leið til að nálgast fullkomnun.<sup>49</sup>

Viðmælendur mínir voru allar sammála þessu sjónarmiði í megindráttum. Þær lögðu allar áherslu á að blæjan sé val hverrar konu og að hver kona finni sinn tíma sjálf. Einu skiptin sem konum beri skylda til að bera blæjuna sé þegar hún biður. Þannig útskýrir ein viðmælenda minna fyrir mér að:

Þegar þú biður þarftu að vera með blæju. Þú þarft líka að vera siðsamlega klædd að öðru leyti, í fötum sem eru laus og þægileg og hylja þig. Svo þarftu að vera hrein. Kona sem er á blæðingum biður ekki.

Valið um blæjuna er því innan ákveðins ramma því sem virkur múslimi og kona ber þér skylda til að hylja þig fyrir öðrum og fyrir framan guð, í bæninni. Blæjan er ták sæmdar, skírlífis og hreinleika. Hún er sýnileg yfirlýsing um trú á guð og vilja til að lúta handleiðslu guðs (Büyükccelebi 2005). Blæjan er, líkt og annar klæðnaður múslima, tákmynd trúarinnar. Hún er augljóst birtingamynd þeirrar hugmyndafræði sem liggur til grundvallar. Blæjan sjálf merkir hógværð og sem hjúpur er hún táknræn fyrir aðskilnað kynjanna. Blæjan veitir vörn gegn breyskleika og augnaráði óviðkomandi karla. (Büyükccelebi 2005; Keddie 2007).

---

<sup>49</sup> „The veil is about faith. Islam is about deep things and the veil is not a main issue. It is a sort of dot over the i. There are many things in Islam you can do inside yourself before you wear the veil. You can see the importance of the veil if you read the Koran. The veil is not one of the pillars. The pillars are 1 to belief, 2 the prayer, 3 to fast, 4 give charity and 5 to go to Mekka if you can. The prayer is more important than the veil. The demand to wear the veil comes later in the Koran, not first, that shows that it is not one of the most important things. When the demand came it was brought by an angel. It was a message sent to all women of Islam because the Koran speaks to all women. When a woman believes in Allah, she wants to do everything he asks her and she wants to wear his sign, the sign of the one she loves. To wear the veil is a way to love god. A way to reach perfection“

Samkvæmt viðmælendum mínum eru konur og karlar jöfn fyrir guði í Íslam. Konan getur átt samskipti við guð sinn í gegnum bænina. Þegar konur biðja fer ein þeirra fyrir hópnum og leiðir bænina. Það er þó alltaf karl sem fer fyrir stærri hóp múslima eða gegnir hlutverki „imam“, hins andlega leiðtoga, a.m.k. „ef söfnuðurinn samanstendur [bæði] af körlum og konum“ (Büyüklebi, 2005, 213)<sup>50</sup>. Á samkomum stendur imaminn fremstur í söfnuðinum en samkvæmt boðun spámannsins koma karlar næst á eftir honum, þá drengir og síðast konur (Büyüklebi, 2005). Stigveldaskipunin virðist því skýr: Fyrstur er guð, næstur guði eru karlar og síðan konur.

Karlar taka ekki þátt á kvennafundum. Á þeim fundum sem ég sótti héldu karlarnir sig afsíðis fyrir utan einn karl: Sheik Mohammed Nurul Alam. Sheik Alam var heiðursgestur á Íslandi og á síðasta Ramadan-hitti múslimakvenna árið 2008 ræddi hann við konurnar og ráðlagði þeim. Hann bauð mig sérstaklega velkomna. Þegar honum var sagt að ég sé ekki múslimi segir hann: „Það skiptir engu. Hún er systir okkar.“<sup>51</sup> Hann situr með okkur konunum í stofunni og talar um Íslam. Hann er imam og talar um sig sem boðbera spámannsins:

Við erum öll bræður og systur. Við eigum öll sömu foreldrana, Adam og Evu. Það er ekki okkar að dæma. Allah mun dæma á dómsdegi. Þá munum við öll hittast og hlýða á dóm hans. Ég er aðeins boðberi sannleikans og flyt boðskap spámannsins.<sup>52</sup>

Hann beinir tali sínu sérstaklega til mín þegar hann segir frá stöðu múslimakvenna:

„Guðný, þú ert hér til að fræðast um stöðu múslimakvenna?“<sup>53</sup> Samkvæmt Sheik Alam hefur staða kvenna í Mið-Austurlöndum breyst mikið og til batnaðar eftir tilkomu Íslam. Íslam séu einu trúarbrögðin sem útlísti réttlátu hlutskipti kynjanna og samskiptum hjóna. Í Íslam sé sögð áhersla á náttúrleg hlutskipti kynjanna og jöfn virðing sé borin fyrir körlum og konum. Hann leggur þó ríka áherslu á þá virðingu sem mæður njóti í Íslam. Íslam boði að bera fyrst og fremst virðingu fyrir Allah, þar næst spámanninum og síðan mæðrum. „Mæður eru mikilvægustu manneskjurnar. Númer þrjú, fjögur og fimm. Ekki

<sup>50</sup> „If the congregation includes men and women, the imam must be a man“ (Büyüklebi, 2005, bls 213)

<sup>51</sup> „It does not matter. She is our sister“

<sup>52</sup> „We are all brothers and sisters. We are all from the same parents, Adam and Eve. It is not our to judge. Allah will judge on judgement day. Then we will all meet and listen to his judgement. I am not to judge. I only tell the truth and bring the message of the prophet“

<sup>53</sup> „Guðný, you are here to find out about the status of muslim women?“

feður. Þeir koma númer sex.“<sup>54</sup> Konurnar taka allar undir þessi orð imamsins, ein með tilvitnun í boðskap spámannsins sem segir: „Paradís er undir fótum mæðra.“ (Büyükccebi, 2005, 311)<sup>55</sup>

Í boðuninni er skýrt að kynin séu jafn mikils virði en frábrugðin að því leyti að þau gegni ólíku samfélagslegu hlutverki, sem aftur á sér náttúrulegar orsakir. Konurnar er einkasviðið, heimilið og fjölskyldan, og karlanna hið opinbera rými (Büyükccebi 2005; Keddie 2007). Á fundunum eru konurnar alltaf með börnin sín með sér. Þó karlarnir séu heima segja þær að það sé: „eðlilegt að barnið sé með mömmu sinni.“<sup>56</sup> Ein viðmælenda minna segir einnig, að þó samfélagið hafi breyst og kynin taki aukin þátt á báðum sviðum þá sjái konurnar að mestu leyti um heimilin af því að þær eru einfaldlega „[...] færari um heimilisverk frá náttúrunnar hendi.“<sup>57</sup> Aðskilin hlutverk kynjanna eru einnig sýnileg í kvenlegu kyngervi, búrkunni, sem í hjúpun sinni vísar í aðskilin svið kynjanna. Sem slík ber hún óumflýjanlega í sér kynjuð valdatengsl sem endurspeglast í hlutverkum fólks og möguleika þeirra innan samfélagsins (Scott, 1988/1999, 1996).

Sheik Alam boðar umburðarlyndi í málefnum blæjunnar, bæði innan og utan samfélaga múslima. Allir þurfi sinn tíma til að skilja blæjuna á sínum forsendum. Líkt og konurnar leggur hann áherslu á val hverrar konu fyrir sig:

Þú biður til Allah. Og hann mun hlusta. [...] Líkt og með blæjuna. Það hefur ekkert upp á sig að útskýra hina raunverulegu merkingu blæjunnar. Þau skilja það ekki. Það er betra að útskýra hana á þann hátt sem þau skilja. Eins og að útskýra það að okkur finnist hún falleg. Ég hef ekkert á móti konum sem bera ekki blæjuna. Allir verða að finna sinn tíma.<sup>58</sup>

Þannig er val hverrar konu í Íslam um blæjuna einnig settur óskilgreindur tímarammi sem henni sjálfri ber að finna. Ferlið á sér stað innra með konunni en er háð tíma og kröfu um fullkomleika líkt og áður kom fram. Blæjan er með öðrum orðum tengd trúarlegum „þroska“ konunnar og valið líkt og krafan einskorðast við að bera blæjuna og útilokar um

---

<sup>54</sup> „Mothers are the most important persons. Number three, four and five. Not fathers. They come number six“

<sup>55</sup> „Paradise is under the feet of mothers“

<sup>56</sup> „It is normal that the child is with the mother“

<sup>57</sup> „Women are better with housework, from nature “

<sup>58</sup> „You pray to Allah. And he will listen. [...] Like about the veil. It is no use to explain the real meaning behind the veil. They do not understand. It is better to explain in a way that they understand. Like to explain that we consider it beautiful. I have nothing against it when women do not wear the veil. Everyone has to find their own time.“

leið að velja sig frá henni. Eitt af því sem konurnar segja að geri þeim erfitt fyrir að taka upp blæjuna er almenningsálitið.

Á fundunum hafa konurnar rætt andúð og fordóma sem blæjuberandi múslimakonur mæti. Ein viðmælendanna segir frá því að á sama tíma og hún tók múslimatrú varð hún hrædd. Hún varð hrædd við viðbrögð annarra, hvernig fólk myndi bregðast við þegar hún gerðist múslimi:

Ég var hrædd við viðbrögðin sem ég myndi fá frá fólki. [Múslima]vinir mínir sögðu mér að ég hefði ekkert að óttast. Trúin væri á milli mín og guðs. Breytingin væri innra með mér en ekki eitthvað sem ég þyrfti að sýna öðru fólki.<sup>59</sup>

Sumar konurnar tala um óþægilegar augngotur á götum úti. Það geti verið erfitt. Ein kona sem ber blæjuna segir: „Ekki þegar þú veist að þú ert að gera rétta hlutinn.“<sup>60</sup> Önnur talar um að fólk geri ekki greinarmun á múslimum og hryðjuverkamönnum. Það sé erfitt að útskýra fyrir þeim sem hvorki skilji né vilji hlusta. Sheik Alam segir þeim hvernig hann mæti þessu viðhorfi:

Sem svar við gagnrýninni sem við mætum sem múslimar segi ég eftirfarandi sögu: Ímyndið ykkur mann sem á Volvo. Fallegan, nýjan og nýtískulegan bíl. Hann keyrir illa og klessir bílinn. Það er ekki Volvonum að kenna. Það er bílstjóranum að kenna. Þannig er það ekki Íslam að kenna þegar eitthvað fer úrskaiðis í nafni Íslam. Heldur mannum. Bílstjóranum. Það er aldrei Volvoinn, alltaf bílstjórinn.<sup>61</sup>

Samkvæmt imaminum er það bílstjórinn, eða sá sem situr við stjórnvölinn, sem ber ábyrgðina. Í boðskap Íslam er það karlinn sem fer fyrir hópnum og þar með konurnar sem sitja sem farþegar. Með öðrum orðum staðfestir Sheik Alam að karlarnir fari með völdin í samfélagi múslima. Stoðir valdsins og formgerð Íslam er samfléttu trúnni sem karlinn er í forsvari fyrir (Scott, 1988/1999; Smith, 2005; Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Konurnar, sem sitja sem farþegar, eru þó ekki án ábyrgðar. Í skilgreiningum sínum á sér og hlutskipti sínu í samfélagi múslima, taka þær þátt í að (endur)móta og staðfesta þau kynjuðu valdatengsl sem samfélagið byggir á (Scott, 1988/1999; Smith,

---

<sup>59</sup> „I was afraid of the reaction I would get from people. My [muslim] friends told me I did not have to be afraid. Faith was between me and my god. The change was within myself and it was not something I had to show other people“

<sup>60</sup> „Not when you know you are doing the right thing“

<sup>61</sup> „To the criticism and prejudicem we get, as muslims, I explain with this story: Imagine a man has a Volvo. A beautiful new and modern car. And he drives it badly and crash it. It is not the Volvo's fault! It is the driver. So it is not Islam to blame when something goes wrong in the name of Islam. It is man. It is the man who is driving. It is never the Volvo it is always the driver“

2005). Mótun kvennanna felst í þátttökunni og samþykki þeirra á samfélagslegri formgerð. Hún felst í kyngervi þeirra og tjáningu á reynslu og einnig styrkja þær eigin sjálfsmynd og stöðu í samanburði við aðra hópa, karla og kvenna:

Sem manneskjur höfum við alltaf hulið líkama okkar með fötum. Fólk er bara ekki sammála um hvað það vill vera í miklum fötum. Fatnaður breytist með tímanum Fyrir nokkrum áratugum voru allir með höfuðföt. [...] Höfuðfötin voru ekki bara notuð vegna veðurs heldur einnig hugsuð sem vernd. Þegar tekin er afstaða til blæjunnar bera að hugsa um heildarmengið. Blæjan er hluti af heild. Hluti af trú. Hluti af því að hylja allan líkamann. Þú hylur ekki höfuðið og berar aðra hluti líkamanns. Í Kóraninum eru konur beðnar að hylja sig meira en karlar af því að þær eru meira virði en karlar. Þetta er eins og með hluti. Þú þakkar kristal betur inn en gleri. Að hylja er alltaf til verndar. Í Biblíunni eru konur líka krafðar um að hylja sig. Nunnur hylja sig. Það er bara óvanalegt úti í samfélaginu í dag. Sem er skrítið. Af því að það er meira horft ef kona er hulin blæju en ef kona er hálf-ber.<sup>62</sup>

Kyngervi blæjunnar er samtvinnuð trúarbrögðum og formgerð samfélaga múslima. Til þess að styrkja eigin sjálfsmynd og stöðu sem í leið styrkir formgerðina og viðheldur kerfinu, máta konurnar sig við aðra í hópnum og utan hans. Í einfölduðum alhæfingum sem byggjast andstæðum þagga þær aðra valkosti, upphefja eigin gildi og réttlæta heimsmynd sína (Scott, 1988/1999, 1996; Smith, 2005). Með hjúpun sinni og aðgreiningu skýlir og bælir blæjan í senn. Um leið og blæjan sviptir ásýnd og takmarkar rými kvenna til athafna í samfélaginu veitir hún skjól í friðhelgi trúar innan hópsins. Blæjan er tákn hreinleika múslimakvenna í skýrri andstöðu við vestræna berskjöldun.

---

<sup>62</sup> „Human beings have always covered their bodies with clothes. People just don't agree how much clothes they use. Clothes change with time. Some time back everyone used something to cover their head [...] Not just because of the weather but for protection. When you decide about the veil you have to think about the big picture. The veil is a part of something big. A belief. A part of covering the whole body. You don't cover your head and at the same time uncover your body-parts. In the Koran women are asked to cover up more than men because they are more valuable. It is the same with things. You wrap crystal more than glass. To cover is always for protection. In the Bibel women are also asked to cover themselves. Nuns do. It is just unusual in society today. That is strange. Because people look more at a woman wearing veil than a woman half-naked“

#### IV. 4. Samantekt

Þau kyngervi sem fjallað var um hér að framan í kafla IV. eiga uppruna sinn í ólíkum menningarheimum. Þau koma frá ólíkum löndum og landsvæðum; Íslandi, fyrrum sósíalísku ríkjunum og löndum múslima. Kyngervin hafa mótast af ólíkum áherslum og mismunarbreytum. Grunnþættir í mótun kyngervanna eru af efnahagslegum, trúarlegum og pólitískum toga. Til grundvallar hverju kyngervi liggur hugmyndafræðileg afstaða. Þau kyngervi íslenskra kvenna sem hér hefur verið fjallað um bera annars vegar merki þjóðernisstefnu og hinsvegar markaðsvæðingar. Kyngervi austur-evrópskra kvenna þróaðist frá sósíalískri hugmyndafræði til nýfrjálshyggjunnar og kyngervi múslimakvenna hefur haldið lítið breytt í gegnum aldirnar sem táknrænt gervi trúarbragða múslimakvenna. Kyngervin eru þannig mismunandi staðsett á hinum menningarlegu og sögulegu valdaásum samfélagsins (Yuval-Davis, 1997/2007) og mætast í íslensku fjölþjóðasamfélagi samtímans. Ísland hefur fram á okkar tíma markast af einsleitni. Þjóðerni Íslendinga er samofið þjóðernishyggjunni sem boðaði hreinleika sem talinn hefur endurspeglast í tungumálinu, ljósum litarhætti og þjóðmenningu (Íris Ellenberger, 2007). Fólki af öðrum uppruna en hvítum norrænum, sem hefur ekki íslensku sem tungumál og er frá annarri en ríkjandi menningu er ekki talið til Íslendinga. Fólki með dökkan hörundlit sem talar annað tungumál en íslensku og tilheyrir annarri menningu en ríkjandi er því flokkað sem útlendingar og þeir útlendingar sem setjast hér að eru skilgreindir frekar sem innflytjendur (Félagsmálaráðuneytið, 2007)

Kyngervin sem greind voru í ritgerðinni virðast ekki einungis ólík heldur endurspeгла auk þess andstæða eiginleika og gildi sem eiga sögulegar rætur í tvíþátta skilgreiningu á samfélagslegum hlutverkum kvenna, sem fóstrur eða frillur, líkt og fram kom í kafla III.3. (Mill, 1869/2003; Doezema, 2000, o.fl.). Miðausturlönd hafa haldið áherslum á ímynd og hlutverk kvenna sem fóstra. Á Vesturlöndum hefur ímyndin þróast í takt við efnahagslegar og pólitískar breytingar. Í dag er líkamlegur sýnileiki kvenna á Vesturlöndum, eða berskjöldun kvenlegrar kynverundar, talinn eðlilegur. Kyngervi vestrænna kvenna, þ.m.t. íslenskra, tjáir kynferðislegt aðgengi, bæði á einkasviðinu og í hinu opinbera rými. Kynverund íslenskra kvenna er beygð undir lögmál markaðarins og

kynfrelsið því heft. Hefting kynfrelsis mótar sjálfsmynd kvennanna og takmarkar svigrúm þeirra til sjálfforræðis áhrifa á eigin stöðu.

Í gegnum söguna hefur kynverund kvenna verið stýrt í takt við skilgreindar þarfir og efnahagslegar forsendur samfélaga (Hill-Collins, 1990/2000; Einhorn, 1993; Smith, 2005). Stýringin hefur verið sýnileg og auðgreinanleg í mörgum þáttum samfélaganna svo sem samfélagsreglum og kyngervum kvenna sem ýmist hylja eða afhjúpa kvenlega kynverund. Kyngervið berskjöldun er afsprengi hagfræðilegra og pólitískra kenninga nýkapítalismans sem grundvallast á neyslufrelsi einstaklingsins (Smith, 2005). Í frjálsu markaðshagkerfi nýkapítalismans var hver kimi samfélagsins (endur)skilgreindur og hagnýttur. Í skilgreiningunni takmarkaðist hlutverk kvenna ekki lengur við framleiðslu, sölu og neyslu á vöru heldur varð konan sjálf að neysluvöru. Tískan, sem er hluti af túlkun á kyngervi, varð efnisminni með hverju árinu og með síaukna skírskotun í kynferðislegt aðgengi að konum (Wolf, 1991/2002; Levy, 2005/2006). Með öðrum orðum: Kynverund kvenna var markaðssett.

Kynverund íslenskra kvenna lýtur lögmaálum markaðarins. Þó hin almenna kona á Íslandi samtímans stundi ekki súludans flest kvöld vikunnar á hún margt sameiginlegt með nektardansmeyjum frá fyrrum austantjaldslöndunum. Íslenskt samfélag tryggir konum formlegt jafnrétti á við karla líkt og lönd ríkissósíalismans gerðu, á sama tíma og konur eru samfélagslega undirskipaðar; fá t.d. lægri laun og minni völd en karlar (Einhorn, 1993; Þorgerður Einarsdóttir, 2002; Hagstofan, á.á.e). Konur á Íslandi eru að auki gengisfelldar af kerfinu og smættaðar úr fullgildum þegnum í kynverur. Í samfélagi þar sem norm kvenlegs kyngervis er samofið nekt verða mörk og forsendur þess kynferðislega aðgengis sem vísað er í fljótandi. Í kyngervinu sjálfu endurspeglast valdaleysi kvenna (Scott, 1988/1999) og opinber umfjöllun um nekt og nektardansstaði á Íslandi einkennist því af mark(a)leysi.

Kyngervi og staða nektardansmeyja á Íslandi er á mörkum einkasviðsins og hins opinbera. Þær eru til sýnis og kynferðislega aðgengilegar kúnnunum en á sama tíma innilokaðar á skurðpunkti sviðanna beggja. Þær eru útlendingar og sæta því einnig útilokunar á grundvelli þjóðernisuppruna. Kyngervi þeirra á sér hliðstæðu í sögunni þegar vændiskonum var skipt í tvo hópa líkt og greint var frá í kafla III.3 (Doezema, 2005). Erlendar nektardansmeyjar njóta ekki lögverndar á grundvelli þjóðernis og eru því hinar

föllnu konur nútímans á Íslandi. Val kvennanna er bundið efnahagslegum forsendum í upprunalöndum þeirra og endurspeglar auk þess markaðssetta boðun á samþykki berskjöldunar. Félagslegt samþykki er þó enn á yfirborðinu og takmarkast við sama skurðpunkt og kyngervið sjálft; nektardansstaðina. Gjaldgengi kvennanna utan staða á öðrum sviðum samfélagsins er skert. Samþykki kyngervisins lýtur þar með enn lögmálum rótgróinna viðhorfa sem skiptir konum í tvo ósamrýmanlega flokka, frillur og fóstrur.

Blæjan, sem andstætt berskjöldun felur í sér líkamlegan ósýnileika, tjáir heft aðgengi að múslimakonum. Hulin ásýnd kvenna samræmist ekki útliti íslenskra kvenna nútímans og sem andhverfa berskjöldunar og kynferðisleg útilokun er blæjan félagsleg og pólitísk ögrun. Hún storkar samfélagslegum viðmiðum og gildum markaðarins og er jafnfram áminning um ósigruð vígi. Blæjan, felur í sér leyndardóma, óendanlega möguleika um óvænta atburði og einnig hið augljósa; óttan við hið óþekkt (Scott, 2007). Kyngervi múslimakvenna tvinnast breytunni trú. Á Íslandi er mikill meirihluti þjóðarinnar, eða 79,11 prósent, skráður í Þjóðkirkjuna, hina ríkisreknu lútersku kirkju (Hagstofa Íslands, á.á.d). Þrátt fyrir boðað trúfrelsi í stjórnarskránni (Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland nr.33/1944) ríkir því trúarleg einsleitni á Íslandi og smærri trúfélög sæta sjálfkrafa jaðarsetningu. Daglegur sýnileiki kristinnar trúar á Íslandi, líkt og orðaval í daglegu tali, krossar og annað skart, er hluti af heildinni og því „ósýnilegur“. Trúartákn annarra trúfélaga en kristinna stingur því óhjákvæmilega í stúf við heildarmyndina.

Í Íslam mynda samfélagsleg formgerð og trúin eina heild (Büyükccelebi, 2005; Ali, 2007/2008). Tilmæli til kvenna um að klæðast blæju eru komin beint frá guði. Boðuninni fylgir krafa um hógværð og sæmd sem jafnframt eru þær tvær meginsiðareglur sem lagðar eru til grundvallar um framkomu kvenna (Büyükccelebi, 2005). Kyngervi múslimakvenna, blæjan, felur þannig í sér margfalda merkingu: Auðsýnda auðmýkt eða undirgefni gagnvart guði og mönnum (körlum), tákngervi hreinleika, aðskilnaðar kynjanna og þar með einangrun kvenna. Blæjan á sér hliðstæðu í íslensku vaðmáli fyrri tíma. Kyngervi vaðmálsins var samofið hreinleika og hlutverki kvenna sem mæðra. Íslenskar konur voru sveipaðar þykku kyngervi vaðmálsins sem huldi þær og einangraði frá öllum öðrum en þeim körlum sem þær tilheyrðu fram á miðjan áratug síðustu aldar.

Kyngervið blæja hefur í boðun og iðkun strangtrúaðra múslima haldist lítið breytt í gegnum aldirnar (Ali, 2007/2008; Keddie, 2007; Scott, 2007). Í múslimatrú er



kynjuðum valdatengslum stýrt í nafni trúar með tilvísun í náttúruleg hlutverk kynjanna. Konum er skipað einkasviðið, fjölskyldan og heimilið er skilgreint á þeirra ábyrgð, og hlutverk kvenna sem mæðra er vegsamað. Karlanna er hið opinbera svið samfélagsins, sem jafnframt er sá vettvangur þar sem leikreglum beggja sviða er framfylgt. Reglum múslimasamfélaga er komið á framfæri á marga vegu, meðal annars í formi bæna, á félagasamkomum og í fjölskyldum (Scott, 1996; Yuval-Davis, 1997/2007). Formgerð múslimasamfélaga grundvallast á aðskilnaði samfélagssviðanna tveggja og tákngerist í kyngervi kvenna. Blæjan er þannig táknræn fyrir aðskilnað kynjanna í samfélagi múslima. (Scott, 1988/1999, 1996; Büyükccelebi, 2005; Keddie 2007).

Þó menningarleg tjáning sem endurspeglast í þeim kyngervum kvenna sem hér hefur verið fjallað um sé ólík eiga kyngervin margt sameiginlegt. Þannig bærast öll kyngervin á skurðpunkti einka- og opinbera sviðsins. Kyngervin tjá athafnir og tilvist einkasviðsins úti í hinu opinbera rými; með hjúpun og afhjúpun. Berskjöldunin með því að færa kynferðislega afhjúpun frá einkasviðinu yfir á hið opinbera og blæjan er tákn einkasviðsins úti í hinu opinbera rými. Undir sömu formerkjum, með hjúpun og afhjúpun, heftir kyngervi viðkomandi konu möguleika hennar á samfélagslegri þátttöku. Blæjan sem bein yfirlýsing um útilokun kvenna frá hinu opinbera rými og berskjöldun sem opinber vitnisburður um gengisfellingu á samfélagsvirði kvenna. Kyngervi kvennanna eru frávik frá viðmiðinu, karlinum, og leikreglurnar eru sniðnar í kringum hagsmuni hans. Það eru karlar sem fara fyrir samfélögum, stýra aðgenginu að þeim og reglum innan þeirra. á þennan hátt helst skilgreiningarvaldið og athafnafrelsið í höndum karla.

Kvenleg kyngervi eru háð félagslegu samþykki, enda sjálfsmynd háð samþykki annarra (Scott, 1988/1999). Með því að virða settar leikreglur, og miðla áfram þeim gildum sem liggja til grundvallar, öðlast konur bæði samþykki og taka jafnframt sjálfar þátt í að viðhalda kerfinu. Valdatengsl samfélagskerfa byggjast þannig á gagnkvæmu samspili allra samfélagsmeðlima; bæði yfir- og undirskipuðum aðilum hópa (Smith, 2005; Yuval-Davis, 2006). Kyngervin byggja einnig á andstæðum sínum. Réttlætning og upphafning á eigin stöðu hvílir á tilvist andstæðunnar og þaggar um leið aðra valkosti. Þannig réttlæta múslimakonur blæjuna með því að benda á berskjöldun og öfugt. Á þennan hátt styrkja konur sjálfar eigin stöðu enn frekar og það kerfi sem þær lifa í (Enloe, 1989/2000; Smith, 2005) og viðhalda þannig kynjuðum valdatengslum samfélaganna.

Á sama hátt tekur stórsamfélagið, samfélög Vesturlanda, afstöðu með eða á móti kyngervi kvenna. Þar sem nekt er opinberlega samþykkt á Vesturlöndum hefur blæjan sætt útilokun en berskjöldun notið samþykkis. Þannig tók franska ríkið ekki gagnrýni á kynferðislegri berskjöldun til nánari athugunar á sama tíma og blæjur voru bannaðar með lögum (Scott, 20007). Valfrelsið, sem á að liggja til grundvallar vestrænum þjóðfélögum, þar með talið á Íslandi; er því frelsi sumra en ekki allra. Konur Vesturlanda hafa frelsi til að bera sig en ekki hylja. Meint val kvenna til beggja kyngerva takmarkast þannig og er stýrt af þeim forsendum sem liggja til grundvallar og móta hvert samfélag. Líkt og samfélagið er manneskjan val hennar og tækifæri háð stoðkerfum sérhverrar menningar sem reist er á efnahagslegum og pólitískum þáttum (Hirschmann, 2006). Valfrelsi kvenna eru þannig settar ákveðnar skorður sem eru bundnar af kyni og tvinnaðar mismunarbreytunum sem móta kyngervi þeirra.

Konur sem hingað flytja eru ekki tilgreindar í stefnumótun fyrir fjölpjódasamfélagið á Íslandi líkt og fram kom hér að framan í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda (2007). Þær sæta jaðarsetningu á grundvelli þjóðernis, trúar og útilokunar á grundvelli kyns. Með öðrum orðum þá veldur samtvinnun þeirra mismunarbreyta sem mótar félaglega stöðu kvennanna tálmanir í aðgengi þeirra að samfélaginu og jafnframt að leikreglum þeirra valdaása sem móta stöðu þeirra. Konurnar eiga því litla möguleika á að hafa áhrif á mótun á stöðu sína í íslensku samfélagi.

Jaðarsetning og útilokun eru birtingamyndir undirokunar. Undirokun er eins og önnur félagsleg fyrirbrigði háð stöðugum breytingum (Hill-Collins, 1990/2000). Formgerð valdatengsla lýtur sífelldum breytingum sem í gegnum söguna hafa miðast að því að viðhalda stigveldinu og yfirráðum hvítra, gagnkynhneigðra karla (Scott, 1988/1999, 1996,; Smith, 2005). Í samfélagi nýfrjálshyggjunnar varð til ný tegund undirokunar sem fólst í táknrænni „innlimun“ jaðarhópa, eða samþykki á misskiptingu samfélagslegra gæða í nafni fjölbreytileika og valfrelsi einstaklingsins. Þrátt fyrir boðað valfrelsi gat kerfi nýfrjálshyggjunnar og nýkapítalismans af sér pólitíska óvirkni sem kom í veg fyrir raunverulegar félagslegar úrbætur (Hill-Collins, 1990/2000; Smith, 2005).

## **V. Niðurstöður og umræða**

Ísland hefur (a.m.k. þar til fyrir skemmstu) verið talið til ríkustu þjóða heims. Staðsetning landsins í Norður-Evrópu og almenn velmegun gerir það að verkum að landið er ofarlega í stigveldi þjóðanna. Lýðræðið er jafngamalt sjálfstæði landsins. Femínísk gagnrýni á lýðræði hefur einkum beinst að því að allir hópar þjóðfélaga hafi ekki jafna möguleika á þátttöku í lýðræðinu. Stigveldi innan og á milli hinna lýðræðislegu ríkja, sem byggjast á efnahaglegum styrk, hafi haldist í höndum fárra hvíttra karla (Scott, 1988/1999; Hill-Collins, 1990/2000; Philips, 1991; Young, 2002; Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006; Ali, 2007/2008).

Stigveldið innan ríkjanna er viðhaldið og styrkt með aðstoð laga og (leik)reglna. Stefna ríkisstjórnar Íslands um aðlögun innflytjenda er dæmi um slíka leikreglu. Stefnan fjallar um valin sjónarmið ráðandi samfélagshóps og útilokar þar með önnur sjónarmið. Útilokun er eitt form undirokunar. Undirokun er hér skilgreind sem kerfisbundin útilokun samfélagshóps eða hópa að þátttöku í þjóðfélaginu og heftu aðgengi þeirra að samfélagslegum auðlindum. Pólítískri undirokun er m.a. komið á framfæri með lögum og reglum (Hill-Collins, 1990/2000), líkt og stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Nytja- og þjóðernisstefna skýrslunnar útilokar hagsmuni annarra hópa en þeirra sem eru ráðandi og undirbyggir þar með óbreytt valdatengsl. Á meðan eru hagsmunir og kröfur jaðarhópa, líkt og jafnrétti, ekki til umræðu. Hugmyndir um algildi einnar menningar byggjast á útilokun á annarri menningu og á þennan hátt er valdatengslum viðhaldið. Jafnframt þjóna reglur af þessu tagi þeim tilgangi að varðveita menningarlega einsleitni (Scott, 1996; Hill-Collins, 1990/2000).

Við fjölgun innflytjenda til Íslands hefur menningarlegt landslag þess breyst. Þau kyngervi kvenna (af erlendum uppruna) sem hér var fjallað um undir nöfnunum blæja og berskjöldun í kafla IV.2 og IV.3 tilheyra innflytjendum á Íslandi og hafa þannig borist til landsins með hnattvæðingunni. Kyngervin eiga rætur í mismunandi menningum en flytjast frá einni menningu til annarrar með hnattvæðingunni eins og greint var frá í kafla III.3 (Scott, 1988/1999). Kyngervin eru tvinnuð af mismunandi breytum. Þannig er blæjan t.d. samtvinnun kyns, trúar og þjóðar og berskjöldun samtvinnun kyns, þjóðar og stéttar svo eitthvað sé nefnt. Bæði kyngervi sæta undirskipun á valdaásam samfélagsins og pólítísk útilokun þeirra heldur konunum sem kyngervin bera frá möguleikum á

samfélagsþátttöku. Kyngervin hamla því möguleika kvennanna líkt og New (2004) benti á. Breytan kyn liggur til grundvallar í samtvinnun og undirskipun beggja kyngerva enda sú breyta sem gengur þvert á allar aðrar breytur í mótun manneskju og sætir mestum takmörkunum (Scott, 1988/1999; Verloo, 2006). Bæði kyngervin sæta undirskipun á grundvelli kynsins sem vísað er í og endurspeglast í kyngervi þeirra. Hin menningarleg túlkun á kvenkyni, kyngervi kvennanna, er ólíkt. Kyngervin eru tjáð með berskjöldun eða blæju og vísa í sitthvora, aldagömlu ímyndina; fósturuna og frilluna, sem á sitthvorn hátt fjalla um samfélagslega hagnýtingu á kynverund kvenna. Með öðrum orðum hverfist túlkunin á kyni og samtvinnun þeirra breyta sem móta kyngervin um kynverund kvenna (Hill-Collins, 1990/2000) sem fóstur eða frillur.

Kyngervin blæja og berskjöldun eiga sambærilega birtingamyndir í sögu íslenskra kvenna. Þannig klæddust íslenskar konur efnismiklum fatnaði og voru jafnvel með höfuðföt, t.d. slæður, fram á 20. öld. Viðurkennt hlutverk þeirra var (hús)móðurhlutverkið sem jafnframt var útfært sem hugmyndafræðileg og pólitísk stefna (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Í kringum síðari heimsstyrjöld tók klæðaburður íslenskra kvenna stakkaskiptum sem hér á landi. Íslenskar konur breyttust úr fósturum í frillur og skiptu vaðmálinu út fyrir netsokka. Ástandsárin mörkuðu upphafið á þeirri þróun sem síðar leiddi til normaliseringar á (hálf)strípaðri kynverund kvenna, eða berskjöldun, með nýkapítalismannum. Berskjöldun fellur því á vissan hátt inn í íslenskt norm og er talið óáreitt, á meðan blæjan sem andstæða normsins og einsleitinnar veldur usla. Kyngervin eru mismunandi staðsett á hinum félagslegu valdaásam íslensks samfélags. Kyngervi allra kvenna á Íslandi eru frávik frá viðmiðinu sem er hinn hvíti, íslenski, gagnkynhneigði karl. Með skilgreiningu á kyngervunum, greiningu á mismunarbreytunum og félagslegri staðsetningu kvennanna er mögulegt að storka viðmiðinu, mynda svigrúm til breytinga og loks: Breyta viðmiðinu.

Flokkarnir mismunarbreytanna eru ekki endanlegar enda aðferðafræðin í mótun og jafnframt er gengið út frá því að hið félagslega ferli sé breytilegt. Flokkarnir breyta í samtvinnun eru víðtækar með það að leiðarljósi að skapa samstöðugrundvöll fyrir hópa og eru þannig svar við hugmyndum póstmóðernista um sérstæði hvers og eins sem rímaði við einstaklingshyggju nýkapítalismans (Hill-Collins, 1990/2000; Yuval-Davis, 2006).

Hugmyndafræði nýkapítalismans sem hefur verið ríkjandi á Vesturlöndum síðustu áratugi hefur ekki einskorðast við yfirlýsta nýkapítalista heldur virðist hafa smogið inní menningu og hugmyndir skilgreindra jaðarhópa sem endurspeglast í kyngervinu og réttlætingu þess.

Fulltrúar kyngervis berskjöldunar og blæju lögðu jafna áherslu á valfrelsi einstaklingsins til þess að bera sig eða hjúpa, en ekki var minnst á valmöguleika á andstæðu kyngervi eða annarskonar breytingum. Hugtakið valfrelsi virðist því gildishlaðið og útilokandi eftir því hver beitir því sem bendir enn frekar til þess að þörf sé á uppstökkun hugtaka, gilda og viðmiða. Við rýni í sögulega framvindu sem knúin er af efnahagslegum og pólitískum þáttum virðist einnig ljóst að meint val manneskju er alltaf mótað af samtvinnun innri og ytri þátta samfélagsins. Þær efnahagslegu, pólitísku og trúarlegu forsendur sem móta samfélögin móta jafnframt alla þætti manneskju; þar með talið val hennar og ákvarðanir (Friedman, 2006; Hirschmann, 2006). Þar sem val er menningarleg mótun líkt og aðrir þættir mannlegra samfélaga er það ekki föst stærð heldur breytileg. Í verkefninu var leitt að því líkum að valfrelsi einstaklingsins sem haldið var á lofti af nýfrjálshyggjuni byggist á afneitun á vægi annarra félagslegra þátta sem hafa áhrif á mótun manneskju og samfélagslega stöðu hennar. Valdatengslin eru samtvinnuð nútímahugmyndum um valfrelsi. Þannig er val kvenna byggt á þeim kynjuðu valdatengslum og formgerð sem liggur til grundvallar í samfélaginu. Rými manneskju til að hafa áhrif í mótun á eigin stöðu liggur til grundvallar öllum lýðræðislegum þjóðfélögum. Sjálfskilgreining kvenna skapaði stoðir kvennahreyfingarinnar og jafnframt þann grunn sem femínísk fræði byggja á líkt og fram kom í kafla III um fræðileg sjónarhorn (Þorgerður Einarsdóttir, 2004; Smith, 2005). Vald til sjálfskilgreiningar er lykillinn að breyttu hugarfari en aðeins samstaða heildarinnar getur getið af sér varanlegar breytingar (Hill-Colins, 1990/2000).

Sá pólitíski og hugmyndafræðilegi byrjunarreitur sem Ísland stendur á í málefnum innflytjenda býður upp á mikla möguleika. Með aðferðafræði samtvinnunar er unnt að vinna bug á ónæmi gagnvart mismunarbreytunum sem opinber umfjöllun í málefnum innflytjenda hefur einkennst af. Kenningar samtvinnunar veita rými til aðferðaþróunar og leiða í pólitískri stefnumótun. Dýnamískir eiginleikar mismunarbreytanna og fjölþættir möguleikar á samtvinnun þeirra gefa margbreytileika meðal fólks rými og njörva því ekki

manneskjur undir stöðluð formerki. Um leið felur breytuflokkunin í sér möguleika á samstöðu hópa (Yuval-Davis, 2006). Í útfærslu á stefnumótuninni er nauðsynlegt að allir samfélagshópar komi að smíðum leikreglna þjóðfélagsins og að leikreglum lýðræðisins sé framfylgt í framkvæmdarferlinu (Young, 2000/2002; Ali, 2007/2008). Stefnan sjálf þarf að fela í sér meðvitund um og vinna gegn pólitískri samkeppni mismunarbreytanna eða hópanna sem fjallað er um (Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006). Stefnumótunin verður að vera partur af stærra ferli, eða hluti heildarstefnumótunar samfélagsins þannig að fólkið sem reglur og stefnur landsins fjallar um, hafi jafna félagslega möguleika og allar aðrar manneskjur samfélagsins. Á þennan hátt skapast tækifæri til að vinna að markvissri upprætingu á mismunun á öllum sviðum samfélagsins (Okin, 1999; Hill-Collins, 1990/2000; Verloo, 2006; Yuval-Davis, 2006).

## VI. Heimildaskrá

- Ali, A. H. (2008). *Frjáls* (Árni Snævarr þýð.) Reykjavík: Veröld (Upphaflega gefin út 2007).
- Andersen, M. L. (2006). *Thinking about Women. Sociological perspectives on sex and gender* Jeffrey Lasser (ritstj.) USA: Pearson.
- Árni Böðvarsson (ritstj.) (1985). *Íslensk Orðabók* Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Beutin, W., Ehlert, K., Emmerich, W., Hoffacker, H., Lutz, B., Meid, V., Schnell, R., Stein, P. & Stephan, I. (1984). *Deutsche Literatur Geschichte, Von den Anfängen bis zur Gegenwart* Stuttgart: J.B. Metzlersche Verlagsbuchhandlung. (Upphaflega gefin út 1979).
- Booth, C. og Bennett, C. (2002). „Gender Mainstreaming in the European Union – Towards a New Conception and Practice of Equal Opportunities?“ *The European Journal of Women’s Studies*, 9, 430-446
- Bordo, S. (1990). „Feminism, Postmodernism and Gender-Scepticism“ Í L. Nicholson (ritstj.) *Feminism/Postmodernism*. London: Routledge
- Bowen, J. R. (2007). *Why the French don’t like Headscarve - Islam, the State, and Public Space* Princeton and Oxford: Princeton University Press.
- Breskar múslimakonur hvattar til að hætta að bera höfuðklúta (2005, 3 ágúst). *Morgunblaðið Sótt* 3 nóvember 2008 af [http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/2005/08/03/breskar\\_muslimakonur\\_hvattar\\_til\\_ad\\_haetta\\_ad\\_bera/](http://www.mbl.is/mm/frettir/erlent/2005/08/03/breskar_muslimakonur_hvattar_til_ad_haetta_ad_bera/)
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Hólmsfríður Lydía Ellertsdóttir & Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2001 *Vændi á Íslandi og félagslegt umhverfi þess. Áfangaskýrsla* Reykjavík f.h. Dómsmálaráðuneytisins: Rannsóknir & greining. Sótt 3 apríl 2009 af: [http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Vandi\\_a\\_islandi.pdf](http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Vandi_a_islandi.pdf)
- Bryson, V. (2003) *Feminist Political Theory: An Introduction, Second Edition* Great Britain: Palgrave Macmillan. (Upphaflega gefin út 1992).
- Butler, J. (2007) *Gender Trouble: Feminism and the Subversion of Identity* UK: Routledge. (Upphaflega gefin út 1990).

- Büyükcelebi, Í. (2005). *Living in the Shade of Islam* New Jersey: Light.
- Chambon, A.S., Irving, A. & Epstein. L. (ritstj.) (1999). *Reading Foucault for social work* New York: Columbia University Press.
- Connell, R.W. (1995). *Masculinities* Cambridge, UK: Politiy Press.
- Crenshaw, K. (1994). „Intersectionality and Identity Politics: Learning from Violence against Women of Colour.“ Í Martha Albertson Fineman, Rixanne Mykitiuk (ritstj.) *The Public Nature of Private Violence*. New York: Routledge
- Dagný Kristjánsdóttir (2005). „Karlur í krapinu. Um kynjamyndir og karlmennsku á eftirstríðsárunum.“ Í Eiríkur Guðmundsson og Þröstur Helgason (ritstj.), *Engill tímans* (bls. 189-199). Reykjavík: JPV útgáfa.
- De Beauvoir, S. (1984). *The Second Sex* (H.M. Parshley þýð. og ritstj.) Harmondsworth, Middlesex, England: Penguin Books Ltd. (Upphaflega gefin út 1949).
- Doezema, J. (2000). Loose Women or Lost Women? The re-emergence of the myth of „white slavery“ in contemporary discourses of „trafficking in women“ *Gender Issues* 18(1) 1-33. Sótt í janúar 2008 af <http://www.walnet.org/csis/papers/doezema-loose.html>
- Doezema, J. (2005). Now You See Her Now You Don't: Sex Workers at the UN Trafficking Protocol Negotiation *Social and Legal Studies* 14(1) 61-89. Sótt í janúar 2008 af <http://sls.sagepub.com/cgi/content/refs/14/1/61>
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (á.á.). *Úrskurður vegna kæru á synjun sýslumanns um rekstrarleyfi* Sótt 7 mars 2009 af [http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/veitingastadir\\_gististadir\\_s kemmtanahald/Upplýsingar/nr/6478](http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/veitingastadir_gististadir_s kemmtanahald/Upplýsingar/nr/6478)
- Drífa Snædal (2003). „Kynlífsmarkaður í mótun“ *Skýrsla rannsóknarverkefnis Reykjavíkurborgar*. Sótt af 4 apríl 2009 af [http://www.rvk.is/upload/files/Kynl%C3%ADfsmarka%C3%B0ur\(1\).pdf](http://www.rvk.is/upload/files/Kynl%C3%ADfsmarka%C3%B0ur(1).pdf)
- Einhorn, B. (1993). *Cinderella Goes to Market: Citizenship, Gender and Womens Movements in East Central Europe* London & New York: Verso.
- Einhorn, B. (2006). *Citizenship in an Enlargening Europe, From Dream to Awakening* Hampshire and New York: Palgrave Macmillan.



- Elísabet Þorgeirsdóttir (ritstj.) (2001). „Kynlífsþrælar á Íslandi“ Í *Vera– Kynlífsþrælar á Íslandi* 2001 2. Reykjavík: Verurnar ehf.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir (2007). „Fjölmenningarfræði“ Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmenning á Íslandi* (bls.17-40) Ísland: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Enloe, C. (2000). *Bananas Beaches and Bases - Making Feminist sense of International Politics* London: University of California Press Ltd, London. (Upphaflega gefin út 1989).
- Fatafellurnar eru komnar til að vera (1996, 24 apríl) *Helgarpósturinn* Sótt 20.04.09 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=234011&pageId=3194682&lang=is&q=nektardansstaðir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=234011&pageId=3194682&lang=is&q=nektardansstaðir)
- Félagsmálaráðuneytið (2007). „Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda“ Sótt í janúar 2007 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/adlogun/nr/3299>
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (á.á.). „Jafnrétti kynjanna í tölum 2009“ Sótt í apríl 2009 af: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefing-efni/nr/4169>
- Femínistafélag Íslands (á.á.) *Afbrigði af fegurð* Sótt í maí 2009 af <http://www.feministinn.is/myndir/fegurdmai03/fegurdmai03.htm>
- Fjallkonan.is (á.á.) *Þvottalaugarnar í Laugardal* Sótt í apríl 2009 af [http://www.fjallkonan.is/1874/s\\_thvottalaugar.html](http://www.fjallkonan.is/1874/s_thvottalaugar.html)
- Foucault, M. (1990). *The History of Sexuality. Volume I: An Introduction* (Robert Hurley þýddi) New York: Vintage Books, A Division of Random House, Inc (Upphaflega gefin út 1978).
- Friedman, M. (2006). „Nancy J. Hirschmann on the Social Construction of Women’s Freedom“ *Hypatia* 21(4) 182-191
- Frjálslyggjufélagið (á.á.). „Siðferðismál“ *Stefna* Sótt 20 apríl 2009 af <http://www.frjalslyggja.is/?gluggi=stefnumal&nafn=stefnumal/sidferdismal>
- Guðný Guðbjörnsdóttir (2006). „Er leiðtogahlutverkið kynjað?“ Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* Reykjavík: Félagsvísindastofun Háskóla Íslands.

- Hagstofa Íslands (2007). *Hagtíðindi, Statistical Series* sótt 05 apríl 2009 af:  
<https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=7281>
- Hagstofa Íslands (á.á.a) „Mannfjöldi eftir ríkisfang, kyni og aldri 1. desember 2006-2008“ *Mannfjöldi - Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa* Sótt 8 janúar 2008 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hagstofa Íslands (á.á.b) „Kyn framkvæmdarstjóra og stjórnarmanna eftir stærð fyrirtækja 1999-2007“ *Fyrirtæki og velta* Sótt 4 apríl 2009 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Fyrirtaeki-og-velta/Fyrirtaeki>
- Hagstofa Íslands (á.á.c) „Frambjóðendur og kjörnir þingmenn eftir kyni“ *Kosningar-Alþingiskosningar* sótt 4 apríl 2009 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Kosningar/Althingiskosningar>
- Hagstofa Íslands (á.á.d) „Mannfjöldi eftir trúfélögum 1990-2008“ *Mannfjöldi - Trúfélög* Sótt 7 apríl 2009 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Trufelög>
- Hagstofa Íslands (á.á.e) „Regluleg laun af almennum vinnumarkaði eftir starfstétt og kyni 1998-2008“ *Laun, tekjur og vinnumarkaður* Sótt í maí 2009 af <http://hagstofa.is/Hagtolar/Laun,-tekjur-og-vinnumarkadur/Laun>
- Halla Gunnarsdóttir (2008). *Slæðusviptingar, Raddir íranskra kvenna* Reykjavík: Salka.
- HBO (á.á). *Sex and the City* Sótt í maí 2009 af <http://www.hbo.com/city/>
- Hanna Ragnarsdóttir (2007). „Fjölmenningarfræði“ Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmenning á Íslandi* (bls. 17-40). Ísland Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Helgi Hálfðánarson (þýð.) (2003). *Kóran* Reykjavík: Mál og Menning. (Upphaflega gefin út 1993).
- Herdís Helgadóttir (2001). *Úr Fjötrum, Íslenskar Konur og Erlendur Her* Reykjavík: Mál og Menning.
- Hill-Collins, P. (2000). *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness, and the Politics of Empowerment* London: Routledge. (Upphaflega gefin út 1990).
- Hirschmann, N. (2006). „Symposium on Nancy J. Hirschmann 's The Subject of Liberty: Toward a Feminist Theory of Freedom“ *Hypatia* 21(4) 178-181
- Hrafn Jökulsson og Bjarni Guðmarsson (1989). *Ástandið: mannlíf á hernámsárum* Reykjavík: Tákn.

Hæstiréttur (2002) dómur: 542/2002 Sótt í janúar 2009 af

<http://www.haestirettur.is/domar?nr=1247>

Íris Ellenberger (2007). „Hagsælda hrímhvíta móðir“ *Hugsandi* Sótt 18 desember 2008 af

<http://hugsandi.is/?s=hags%C3%A6lda+hrimhv%C3%ADta>

Jón Ormur Halldórsson (1993). *Islam, Saga Pólítískra Trúarbragða*, Reykjavík:

Heimskringla.

Jón Magnússon (2006, 1 nóvember). Ísland fyrir Íslendinga *Blaðið* bls. 11

Keddie, N. R. (2000) „Women in Iran since 1979“ *Social Research* 67(2) 405-438

Keddie, N. R. (2007). *Women in the Middle East, Past and Present* Princeton og Oxford:

Priceton University Press.

Knapp, G-A (2005). „Race, Class, Gender – Reclaiming Baggage in Fast Travelling

Theories “ Í *European Journal of Women’s Studies*, 12(3), 249-265

Kollontai, A. (1975). *Die Situation der Frau in der gesellschaftlichen Entwicklung.*

*Vierzehn Vorlesungen vor Arbeiterinnen und Bäuerinnen an der Sverlov-*

*Universität 1921* Claudia Sterberg (þýddi) Tilman Fichter (ritstj.) Verlag

Neue Kritik

Kristín Ástgeirsdóttir (2006). „Þar sem völdin eru, eru konurnar ekki“ Í Hrefna

Róbertsdóttir og Páll Björnsson (ritstj.) *Saga, tímarit sögufélags XLIV 2006*

(bls.7-49) Reykavík: Sögufélagið.

Kristín Loftsdóttir (2001). „Hvað er hnattvæðing“ *Vísindavefurinn* 15 mars 2001 Sótt í

janúar 2008 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=1380>

Levy, A. (2006). *Female Chauvinist Pigs, Women and the Rise of Raunch Culture*

Berkshire, Great Britain: Cox & Wyman Ltd, Reading. (Upphaflega gefin út

2005).

Lynggard, T. (ritstj.) (2002) „Bodies across borders – prostitution and trafficking in

women, *NIKK magasin* 2002 1

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 Sótt 4. apríl 2009 af

<http://www.althingi.is/lagas/135a/2000096.html>

Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 Sótt 22 apríl 2009 af

<http://www.althingi.is/altext/stjt/2007.085.html>

- Magnús Þ. Bernharðsson (2007). „Um hlutverk trúarbragða í fjölmenningsamfélögum“ Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.) *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 43-54). Ísland: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (á.á.a). *Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum* Sótt 3 apríl 2009 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/cedaw>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (á.á.b). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna* Sótt 3 apríl 2009 af <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands (e.d.c). *Evrópuráðið Vefslóð:* <http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/evropuradid/>
- Marshment, M. (1997). „The Picture is Political: Representation of Women in Contemporary Culture“ Í Robinson, Victoria og Diane Richardson (ritstj.) *Introducing Women's Studies* (bls. 125-151) London: MacMillan Press Ltd.
- Martin, S. F. (2004). *Refugee Women USA*: Lexington Books. (Upphaflega gefin út 2003).
- Marx, K. & Engels, F. (1986) *Das Kapital – Kritik der politischen Ökonomie* Berlin: Dietz Verlag. (Upphaflega gefin út 1867).
- Mill, J. S. (2003). *Kúgun Kvenna* (Sigurður Jónasson þýddi) Vilhjálmur Árnason, Ólafur Páll Jónsson (ritstj.) Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag. (Upphaflega gefin út 1869).
- Nektardansinn dunar enn (2002, 24 júní) *Fréttablaðið* Sótt 20 apríl 2009 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=148433&pageId=2132760&lang=is&q=nektardansstaðir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=148433&pageId=2132760&lang=is&q=nektardansstaðir)
- New, C. (2004) „Sex And Gender: A Critical Realist Approach“ Í *New Formations* 54-70
- Okin, S. M. (1999). *Is Multiculturalism Bad for Women?* Joshua Cohen, Mathew Howar og Martha Nussbaum (ritstj), Princeton , New Jersey: Princeton University Press.
- Parreñas, R. S. (2005). *Children of Global Migration – Transnational Families and Gendered Woes*. Stanford: Stanford University Press.

- Pateman, C. (1989). *The Disorder of Women* Marston Oxfordshire UK: Lindsay Ross International Ltd.
- Philips, A. (1991). *Engendering Politics* Pennsylvania State: University Press.
- Pickthall M.M. (þýð) (á.á.) *The Glorious Quaran* Pakistan: Idaratul Quaran
- Samtök Atvinnulífsins (2007). „Greinargerð um horfur í efnahagsmálum – október 2007“  
*Efnahags- og skattamál* Sótt 20 apríl 2009 af <http://www.sa.is/frettir/efnahags-og-skattamal/nr/3943/>
- Scott, J. W. (1999). *Gender and the Politics of History*. Í C. G. Heilbrun og N. K. Miller (ritstj.). New York: Columbia University Press. (Upphaflega gefin út 1988).
- Scott, J. W. (1996). „Gender: A Useful Category of Historical Analysis“ Í *Feminism & History* (bls. 152-180), J.W. Scott (ritstj.). Oxford, New York: Oxford University Press.
- Scott, J.W. (2007). *Politics of the Veil* Princeton, Oxford: Princeton University Press.
- Seðlabanki Íslands (2001). „Niðurstæða sendinefndar í lok viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda 18. janúar 2001“ *Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn* 18 janúar 2001 Sótt í maí 2008 af <http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=606>
- Sigríður Th. Erlendsdóttir (1993). *Veröld sem ég vil, Saga Kvennréttindafélags Íslands 1907-1992* Reykjavík: Kvennréttindafélag Íslands.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir (1997). „Til færri fiska metnar: Hlutur Kvennréttindafélags Íslands í kjarabaráttu kvenna 1920-1960“ Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.) *Íslenskar kvennarannsóknir 1995* (bls. 279-289), Reykjavík: Háskóli Íslands & Rannsóknarstofa í kvennafræðum.
- Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur – þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (2001). *Kvenna megin* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (2002a). „Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?“ *Vísindavefurinn* Sótt í janúar 2008 af Vefslóð:  
<http://www.visindavefur.hi.is/index.asp?id=2974>
- Sigríður Þorgeirsdóttir (2002b). „Um meintan dauða femínismans“. Í *Ritið2/2002, Tímarit Hugvísindastofnunar* (bls. 77-101). Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Smith, D. E. (2005). *Institutional Ethnography, A Sociology for People USA*: AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland nr. 33/1944 Sótt 22 apríl 2009 af <http://www.althingi.is/lagas/136a/1944033.html>
- Sveinn Guðmarsson (2006). „Hvað liggur á bak við deilur Íraks og Írans? Hvert er ástandið nú og hverjar eru horfurnar?“ *Vísindavefurinn* Sótt 04 apríl 2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6000>
- Tamimi, S. (2003). *Ársskýrsla Félags Múslima á Íslandi 2003* sótt 1 nóvember 2008 af <http://www.islam.is/podlinki/menu/a.pdf>
- Taylor, S. J. & Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods, A Guidebook and Resource USA*: John Wiley & Sons, Inc. (Upphaflega gefin út 1997).
- The Treaty of Amsterdam* nr. 13/1999 Sótt í janúar 2009 af [http://eurlex.europa.eu/en/treaties/dat/12002E/htm/C\\_2002325EN.003301.html#anArt14](http://eurlex.europa.eu/en/treaties/dat/12002E/htm/C_2002325EN.003301.html#anArt14)
- Tickner, J. A. (2001). *Gendering World Politics* New York: Columbia University Press.
- Tschechowa, O. (1956). *Kvenleg Fegurð* (Ásta Johnsen þýð.). Reykjavík: Bókaútgáfan Setberg S-F.
- UNIFEM á Íslandi (2002). „Nær kynlífsþrælkun til Íslands“ *Ofbeldi gegn konum* sótt 20.04.2009 af [http://www.unifem.is/unifem/index.php?option=com\\_content&task=view&id=45&Itemid=38](http://www.unifem.is/unifem/index.php?option=com_content&task=view&id=45&Itemid=38)
- Upplýsingamiðstöð Sameinuðu Þjóðanna fyrir Norðurlönd (á.á.) Sótt í febrúar 2008 af [http://www.un.dk/icelandic/Briefing\\_papers/Globalization/frame.htm](http://www.un.dk/icelandic/Briefing_papers/Globalization/frame.htm)
- Utanríkisráðuneytið (2009). *Varnarsamningur* Sótt í janúar 2008 af [http://www.utanrikisraduneytid.is/media/Varnarmal/Varnarsamningur\\_isl.pdf](http://www.utanrikisraduneytid.is/media/Varnarmal/Varnarsamningur_isl.pdf)
- Valur Ingimundarson (2002). „Sögulegt minni og pólitískt vald, herinn og (kven)þjóðin á kaldastríðstímanum“ Í Erla Hulda Halldórsdóttir (ritstj.) 2. *íslenska söguþingið 30. maí-1. júní 200. Ráðstefnurit II* (bls. 342-61). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Söguþingið.

- Verloo, M. (2006). „Multiple Inequalities, Intersectionality and the European Union“ *European Journal of Women's Studies*, 13(3) 211-228
- Vilborg Sigurðardóttir (2001). „Vitund vaknar – augu opnast: Rauðsokkahreyfingin 1970-1975“ Í Anna Agnarsdóttir (ritstj.) *Kvennaslóðir* (bls. 476-492). Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Vændi varðar alla 25.03 2001 *Morgunblaðið* Sótt 19 apríl 2009 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=249107&pageId=3392233&lang=is&q=nektardansstaðir](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249107&pageId=3392233&lang=is&q=nektardansstaðir)
- Wolf, N. (2002). *The Beauty Myth – How Images of Beauty Are Used Against Women*, NY: Harper Perennial. (Upphaflega gefin út 1991).
- Young, I. M. (2002). *Inclusion and Democracy* Oxford, NY: Oxford University Press. (Upphaflega gefin út 2000).
- Yuval-Davis, N, & Werbner, P. (1999). Women and the New Discourse of Citizenship. Í N. Yuval-Davis og P. Werbner (ritstj.), *Women, Citizenship and Difference* (bls. 1-38). London og New York: Zed Books.
- Yuval-Davis, N. (2006). „Intersectionality and Feminist Politics“ *European Journal of Women's Studies*, 13 (3) 193-209
- Yuval-Davis, N. (2007). *Gender & Nation* Great Britain: SAGE Publications Ltd. (Upphaflega gefin út 1997).
- [www.mideastyouth.com](http://www.mideastyouth.com) (á.á.) sótt 7 apríl 2009 af <http://jadmadi.net/blog/wp-content/uploads/2006/11/hijab1.jpg>
- Þorgerður Einarsdóttir (2002). „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða?“ Í Guðni Elísson og Jón Ólafsson (ritstj.) *Ritið 2/2002, Tímarit Hugvísindastofnunar*. (bls. 9-36) Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorgerður Einarsdóttir (2004). „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu“ Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.) *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225), Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir (2006). „Kynjakerfið. Úrelding í auglýsing eða viðvarandi kynjahalli?“ Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VII*.

- Félagsvísindadeild* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorgerður Einarsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir (2007). „Gender Equality and the Intersectional Turn“ Í *Kvinder, Kön & Forskning* 16(1) 20-31
- Þorgerður Einarsdóttir og Guðný Gústafsdóttir (2008). „Innflytjendastefna ríkisstjórnarinnar í ljósi þegnréttar og kyngervis“ Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum – Félags- og Mannvísindadeild, Félagsráðgjafadeild, Sálfræðideild og Stjórn málafræðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2008* (bls. 345-356). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.
- Þorgerður H. Þorvaldsdóttir (2002). „Hreinlegur uppruni/upprunalegur hreinleiki“ Í Erla Hulda Halldórsdóttir (Ritstj.) *2. íslenska söguþingið 30. maí-1. júní 2000. Ráðstefnurit II* (bls. 342-61). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Söguþingið.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir (2007). „Jafnrétti fyrir alla“ Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*. (bls 403-414) Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.